



ÁRSSKÝRSLA 2024-2025

KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI



INNGANGUR FORMANNS



Stefán Jónsson
formaður KFUM og KFUK

Ágæta félagsfólk

KFUM og KFUK nýtur meðbyrs og velvildar í samfélaginu. Þátttaka í deildum, sumarbúðum, viðburðum og öðrum verkefnum er mjög góð. Þúsundir barna og ungmenna sækja þjónustu til félagsins. KFUM og KFUK snertir líf enn fleiri þúsunda séu fjölskyldurnar á bak við börnin taldar með. Við höfum fullt tilefni til að vera stolt af félaginu okkar og því umfangsmikla starfi sem það stendur fyrir.

Þetta kraftmikla starf, sem m.a. má lesa um í þessari skýrslu, væri ekki nema fyrir fúsar hendur allra þeirra sjálfboðaliða sem að fyrir því standa. Það ber að þakka.

Í stóru félagi þurfum við líka að horfast í augu við fjölmargar áskoranir. Þær stærstu snúa að starfsaðstöðunni, rekstri og viðhaldi húsnæðis. Enn á eftir að finna lausn á ónýta hluta höfuðstöðvanna á Holtaveginum. Í Kaldarseli þarf að endurbyggja elsta hluta skálans frá grunni. Í Vindáshlíð bíða stór viðhaldsverkefni, bæði á skálanum sjálfum og ípróttahúsinu. Í Ölveri er leikskálinn ónothæfur og nýtt ípróttahús á teikniborðinu. Í Vatnaskógi er nýr matskáli í byggingu.

Svona stórar áskoranir geta verið yfirpyrmandi. Því þurfum við félagsfólk að standa þétt við bakið á þeim sem leiða á hverjum stað og biðja fyrir verkefnunum. Þá minna orðin í 127. daviðsálmi okkur á fyrir hvern við störfum og að við stöndum aldrei ein:

„Ef Drottinn byggir ekki húsið erfiða smiðirnir til ónýtis. Ef Drottinn verndar eigi borgina vakir vörðurinn til ónýtis.“

Mörg undanfarin ár hafa verið í ársskýrslum félagsins vitnisburðir félaga í rammagreinum sem hafa borið heitið „Hvers virði er KFUM og KFUK mér?“. Vitnisburðirnir eru frá félagsfólki á öllum aldri og með allskonar bakgrunn.

Öll eiga þau sammerkt að KFUM og KFUK hefur treyst þeim fyrir ýmsum hlutverkum og gefið þeim rými til að vaxa og eflast. Félagið hefur mótað og markað líf þeirra. Flest minnast á það trúarlega uppeldi sem þau fengu og vitna um trúna á Jesúm Krist, en minnast líka á samfélagið og vinina sem þau hafa eignast á vettvangi félagsins.

Sá sem þetta ritar getur líka vitnað um það sama, var ungum treyst fyrir ýmsum verkefnum, sem reynt var að leysa af fúsleik og gleði. Að fá að leggja starfi í Guðsríki lið eru mikil forréttindi. Mér finnst ég vera ríkur af þeim sökum.

Í Filippíbréfinu 4 kafla standa þessi orð:

„Að endingu, systkin, allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dygd og hvað sem er lofsvert, hugfestið það.“

Felum okkur Guði á vald og þá mun okkur farnast vel.

Stefán Jónsson
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

EFNISYFIRLIT

1.	Forysta KFUM og KFUK.....	6	9.	Húsnæði og starfsaðstaða.....	36
2.	Æskulýðsstarf	12	10.	Starfsstöðvar KFUM og KFUK.....	39
3.	Leikjanámskeið	17	11.	Vatnaskógur	40
4.	Leiðtogaþjálfun	18	12.	Vindáshlíð.....	46
5.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf.....	22	13.	Ölver	53
	5.1 AD KFUM og KFUK	22	14.	Kaldársel	58
	5.2 Ljósbrott, kvennakór KFUK.....	23	15.	Hólavatn	62
	5.3 Karlakór KFUM	24	16.	KFUM og KFUK á Akureyri.....	64
	5.4 Basar KFUK.....	24	17.	KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.....	66
	5.5 Jól í skókassa	25	18.	KFUM og KFUK á Suðurnesjum.....	68
	5.6 Sportfélag KFUM og KFUK	26	19.	Vinagarður.....	70
6.	Alþjóðastarf	28	20.	Vinasetrið Kaldárseli	74
7.	Innlend samstarfsverkefni.....	32			
8.	Útgáfu- og kynningarmál.....	34			

NAFNID SEGIR HVER VIÐ ERUM

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félaga-samtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.

U

Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



MERKIÐ UNDIRSTRIKAR MARKMIÐIÐ

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.



HLUTVERK

Hlutverk KFUM og KFUK er mannrækt á kristnum grunni, til líkama, sálar og anda. Við viljum efla æsku landsins, styrkja og byggja upp ungmenni, svo trúin á Jesú Krist og þau lífsgildi sem henni fylgja sé hluti af þeim og vegvísir á lífsins göngu.



STOFNAÐ 1899

KFUM var stofnað 2. janúar 1899 og KFUK var stofnað 29. apríl sama ár. Fyrstu fundir félagsins voru haldnir í sal á efri hæð hegningarhússins við Skólavörðustíg. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlarkórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi.

FJÖLBREYTNÍ EINKENNIR STARFIÐ

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarþúðir, höldum úti æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vínagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk tveggja félagsheimila á landsbyggðinni.



ÆSKULÝÐSSTARF



VATNASKÓGUR



KALDÁRSEL



LEIÐTOGAÞJÁLFUN



SUMARÞÚÐIR



ÖLVER



LEIKJANÁMSKEIÐ



HÓLAVATN



ALÞJÓÐLEG HREYFING



FERMINGARNÁMSKEIÐ



VIÐBURÐIR



SÆLUDAGAR



JÓL Í SKÓKASSA



LEIKSKÓLI



VINDÁSHLÍÐ



FULLORÐINSSTARF



FYRIR FJÖLSKYLDUR

1. FORYSTA KFUM OG KFUK

Aðalfundur 2024

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 6. apríl 2024 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Stefán Jónsson formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Frú Agnes Sigurðardóttir biskup flutti hugvekjú og bæn áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson og fundarritarar voru Andrea Anna Arnardóttir og Ingi Bogi Bogason. Í kjörnefnd voru Auður Pálsdóttir og Guðni Már Harðarson. Á fundinum voru Bjarni Árnason og Nína Björk Þórsdóttir samþykkt sem skoðunarmenn reikninga.

Stjórn félagsins

Í stjórninni 2024–2025 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Stefán Jónsson, formaður
Arna Ingólfssdóttir, varaformaður
Hilmar Jónsson, ritari
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Gunnar Magnús Sandholt, meðstjórnandi
Klara Valdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir, meðstjórnandi
Linda Sjöfn Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Gunnar Þór Pétursson, varamaður
Lára Ruth Clausen, varamaður

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Stjórnin skipti sjálf með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Á aðalfundinum var samþykkt breyting á þremur greinum í lögum félagsins. Grein 3.b var breytt svo einstaklingar þurfi ekki að vera orðnir 18 ára til að



Stefán Jónsson



Arna Ingólfssdóttir



Hilmar Jónsson



Sigurður Erlingsson



Gunnar Magnús Sandholt



Klara Valdís Þórhallsdóttir



Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir



Linda Sjöfn Sigurðardóttir



Gunnar Þór Pétursson



Lára Ruth Clausen

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



gerast fullgildir félagar, heldur nægi að verða 18 ára á árinu. Grein 4.b. var umorðuð svo hún gerði ráð fyrir fleiri en tveimur kynum, án þess að breyta hlutverki sínu að tryggja kynjajafnvægi í stjórn. Þá var grein 6.g breytt svo félagar þurfa ekki að hafa verið tvö ár skráðir sem fullgildir félagar áður en þeir geta gefið kost á sér til stjórnarsetu.

Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skiptir með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórna og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Stefán Jónsson,
Arna Ingólfssdóttir, Ölver
Hilmar Jónsson,
Sigurður Erlingsson, Leikskólinn Vinagarður
Gunnar Magnús Sandholt, Vatnaskógur
Klara Valdís Þórhallsdóttir, Vindáshlíð
Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir, Kaldársel
Linda Sjöfn Sigurðardóttir, KFUM og KFUK Suðurnes
Gunnar Þór Pétursson, KFUM og KFUK Akureyri og Hólavatn
Lára Ruth Clausen, KFUM og KFUK Vestmannaeyjum

Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 10 stjórnarfundum og eru tveir að auki á dagskrá fram að boðuðum aðalfundi 12. apríl 2025.

Fundirnir voru allir haldnir í félagshúsinu Holtavegi 28, kl. 17:15. Fjarfundabúnaður hefur verið nýttur eftir atvikum á staðfundum á Holtavegi fyrir stjórnarfolk sem ekki hefur haft tök á að mæta á staðinn. Fundirnir voru eftirfarandi:

Fundur 257, 8. apríl 2024.
Fundur 258, 29. apríl 2024.
Fundur 259, 22. maí 2024.
Fundur 260, 12. ágúst 2024.
Fundur 261, 2. september 2024.
Fundur 262, 30. september 2024.
Fundur 263, 4. nóvember 2024.
Fundur 264, 2. desember 2024.
Fundur 265, 13. janúar 2025.
Fundur 256, 19. febrúar 2025.
Fundur 257, 10. mars 2025.
Fundur 258, á dagskrá 7. apríl 2025.

Verkefnalisti stjórnarinnar

Á stjórnarfundum 258 og 259 var unnið með verkefnalista þar sem tilgreind voru áhersluatriði fyrir starfsárið. Mörg þeirra voru áframhaldandi verkefni frá árinu á undan.

Húsnæðismál: Húsnæðismál félagsins á Holtavegi 28 eru í raun tvö mál. Annað köllum við „stóra málið“ og snýr að því að byggja þarf nýtt hús í stað gamla hússins sem er ónýtt vegna mygluskemmda. Inn í það fléttast skipulag lóðarinnar, þarfir félagsins í nútíð og framtíð, hugmyndir að nýjum verkefnum, fjármögnun o.fl. Hitt málið snýr að nýrra húsinu sem er í mikilli notkun, viðhaldi þess og umbótum svo það þjóni sem best hlutverki sínu.



Á starfsárinu bættust 48 nýliðar í hóp fullgildra félaga í KFUM og KFUK. Níu þeirra höfðu tök á að vera með á hátíðar- og inntökufundinum og voru boðin velkomin í heiminn með hefðbundnum hætti.

Þann 6. júní 2024 komu Einar Þorsteinsson borgarstjóri og Skúli Helgason formaður menningar, íþróttar- og tómstundaráði Reykjavíkur í heimsókn og fengu kynningu á starfi félagsins og þeim áskorunum sem það stendur frammi fyrir í húsnæðismálum. Á haustmisseri áttu fulltrúar stjórnar nokkra fundi með eignasviði Reykjavíkurborgar um aðkomu borgarinnar að uppbyggingu á Holtavegi. Skiluðu þeir fundir því miður litlum árangri.

Félagið er eigandi þess húsnæðis sem leikskólinn Vinagarður nýtir á Holtavegi 28. Opnað hefur verið á samtal við stjórn leikskólans að koma viðhalds- og framkvæmdamálum leikskólans í betri farveg. Aðilar eru sammála að reynslan af því fyrirkomulagi sem sett var í húsnæðissamning milli leikskólans og félagsins árið 2022 sé ekki að gefa þá raun sem væntingar stóðu til.

Þó svo að vinnuaðstaða starfsfólks sé mjög takmörkuð á Holtavegi 28, er félagsheimilið með sinni fjölbreyttu fundaraðstöðu að nýttast félagsstarfinu vel. Til skoðunar eru endurbætur innandyrna á Holtavegi 28. Þar er horft til eldhússins og fleiri þátta svo húsnæðið geti enn betur þjónustað félagsstarfið.

Fjárhagsstaðafélagsins: Rekstur KFUM og KFUK er viðkvæmur og ljóst er að tekjustofnar félagsins hafa rýrnað. Þar munar mest um samning félagsins við Mennta- og barnamálaráðuneytið sem ekki hefur haldið í við verðbólgu eða vísitölur. Á starfsárinu var leitað markvisst eftir auknum stuðningi ríkissjóðs, með þeim árangri að félagið fékk 20 milljón króna aukafjárveitingu á árinu 2025. Samtals skilar því samningurinn 60 milljónum til félagsins árið 2025. Við erum þakklát þeim skilningi sem alþingismenn hafa á starfi KFUM og KFUK og mikilvægi þess fyrir samfélagið.



Á hátíðar- og inntökufundinum var vakin athygli á að til eru þeir félagar sem hafa starfað í öllum fimm sumarbúðum KFUM og KFUK. Voru þær Tinna Rós Steinsdóttir, Sólveig Reynisdóttir, Brynja Eiríksdóttir og Þóra Benónisdóttir tilnefndar „fimm stjórn foringjar.“

Félagið á varasjóð í verðbréfasafni sem myndaðist að stærstum hluta með sölu eignarinnar Austurstræti 20 í upphafi aldarinnar. Á starfsárinu var fjárfestingastefnu verðbréfaeignasafnsins breytt úr því að vera varfærin yfir í að vera hóflega áhættusækin sem líkist þá mjög fjárfestingastefnu hefðbundinna lífeyrissjóða í landinu, þ.e. um 50% skuldabréf og 50% hlutabréf en var áður 80% skuldabréf og 20% hlutabréf. Markmið með þessari breytingu er að félagið verði burðugra til að takast á við rekstraráskoranir framtíðarinnar.

Skrifstofa KFUM og KFUK: Félagið starfrækir miðlæga skrifstofu sem sinnir fjármálaþjónustu, bókhaldsþjónustu, bókunum, afgreiðslu, tölvuþjónustu, heimasíðu o.fl. fyrir allar starfsstöðvar innan félagsins. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarbúðir og aðra viðburði félagsins, fjölbreytt þjónusta við þátttakendur, viðskiptavinum sumarbúða, jafnt sem

HEIÐURSFÉLAGAR

Í langri sögu KFUM og KFUK hefur verið farið frekar sparlega með heiðursveitingar. Til að varðveita heimildir um heiðursfélaga og veitingu gullmerkja gefum við því núna pláss í ársskýrslu félagsins.

Heiðursfélagar KFUM

19. maí 1927	Knud Zimsen
17. febrúar 1961	Bjarni Jónsson
17. nóvember 1973	Sigurbjörn Þorkelsson
22. febrúar 1986	Árni Sigurjónsson
17. júní 1995	Ástráður Sigursteindórsson Þorkell G. Sigurbjörnsson

Heiðursfélagar KFUK

28. apríl 1952	Guðríður Þórðardóttir
29. apríl 1999	Kristín Möller

Árið 2005 voru gerðar skipulagsbreytingar og félögin sameinuð undir nafni KFUM og KFUK á Íslandi.

Heiðursfélagar KFUM og KFUK á Íslandi

25. maí 2008	Sverrir Axelsson Vilborg Jóhannesdóttir
19. febrúar 2009	Emilía Ósk Guðjónsdóttir Sigursteinn H. Hersveinsson Sveinbjörg H. Arnmundsdóttir Þórey Sigurðardóttir
16. febrúar 2012	Helga Friðriksdóttir
8. apríl 2017	Ásgeir B. Ellertsson Besty R. Halldórsson Sigurður Pálsson

Gullmerki KFUM og KFUK

Gullmerki KFUM og KFUK var veitt í fyrsta sinn 7. október 2022 í samræmi við reglur sem samþykktar voru nokkrum árum áður voru kynntar á heimasíðu félagsins.

7. október 2022	Björgvin Þórðarson Guðmundur Ingi Leifsson María Sighvatsdóttir
-----------------	---

22. september 2023	Ársæll Aðalbergsson Ólafur Sverrisson
--------------------	--

Fyrir utan þau sem hér er getið, hafa einstaka starfsstöðvar heiðrað einstaklinga og veitt gullmerki fyrir framlag þeirra til starfsins.



Þann 6. júní 2024 komu Einar Þorsteinsson borgarstjóri og Skúli Helgason formaður menningar, íþróttar- og tómstundaráði Reykjavíkur í heimsókn og fengu kynningu á starfi félagsins og þeim áskorunum sem það stendur frammi fyrir í húsnaðismálum.

sjálfbóðaliða í starfinu. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl. Á rekstrarárinu 2024 var um 52% kostnaðar skrifstofunnar borinn af félaginu sjálfu, leikskólinn Vinagarður stóð undir u.þ.b. 8% rekstrarkostnaðar, en um 40% skrifstofukostnaðar var deilt út á sumarbúðirnar og aðrar tekjuberandi starfsstöðvar félagsins í hlutfalli við umfang þeirra. Á starfsárinu var tekið inn nýtt launakerfi, en það gamla var úr sér gengið. Við hver mánaðarmót fá um 90 manns laun greidd í gegnum skrifstofu félagsins. Yfir sumarmánuðina tvöfaldast sá fjöldi.

Starfsstöðvar - stuðningur og samþætting: Málefni starfsstöðva rata oft á borð stjórnar félagsins. Samþætting í sumarbúðastarfi er nokkur og felst m.a. í starfsmannanámskeiðum, aðkomu að kynningarstarfi og ráðningarferli. Framkvæmdastóri átti fjóra fundi með formönnum sumarbúða auk funda með kynningarfulltrúum og ráðningarfulltrúum. Þá koma upp tímabundnar áskoranir í einstaka starfsstöðvum sem stjórn félagsins þarf að koma að með einhverum hætti.

Stefna og áherslur til ársins 2030: Margar systurhreyfingar okkar erlendis vinna reglulega stefnuplagg þar sem sammælt er um áherslur í starfinu nokkur ár fram í tímann. Slíkt hefur ekki verið hluti af starfsvenjum KFUM og KFUK á Íslandi hingað til. Stefnuplagg til komandi ára svarar spurningunni hver við erum og hvert við erum að fara. Það verður þannig bæði vegvísir og rammi fyrir starfið í heild, bæði fyrir stjórnendur og almennt félagsfólk. Stefnuplagg laðar að fólk sem á samleið með þeirri hugsjón og þeirri framtíðarsýn er það birtir. Frá því haustið 2023 hefur stjórnin unnið að slíku plaggi. Á starfsárinu voru haldnir þrír hugflæðiðfundir til að safna upplýsingum frá félagsfólki.

Hátíðar- og inntökufundur: Árlegur hátíðar- og inntökufundur var haldinn föstudaginn 20. september 2024. Löng hefð er fyrir því að nýir félagar séu boðnir velkomnir í KFUM og KFUK á sérstökum hátíðarfundi sem haldinn hefur verið árlega. Frá síðasta hátíðarfundi höfðu 48 nýir félagar bæst í hóp fullgildra félaga. Af þeim mættu níu á fundinn og var fagnað sérstaklega.



Unnið er að gerð stefnu félagsins til ársins 2030. Á starfsárinu fóru fram þrír hugarflæðisfundir til að safna upplýsingum fyrir stefnumótunavinnuna.

Fjöldi fólks kom að fundinum. Stefán Jónsson formaður bauð nýja félaga velkomna við hátíðlega athöfn. Gríma Katrín Ólafsdóttir og Sigríður Sól Ársælsdóttir voru veislustjórar. Bolli Bjarnason skemmti gestum og faðir hans Sr. Bjarni Karlsson flutti hugvekju. Á fundinum var vakin athygli á að nokkrir einstaklingar hafa afrekað að starfa sem foringjar í öllum sumarbúðum KFUM og KFUK. Á fundinum voru þær fjórar sem fengu viðurkenningu sem fimm stjórn foringjar. Jakob Freyr Einarsson annaðist undirleik og Hilmar Jónsson var tækimaður. Undirbúning önnuðust Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Elín Hrund Garðarsdóttir og Tómas Torfason. Um 80 manns sóttu fundinn.

Æskulýðsstarfið og leiðtogaþjálfun: Þó svo að framkvæmd æskulýðsstarfsins og leiðtogaþjálfunar sé í höndum starfsfólks félagsins, heyrir það undir ábyrgðarsvið stjórnarinnar. Á starfsárinu var Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir ráðinn verkefnastjóri æskulýðsstarfsins. Æskulýðsstarfinu og leiðtogaþjálfun eru gerð frekari skil í kafla 2 og 3 í þessari skýrslu.

Alþjóðastarf: Alþjóðaráð starfar í umboði stjórnar og formaður þess situr í stjórn KFUM og KFUK. Hilmar Jónsson hefur leitt vinnu alþjóðaráðs KFUM og KFUK. Sjá nánar kafla 6 um alþjóðastarf.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur
Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Osló 24.-26. janúar sl. Markmið fundarins er



Á degi sjálfboðaliðans 5. desember 2024 var Sveinn Valdimarsson, stjórnarmaður í KFUM og KFUK Suðurnes valinn sjálfboðaliði ársins innan KFUM og KFUK. Hér tekur hann við viðurkenningu úr hendi Stefáns Jónssonar formanns.

að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Stefán Jónsson og Tómas Torfason tóku þátt í fundinum fyrir hönd Íslands.

GLS ráðstefnan
KFUM og KFUK hefur verið virkur þátttakandi í árlegu GLS ráðstefnunni (sjá nánar gls.is). Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel föstudaginn 8. nóvember 2024. Tíu fulltrúar úr röðum KFUM og KFUK, starfsfólk og sjálfboðaliðar, sóttu ráðstefnuna sem var uppbyggileg og nærandi.



Í maí 2024 heimsótti Stefán Jónsson formaður Hólavátn og kynnti sér aðstæður. Guðlaugur Sveinn Hrafnsson starfsmaður KFUM og KFUK á Akureyri sýndi honum aðstöðuna.

Sjálfboðaliði ársins
Í tilefni af degi sjálfboðaliðans, 5. desember, viljum við í KFUM og KFUK hampa öllum sjálfboðaliðum í félaginu. Sú hefð hefur jafnframt skapast að valinn er einn úr þeirra hópi sem sjálfboðaliði ársins. Stjórn félagsins valdi Svein Valdimarsson sem sjálfboðaliða ársins 2024 í KFUM og KFUK. Sveinn er verðugur fulltrúi sjálfboðaliða. Hann hefur verið í fararbroddi og í stjórn í KFUM og KFUK Suðurnesjum í nálægt 40 ár. Óslitið ef frá eru talin árin sem hann fór í mastersnám til Þýskalands. Samhliða forystustörfum í Keflavík starfaði hann a.m.k. 6 ár í stjórn KFUM og KFUK á Íslandi og 8 ár í stjórn Skógarmanna KFUM. Sveinn er byggingarstjóri nýja matskálans í Vatnaskógi. Þá hefur hann komið að faglegri ráðgjöf vegna viðhalds- og byggingarframkvæmda í öllum sumarbúðum félagsins og aðalstöðvunum við Holtaveg og ávallt gefið vinnu sína. Sveinn er ávallt boðinn og búinn að leggja sitt af mörkum og nýta sína fagþekkingu á vettvangi KFUM og KFUK.


Veglegur arfur til félagsins
Eggert Kristjánsson, sem síðstu ár var elstur í félagatali KFUM og KFUK, lést í byrjun sumars 2024. Hann var einhleypur og barnlaus og arfleiddi KFUM og KFUK annarsvegar og Skógarmenn KFUM hinsvegar að íbúð sinni á Snorrabraut 34. Til stendur að selja íbúðina. Eggert hafði óskað eftir að erfidrykkjan yrði á Holtavegi. Var hún í boði félagsins og tókst afar vel.

Heimasíðan
Í vetur hefur verið unnið að nýrri vefsíðu fyrir KFUM og KFUK í samstarfi við vefvyrirtækið Avista. Vonir standa til að nýja síðan verði komin í loftið fyrir aðalfund vorið 2025.

Starfsfólk KFUM og KFUK
Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason framkvæmdastjóri, Pröstur Árni Gunnarsson fjármálastjóri, Guðbjörg Pálsdóttir bókhaldsfulltrúi og Elín Hrund Garðarsdóttir þjónustufulltrúi, öll í 100% starfi. Hjördís Rós Jónsdóttir verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar er í 30% starfi. Guðlaugur Sveinn Hrafnsson er svæðisfulltrúi á Akureyri í 50% starfi. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2024 var Núi Pétur Ásdísarson Guðnason.



„Hvernig virkar svona?“ Kynslóðabilið er víða brúað í starfi KFUM og KFUK, líka á skrifstofu félagsins. Guðbjörg sýnir Helgu Sóley hvernig gamaldags ritvél virkar. Elín fylgist með.



Tómas Torfason, Pröstur Árni Gunnarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Elín Hrund Garðarsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Ársæll Aðalbergsson, Helga Sóley Björnsdóttir, Jóhann Jónsson, Nathalía Imelda

Þann 7. ágúst 2024 kom Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir í 100% starf verkefnastjóra æskulýðsstarfsins. Nathalía Imelda sem var kynningarfulltrúi í 30% starf lét af störfum á haustmisseri 2024. Jóhann Jónsson sem sinnti viðhaldi og fleiri verkefnum lét af störfum í lok desember 2024. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og Helgu Sóleyjar Björnsdóttur framkvæmdastjóra Vindáshlíðar. Þau eru bæði í 100% starfi. Yfirlit yfir starfsmenn í hlutastörfum á æskulýðssviði, sem leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun er að finna í kafla 2.

Skráningarkerfi KFUM og KFUK
Eitt af mikilvægustu verkfærum í starfi félagsins er skráningarkerfi KFUM og KFUK. Við búum við þann munað að hafa sérsmiðaða hugbúnaðarlausn, mótaða að þörfum KFUM og KFUK. Kerfið var í upphafi smíðað sem skráningarkerfi fyrir sumarbúðirnar, en hefur í seinni tíð einnig nýst í víðara samhengi innan félagsins t.d. fyrir námskeið og bókanir á alla okkar viðburði. Á hverju ári eru gerðar uppfærslur á kerfinu svo að það þjóni starfsemi okkar betur og geri alla bakvinnslu skilvirkari. Pétur Ragnarsson, tölvunarfræðingur, er maðurinn á bak við skráningarkerfið og uppfærslur þess.



Pétur Ragnarsson



2. ÆSKULÝÐSSTARF

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fá börn og ungmennti tækifæri til að vaxa í vitund um sjálft sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af æskulýðsfulltrúum ásamt sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2024-2025

Veturinn 2024-2025 voru starfræktar 28 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af u.þ.b. 70 leiðtogum og ungleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmennta tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-18 ára (sjá kafla 3) og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram í deildastarfinu. Á þessu starfsári hafa nýjar deildir bæst við okkar starf. Neskirkja byrjaði

með Unglingadeild, sem er frábært viðbót við starf okkar. Digraneskirkja og Hjallakirkja bættu einnig við þremur nýjum deildum: Yngri deild í Hjallakirkju, yngri deild í Digraneskirkju og Unglingastarf í Digraneskirkju. Þetta hefur styrkt starfsemi okkar enn frekar og skapað nýja möguleika fyrir ungmennti til að taka þátt í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK.

Undirbúningur leiðtoga

Undirbúningur fyrir leiðtoga var haldinn þriðjudaginn 27. ágúst á Holtavegi 28. Mætingin var góð, og leiðtogar úr deildum hittust til að skipuleggja starfið saman. Kvöldið byrjaði með kvöldmat og glærukynningu frá Guðbjörgu æskulýðsfulltrúa, þar sem farið var yfir helstu viðburði vetrarins og mikilvægar áherslur í starfinu. Leiðtogar fengu fræðslu um hvernig leiðtogar við viljum vera, hvernig við viljum mæta börnunum og skapa jákvætt og öflugt umhverfi fyrir þau. Einnig var farið yfir dagskrárgerð og hvaða þættir skipta mestu máli þar. Að lokum var lögð áhersla á hvernig við getum verið besta útgáfan af okkur sjálfum í leiðtogahlutverkinu, þar sem við erum fyrirmyndir fyrir börnin og gegnum mikilvægu hlutverki í þeirra lífi. Í ár kom Sr. Guðni Már prestur í Lindakirkju kom til okkar og gaf okkur innblástur fyrir komandi vetur. Hann taldi mikilvægi þess að við værum besta útgáfan af okkur sjálfum í starfi okkar og stuðluðum að því að skapa

GUÐBJÖRG YR HILMARSDÓTTIR
TÓK SAMAN



Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2024–2025 í samanburði við átta starfsár þar á undan.

	2016-2017		2017-2018		2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022		2022-2023		2023-2024		2024-2025	
	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.
Vínadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137	4	73	3	78	3	107	6	135	3	26	2	25
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326	12	351	11	291	14	285	13	316	13	296	12	295
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307	10	380	13	369	13	340	13	333	13	287	13	370
Samtals	28	966	30	1013	29	770	26	804	27	738	30	732	32	784	29	609	27	690
Meðalfjöldi barna í deild	34,5		33,8		26,6		30,9		27,4		24,4		24,5		21,0		24,6	

öruggt og uppbyggjandi umhverfi fyrir börnin. Leiðtogar ræddu hvernig hægt væri að bæta æskulýðstarfið og skoðuðu möguleika til að ná enn betri árangri á komandi misserum. Farið var einnig í samsöng, sem hefur orðið að ómissandi hluta af okkar starfsemi, þar sem sungið var saman með gleði og samkennd. Það var sannarlega tilhlökkun í loftinu og allir spenntir fyrir komandi tímum.

Haustrferð yngri deilda

Haustrferð yngri deilda var farin í Vatnaskóg föstudaginn 1. nóvember. Alls tóku 110 börn á aldrinum 9–12 ára og 35 leiðtogar og aðstoðarleiðtogar þátt í þessum árlega viðburði. Þar var mikið brallað og má þá helst nefna brjóstsykursgerð, skógarferð, brennómót, frjálstan tíma, diskóparty þar sem DJ Gugga þeytti skífum og Matthías Davíð úr hljómsveitinni VÆB tók lagið! Ragnheiður Anna Jónsdóttir og Sólveig Hjörleifsdóttir, leiðtogar í starfi KFUM og KFUK á Íslandi, sáu um mótstjórn og undirbúning fyrir mótið. Guðbjörg Yr Hilmarisdóttir, æskulýðsfulltrúi, var þeim til halds og trausts. Á laugardeginum fóru svo allir heim með bros á vör eftir vel heppnaða haustrferð.

Miðnæturmót unglिंगadeilda

Laugardaginn 2. nóvember komu um 140 ungmennti í Vatnaskóg ásamt 35 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum, þar sem hið árlega Miðnæturíþróttamót fór fram. Það var mikið gert og minna sofið á þessu móti. Nóg var í boði fyrir alla, t.d. streetballmót, brjóstsykursgerð, brennómót, ólsen ólsenmót, borðtennismót, mafia, kareóki og ball þar sem DJ gugga þeytti skífum og héldu leiðtogar utan um dansgleði. Ragnheiður Anna Jónsdóttir og Sólveig Hjörleifsdóttir, leiðtogar í starfi KFUM og KFUK á Íslandi, sáu um mótstjórn og undirbúning mótsins. Guðbjörg Yr Hilmarisdóttir, æskulýðsfulltrúi var þeim til halds og trausts. Á sunnudeginum var haldið heim á leið og voru ungmenntin sæl og þreytt eftir frábært mót.

Svínadalismót KFUM og KFUK

Svínadalismót KFUM og KFUK var haldið helgina 21.–23. febrúar í Vatnaskógi. Mótið er haldið fyrir unglínga í 8.-10. bekk og hefur verið órjúfanlegur hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni tóku deildir frá Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Hveragerði, Akranesi, Vestmannaeyjum og Hvalsvellu þátt. Um 120 þátttakendur skráðu sig til leiks á mótið í ár ásamt 40 leiðtogum og ungleiðtogum sem sáu um dagskrá og ýmis önnur verkefni. Mótstjórnar í ár voru þeir Björn Atli, Fannar Smári, Guðjón Daníel og Guðmundur Tómas en þeir sáu um skipulagningu og dagskrágerð. Boðið var upp á frábæra dagskrá líkt og fyrir ár, má þar helst nefna frjálstan tíma, heita potta, kvöldvökur, ball, orrusta, brjóstsykursgerð og draugahús, svo fátt eitt sé nefnt.



Mótstjórnar Svínadalismótsins í undirbúningsvinnu. Guðmundur Tómas Magnússon, Fannar Smári Jóhannsson, Björn Atli Hyl Dahl Guðmundsson og Guðjón Daníel Bjarnason.



Frá jólasamveru leiðtoga 6. desember 2025.



Frá YD móti í Vatnaskógi.

YFIRLIT YFIR FÉLAGSDEILDIR, FORSTÖÐUFÓLK OG LEIÐTOGA, VETURINN 2024–2025

Veturinn 2024–2025 starfrækti KFUM og KFUK 28 æskulýðs-deildir á 17 stöðum. Deildirnar eru aldursskiptar, vinadeildir (VD) eru fyrir 6-9 ára börn, yngri deildir (YD) eru fyrir 9–12 ára börn og unglingadeildir (UD) eru fyrir 13–15 ára. Víðast hvar er starfað í nánu samstarfi við kirkjurnar á viðkomandi stað.

YD KFUM og KFUK Akranes

Forstaða: Ása Kolbrún og Snædís Lilja Gunnarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Akranes

Forstaða: Ása Kolbrún og Snædís Lilja Gunnarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 35

UD KFUM og KFUK á Akureyri í samstarfi við Glerárkirkju

Forstaða: Eydís Ösp Eyþórsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Leiðtogar: Jóhannes Már Pétursson og Stefán Andri Björnsson
Þátttakendur á haustönn: 22
Þátttakendur á vorönn: 25

YD KFUM og KFUK í Digraneskirkju

Forstaða: Svanhildur Reynisdóttir og Hugrún Birta Kristjánsdóttir
Leiðtogar: Dagmar Edda Guðnadóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Pálína Ósk Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 5
Þátttakendur á vorönn: x

UD KFUM og KFUK í Digraneskirkju

Forstaða: Svanhildur Reynisdóttir og Hugrún Birta Kristjánsdóttir
Leiðtogar: Dagmar Edda Guðnadóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Pálína Ósk Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 5
Þátttakendur á vorönn: 10

VD og Leikjafjör KFUM og KFUK í Breiðholtskirkju

Forstaða: Hjördís Anna Matthíasdóttir og Þórdís Birta Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstaða: Þórdís Birta Jónsdóttir og Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 8
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstaða: Þórdís Birta Jónsdóttir og Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 22

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstaða: Nanna Birgisdóttir Hafberg
Leiðtogar: Þórdís Birta Jónsdóttir, Ásthildur Ben Maitsland og Fannar Smári Jóhannsson
Þátttakendur á haustönn: 31

YD KFUM og KFUK í Hjallakirkju

Forstaða: Svanhildur Reynisdóttir og Hugrún Birta Kristjánsdóttir
Leiðtogar: Dagmar Edda Guðnadóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Pálína Ósk Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 5
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK í Hveragerðiskirkju

Forstaða: Agnar Ingi H. Guðmundsson og Tristan Enok Kvaran
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 30

UD KFUM og KFUK í Hveragerðiskirkju

Forstaða: Agnar Ingi H. Guðmundsson og Tristan Enok Kvaran
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 28

YD KFUM og KFUK Hvolsvelli

Forstaða: Elín Elfa Magnúsdóttir og Elfa Bára Sigurðardóttir
Leiðtogar: Marco Abranja
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 25

UD KFUM og KFUK í Hvolsvelli

Forstaða: Elín Elfa Magnúsdóttir og Elfa Bára Sigurðardóttir
Leiðtogar: Marco Abranja
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM Keflavík

Forstaða: Sveinn Valdimarsson
Leiðtogar: Kristinn Arnar Ólafsson, Agnar Ingi H. Guðmundsson, Björn Atli Hydahl Guðmundsson
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUK Keflavík

Forstaða: Sigurbjört Kristjánsdóttir og Margrét Jóhanna Guðmundsdóttir
Leiðtogar: Sólveig Hjörleifsdóttir, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Ólöf Rós Óskarsdóttir, Guðbjörg Lára Aradóttir og Sunna Dís Guðbergsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Keflavík

Forstaða: Thelma Rós Arnardóttir og Þórarinn Darri Ólafsson
Leiðtogar: Helga Sveinsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 30

UD KFUM og KFUK Langholtskirkju

Forstaða: Guðmundur Tómas Magnússon og Ragnheiður Anna Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 9
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK í Lindakirkju

Forstaða: Eva Sigurðardóttir og Sigríður Sól Ársælsdóttir
Leiðtogar: Dagmar Edda Guðnadóttir og Tómas Andri Gíslason
Þátttakendur á haustönn: 40
Þátttakendur á vorönn: 50

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju

(UD Kaktus)
Forstaða: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
Leiðtogar: Guðjón Daníel Bjarnason, Jónas Breki Kristinsson og Sigríður Sól Ársælsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 55
Þátttakendur á vorönn: 60

UD KFUM og KFUK í Neskirkju

Forstaða: Guðmundur Tómas Magnússon og Benedikt Þórarinsson
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 16

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Forstaða: Trausti Mar Sigurðarson
Ásamt ungleiðtogum
Æskulýðsfundir:
Þátttakendur á haustönn: 35
Þátttakendur á vorönn: 35

Opin hús:

Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK í Vídalínskirkju

Forstaða: Hákon Arnar Jónsson
Leiðtogar: Bríet Kjartansdóttir, Jón Baldvin Magnússon og Unnur Rún Sveinsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 35

YD KFUM og KFUK í Urriðaholtsskóla

Forstaða: Benedikt Sigurðsson
Leiðtogar: Yrja Kristinsdóttir og Embla Dögg Hannesdóttir
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 25

UD KFUM og KFUK í Vídalínskirkju

Forstaða: Jóna Þórdís Eggertsdóttir og sr. Matthildur Bjarnadóttir
Leiðtogar: Ari Jónsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 25

YD KFUM og KFUK í Þorlákskirkju

Forstaða: Þráinn Andreuson og Matthías Davíð Matthíasson
Þátttakendur á haustönn: 30

UD KFUM og KFUK í Þorlákskirkju

Forstaða: Þráinn Andreuson og Matthías Davíð Matthíasson
Þátttakendur á haustönn: 35



Agnar Guðmundsson



Ari Jónsson



Ása Kolbrún



Ásthildur Ben Maitsland



Benedikt Sigurðsson



Benedikt Þórisson



Björn Atli Hyldahl Guðmundsson



Bríet Kjartansdóttir



Dagmar Edda Guðnadóttir



Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir



Elfa Bára Sigurðardóttir



Elín Elfa Magnúsdóttir



Embla Dögg Hannesdóttir



Eva Sigurðardóttir



Eydís Ösp Eyþórsdóttir



Fannar Smári Jóhannsson



Guðbjörg Lára Aradóttir



Guðjón Daníel Bjarnason



Guðlaugur Sveinn Hrafnsson



Guðmundur Tómas Magnússon



Gunnar Hrafn Sveinsson



Hákon Arnar Jónsson



Helga Sveinsdóttir



Hildur Ólöf Kristjánsdóttir



Hjördís Anna Matthíasdóttir



Hreinn Pálsson



Hugrún Birta Kristjánsdóttir



Jóhannes Már Pétursson



Jón Baldvin Magnússon



Jóna Þórdís Eggertsdóttir



Jónas Breki Kristjánsson



Kristbjörg Katla Hinriksdóttir



Kristinn Arnar Ólafsson



Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir



Sr. Matthildur Bjarnadóttir



Matthías Davíð Matthíasson



Nanna Birgisdóttir Hafberg



Ólöf Rós Davídsdóttir



Pálína Ósk Jónsdóttir



Ragnheiður Anna Jónsdóttir



Sigríður Sól Ársælsdóttir



Sigurbjört Kristjánsdóttir



Snædís Lilja Gunnarsdóttir



Sólveig Hjörleifsdóttir



Stefán Andri Björnsson



Sunna Dís Guðbergsdóttir



Svanhildur Reynisdóttir



Sveinn Valdimarsson



Thelma Rós Arnardóttir



Tómas Andri Gíslason



Trausti Már Sigurðsson



Tristan Enok Kvaran



Unnur Rún Sveinsdóttir



Yrja Kristinsdóttir



Þórarinn Darri Ólafsson



Þórdís Birta Jónsdóttir



Þráinn Andreuson

Vorferð yngri deilda
Vorferð yngri deilda verður farin 4.–6. apríl 2025. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK verður boðið að taka þátt í ferð í Vatnaskóg þar sem gíst er í tvær nætur. Ráðgert er að 120 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hvolsvelli, Hveragerði, og Reykjanesbæ taki þátt í þessari ferð. Dagskráin verður fjölbreytt, boðið verður upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstund og ævintýraleik. Markmiðið er að börnin fari glöð og sæl heim eftir viðburðaríka helgi, full af góðum minningum.

Jólasamvera leiðtoga
Það ríkir mikil vinátta milli leiðtoga í æskulýðsstarfinu, og það er einmitt grunnurinn að öflugu og samheldnu starfi. Þegar leiðtogar standa saman, styðja hver annan og eiga góðar stundir saman, skilar það sér beint í starfið með börnunum. Jólagleði leiðtoga er ein af þeim stundum sem styrkir tengslin og gefur okkur tækifæri til að njóta saman. Föstudaginn 6. desember var hin árlega jólasamvera leiðtoga haldin með pompi og prakt á Holtavegi 28. Í byrjun kvöldsins var boðið á jólalegan fordrykk og ljúffengar kræsingar. Þegar allir voru komnir saman hófst borðhaldið með dýrindis jólakovöldverði – kalkúnn með waldorfsalati, ljúffengu meðlæti og gómsætum sósum. Kvöldið var fullt af gleði og góðum félagsskap. Eftir matinn var boðið upp á skemmtilegt jólalagabingó með Sigríði Sól Ársælsdóttur, þar sem keppnin var hörð og spenningurinn í hámarki! Þá tók við piparkökuhúsakeppni leiðtoga. Eftir mikið fjör og keppnissskap var kominn tími á eftirrétt – heit súkkulaðikaka með ferskum berjum, rjóma og ís, sem sló í gegn. Loks kom hápunktur kvöldsins þar sem leiðtogum var tilkynnt um nýjung í starfi okkar, risastór hátalari með karaóki græjum, sem hefur þegar slegið í gegn í æskulýðsstarfinu. Þessi gjöf mun án efa koma sér vel í starfinu, hvort sem það er til að peppa hópinn, spila skemmtilega tónlist eða halda fjörug karaóíkíkvöld með krökkunum.



Mikið fjör var á Svínadalismótinu í Vatnaskógi.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

KFUM og KFUK hafa verið stór partur af mínu lífi. Ég kynntist félaginu ungur þegar ég fór með föður mínum í heimsóknir upp í Vatnaskóg þar sem eldri systur mínar unnu í eldhúsinu. Þegar ég var kominn með aldur til fór ég fyrst í sumarbúðirnar Kaldárseli og svo í Vatnaskóg. Síðan þá hef ég mætt í Vatnaskóg, fyrst sem drengur í flokki, svo sem aðstoðarforingi og síðustu sumur sem starfsmaður.

Það hefur gefið mér mikið að fá að vinna fyrir félagið bæði í Vatnaskógi og í æskulýðsstarfi félagsins yfir vetrarmánuðina. Í gegnum KFUM og KFUK hef ég kynnst mikið af frábæru fólki, fólki sem er jákvætt og til í að spjalla, sem mér finnst alveg ótrúlega jákvætt fyrir svona stórt félag. Mér finnst einnig gott hvað það er margt í boði hjá félaginu. Þetta félag er mér því mjög mikils virði.

Guðmundur Tómas Magnússon

Kærleiksnámskeið KFUM og KFUK - styrkur úr Minningarsjóði Bryndísar Klöru
Í upphafi árs 2025 hlaut KFUM og KFUK styrk úr Minningarsjóði Bryndísar Klöru til að halda sérstakt Kærleiksnámskeið fyrir ungmenni. Styrkurinn markar mikilvægt skref í forvarnarstarfi félagsins og styður við markmið þess um að skapa samfélag þar sem kærleikur, samkennd og jákvæð samskipti eru í forgrunni. Kærleiksmótið verður einstakur viðburður þar sem þátttakendur fá tækifæri til að taka þátt í fræðslu, hópefli og skapandi verkefnum sem stuðla að sterkari sjálfsmynd og bættum samskiptum. Með fjölbreyttum fyrirlestrum, hópleikjum og samverustundum er mótið hugsað sem vettvangur fyrir ungmenni til að læra, vaxa og efla tengsl sín hvert við annað. Í lok mótsins fá þátttakendur sérstaka viðurkenningu sem „Riddarar kærleikans“, en sú viðurkenning táknar skuldbindingu þeirra til að lifa eftir gildum kærleika, umburðarlyndis og virðingar í daglegu lífi. KFUM og KFUK er þakklátt fyrir styrkinn og það traust sem sjóðurinn hefur sýnt verkefninu. Kærleiksmótið verður mikilvæg viðbót við það öfluga æskulýðsstarf sem félagið sinnir og vonir standa til að það muni hafa jákvæð og varanleg áhrif á þá sem taka þátt. Við hlökkum til að halda námskeiðið og sjá ungmenni kynnast nýjum vinum, takast á við áskoranir, læra um mikilvægi kærleikans og verða fyrirmyndir í samfélaginu.



3. LEIKJANÁMSKEIÐ

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2024, í Lindakirkju í Kópavogi og í Félagsheimli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ Hátúni 36. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin fimm leikjanámskeið sumarið 2024. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingu og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðufólk, leiðtogar og aðstoðarleiðtogar, sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 133 talsins og var biðlisti á flest námskeiðin.

GUÐBJÖRG YR HILMARSDÓTTIR
TÓK SAMAN

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2024: Sigríður Sól Ársælsdóttir, Háldán Helgi Matthíasson, Theodóra B. Sveinsdóttir, Hjördís Anna Matthíasdóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Tómas Andri Gíslason, Eva Lind Hákonardóttir og Jakob Freyr Einarsson. Aðstoðarleiðtogar voru: Bjartur Dalbú Ingibjartsson, Þorgeir Daðason, Messíana Baldvinsdóttir og Dagmar Edda Guðnadóttir.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2024. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 38. Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2024: Háldán Helgi Matthíasson, Hjördís Anna Matthíasdóttir, Aron Steinsen Jónsson og Jakob Freyr Einarsson.



4. LEIÐTOGAÞJÁLFUN

KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og þjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK tekur mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess, sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnun og nefndum. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Uppbygging leiðtogaþjálfunarinnar

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggjja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgihald. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK býður upp á starf fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU 2024-2025

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegrar þjálfunar milli leiðtogahelganna. Fræðslan á leiðtogahelgunum byggir á grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/K=mannrækt. Hjördís Rós Jónsdóttir er verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára. Hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu voru haldnar tvær leiðtogahelgar.

Vindáshlíð 4.-6. október 2024, Leiðtogaþjálfun I og III

Fyrri leiðtogahelgin var haldin í Vindáshlíð dagana 4.-6. október. Haldin voru tvö aðskilin námskeið á sama tíma. Leiðtogaþjálfun I fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni og leiðtogaþjálfun III fyrir lengra komna. Á námskeiði I fengu þátttakendur að kynnst félaginu og því sem það stendur fyrir, fengu fræðslu um siðareglur félagsins og um rauða þráðinn í Biblíunni auk þess að kynnst sjálfum sér betur. Á námskeiði III fengu þátttakendur fræðslu um viðburðastjórnun, ræðumennsku og framkomu, um hugleiðingar og kristilega fræðslu og hvernig við getum verið frábærir liðsmenn. Um fræðslu á námskeiðunum sáu þau Erla Björg Káradóttir, Gunnar Hrafn Sveinsson, Helga Sóley Björnsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson, Jón Ómar Gunnarsson og Matthías Guðmundsson. Alls sóttu 33 upprennandi leiðtogar námskeiðin.

Vatnaskógur 24.-26. janúar 2025, Leiðtogaþjálfun II, IV og X

Síðari leiðtogahelgin var haldin í Vatnaskógi dagana 24.-26. janúar. Haldin voru þrjú aðskilin námskeið, leiðtogaþjálfun II og IV sem voru framhaldsnámskeið frá leiðtogahelginni í október en einnig var boðið upp á fræðslu fyrir 18 ára og eldri í leiðtogaþjálfun X. Líkt og áður var flottur hópur leiðtoga sem tók þátt en helgin var stútfull af fræðslu og fjöri. Þátttakendur á námskeiði II lærðu um stjórnun og skipulag í starfi, hvernig fyrirmyndar leiðtogi hagar sér og hvers vegna hugleiðingar eru mikilvægur hluti af starfi félagsins auk þess að bæta leiðtogahæfileika sína með því að hugsa út fyrir kassann. Á námskeiði IV útbjuggu þátttakendur ævintýraleik fyrir yngri þátttakendur, fengu fræðslu um ábyrgð og frumkvæði, fluttu hugleiðingu og stigu út fyrir þægindarammann í skemmtilegum verkefnum og leikjum. Auk fræðslunnar sinntu þátttakendur í X-hópnum ýmsum verkefnum á helginni sjálfri, stýrðu t.d. stundum og matartímum og tókust á við raunhæf verkefni tengd viðbragðsáætlun félagsins. Um fræðslu á námskeiðunum sáu Bjarni Fritzson, Elísa Sif Hermannsdóttir, Guðni Már Harðarson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson, Thelma Rós Arnardóttir og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Helgin gekk vel fyrir sig og voru þátttakendur 44 talsins og þar af 9 sem kláruðu leiðtogaþjálfun IV.

Leiðtogaráðstefnan GLS

Á hverju ári býðst leiðtogum og starfsfólki KFUM og KFUK að taka þátt í leiðtogaráðstefnunni Global leadership summit (GLS). Í ár nýttu nokkrir starfsmenn og stjórnarmeðlimir sér ráðstefnuna sem haldin var föstudaginn 8. nóvember á Grand hótél. Boðið var upp á flotta og uppbyggjandi fyrirlestra sem nýttast leiðtogum í starfi og eigin lífi.

Samráðsfundur leiðtoga

KFUM og KFUK býður forstöðufólki og leiðtogum deildarstarfsins upp á samráðsfund á hverju ári. Þar er rætt um starfið, nýjar hugmyndir og viðburði sem fram undan eru. Einnig er farið yfir stöðu mála og liðna viðburði. Samráðsfundurinn var haldinn 27. ágúst 2024. Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir skipulagði og stýrði fundinum og Guðni Már Harðarson var með erindi. Samráðsfundir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk, forstöðufólk og leiðtogar geta rætt saman og skipulagt deildastarfið.

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sumarsins á sem bestan hátt fyrir þau verkefni sem þeirra bíða. Í ár var boðið upp á fjölda námskeiða sem starfsfólk gat sótt en það var Hjördís Rós Jónsdóttir sem hafði yfirlýsningu með námskeiðunum. Í ár fékk hún til liðs við sig frábært teymi af reynsluboltum, þeim Erlu Björgu Káradóttur, Gunnari Hrafn Sveinssyni og Helgu Sóleyju Björnsdóttur. Námskeiðin sem haldin voru í ár voru eftirfarandi:

7. febrúar	Hinsegin 101 – Sveinn Sampsted
20. mars	Verndum þau – Þorbjörg Sveinsdóttir
15. apríl	Samskipti og siðareglur – Helena Dögg Magnúsdóttir og Hjördís Rós Jónsdóttir
28. maí	Skyndihjálp og brunavarnir – Jón Pétursson og Kristján Sigfússon
29. maí	Aðstoðarforingjanámskeið – Hjördís Rós Jónsdóttir
1. júní	Starfsmannanámskeið* – Margir fyrirlesarar



KFUM og KFUK stóð fyrir námskeiði 1. júní fyrir allt starfsfólk sumarsins. Námskeiðið fór fram í Vatnaskógi og stóð yfir frá morgni til kvölds. Á myndinni er Álfheiður Ingólfssdóttir að fara yfir krefjandi hegðun og mótþróa barna.



Hvaða kosti hefur góður sumarbúðastarfsmaður? Á námskeiðinu teiknuðu verðandi sumarbúðastarfmenn hinn fullkomna staarfsmann.



Heimþrá og kvíði barna eru meðal þeirra áskorana sem sumarbúðastarfsfólk þarf að mæta af nærgætni og með kærleika.



Allt starfsfólk KFUM og KFUK þarf að taka námskeiðið Verndum þau - sem snýst um öryggi barna, tilkynningaskyldu o.fl.



Myndir á þessar síðu eru frá leiðtogahegji fyrir 15–17 ára ungmennti sem fram fór í Vindáshlíð 4.–6. október 2024.



Brunavarnir: Jón Pétursson kennir starfsfólki sumarsins um brunavarnir og helstu viðbrögð við bruna.



Fyrsta hjálp: Kristján Sigfússon kennir starfsfólki skyndihjálpu og leiðbeinir þátttakendum með hjartahnoð.

*Starfsmannanámskeið

KFUM og KFUK stóð fyrir námskeiði 1. júní fyrir allt starfsfólk sumarsins. Námskeiðið fór fram í Vatnaskógi og stóð yfir frá morgni til kvölds. Það er óhætt að segja að dagurinn hafi verið fullur af fræðslu eins og sjá má á fyrirlesturum hér að neðan:

- Verndum þau – Þorbjörg Sveinsdóttir
- Hugleiðingar og kristleg fræðsla – Matthías Guðmundsson
- Leikir og létt gaman – Hreinn Pálsson
- Kvöldvaka og stjórnun 101 – Gunnar Hrafn Sveinsson
- Krefjandi hegðun og mótþrói – Álfheiður Ingólfssdóttir
- Góður foring og fyrirmynd – Erla Björg Káradóttir
- Samskipti og siðareglur – Hjördís Rós Jónsdóttir

Auk ofangreindra fyrirlestra voru einnig bástar þar sem þátttakendur gátu kynnt sér hvernig bregðast ætti við heimþrá eða koma á börnum í ró á kvöldin, kynning á ávintýraleikjum og hugleiðingarefni, fræðsla um þrif og hvers ætlast er til af starfsfólki KFUM og KFUK. Umsjón með básunum höfðu þau: Andrea Anna Arnardóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, Matthías Guðmundsson, Thelma Rós Arnardóttir og Tómas Torfason. Einnig gafst kostur á almennu spjalli og starfsfólk gat borið saman bækur sínar og skipst á góðum hugmyndum.

Námskeið á Akureyri – Allt það helsta

Dagana 6.-7. maí voru haldin námskeið fyrir starfsfólk á norðurlandi. Hjördís Rós Jónsdóttir var með fræðslu um samskipti og siðareglur auk þess að fara yfir allt það helsta sem snýr að því að starfa fyrir KFUM og KFUK. Þorbjörg Sveinsdóttir var með fyrirlesturinn Verndum þau. Afar mikilvægt er að bjóða upp á námskeið fyrir starfsfólkið sem býr fyrir norðan þar sem erfitt er fyrir þau að sækja öll námskeið fyrir sunnan.

Samstarf um leiðtogaþjálfun 2024-2025

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands. Vettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála.

Auk netnámskeiða í barnavernd og siðareglum stóð Æskulýðsvettvangurinn fyrir öðrum námskeiðum á starfsárinu sem starfsfólk KFUM og KFUK var hvatt til að nýta sér.



Sportfélagið heimsótti Hólavattn í Eyjafirði í ágúst 2024. Hér er hópur á Hólafjalli.

5. FJÖLSKYLDU- OG FULLORÐINSSTARF

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa. Í hópi félagsmanna á aldrinum 18 til 99 ára er einnig að finna bakland félagsins, þá sem leggja sitt af mörkum sem sjálfboðaliðar t.d. í stjórnnum og nefndum eða vinnuflokkum sumarbúðanna.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en á öðrum árstímum er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna t.d. feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, karla- og kvennaflokkar. Að ógleymdri fjölskylduhátíðinni Sæludagar í Vatnaskógi. Nánar er komið inn á það í skýrslum sumarbúðanna í köflum 11 til 15.

Fjölbreytt félagsstarf

Í KFUM og KFUK er rými fyrir fjölbreytt félagsstarf og verkefni. Formlegar stjórnir leiða sex þeirra. Verkefnin eru: Aðaldeild KFUM og KFUK, Karlakór KFUM, Kvinnakórinn Ljósbrott, Basar KFUK, Jól í skókassa og Sportfélag KFUM og KFUK.

Skýrslur þessara verkefna er að finna í kaflum 5.1 til 5.6.

Sjálfbært starf

Til fjölda ára hefur verið lögð á það áhersla að fullorðinsstarf KFUM og KFUK sé sjálfbært fjárhagslega. Þannig er starfið borið uppi af sjálfboðaliðum án þess að taka toll af þeim fjármunum sem ætlaðir eru barna- og æskulýðsstarfi, eða að launað starfsfólk félagsins komi að því sérstaklega.

Þakklæti til sjálfboðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfboðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfboðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkar fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.

5.1 AD KFUM OG KFUK

Áratuga hefð er fyrir starfi svonefndra aðaldeilda (AD) KFUM og KFUK, ætluðu fullorðnum. Lengst af var starfið tvískipt, annars vegar AD KFUK og hins vegar AD KFUM. Frá og með haustinu 2022 hefur verið starfrækt sameiginleg aðaldeild KFUM og KFUK. Markmið AD-fundanna er að vera til trúarlegrar og félagslegrar uppbyggingar.

AD KFUM og KFUK heldur fundi á fimmtudagskvöldum yfir vetrarmánuðina. Að öllu jöfnu eru fundirnir haldnir í félagsheimilinu á Holtavegi en þó er af og til farið úr húsi og fundir haldnir annars staðar. Leitast er við að hafa efnid sem fjölbreyttast og gjarnan fengnir góðir gestir til að halda erindi og fjalla um eða kynna áhugaverð mál efni. Allir fundirnir hefjast með nokkrum upphafsorðum og bæn, sem er jafnan í höndum einhvers úr röðum félagsfólks, og fundunum lýkur svo með hugvekju út frá Guðs orði. Yfirleitt eru sungnir eldri og yngri söngvar eða sálmar úr arfleifð félagsins. Eftir fundina er boðið upp á veitingar og gefur það gott tækifæri til að staldra við og spjalla saman.

Á vormisserinu á síðasta ári var komið víða við í efni fundanna. Það hófst á frásögn af ferð til Egyptalands, síðan var fjallað um Hjálparstarf kirkjunnar og skroppið á jazz-kvöld í Breiðholtskirkju. Félagar úr Fornbílaklúbbi Íslands komu og sögðu frá starfsemiinni og nokkur ljóðskáld úr röðum félagsfólks lásu nokkur ljóða sinni. Gagnleg ráð úr Biblíunni til að lifa góðu lífi voru kynnt og fjallað var um altaristöflur og hlutverk þeirra. Starfsfólk leikskólans á Holtavegi sagði frá markmiðum og starfi leikskólans og rætt var um bata frá tilgangsleysi. Sagt var frá ferð um Grikkland í fótspor Páls postula og björgunarafreki þegar Geysir fórst á Vatnajökli. Loks var farið í vorferð til Þingvalla, með fræðslustund í gestastofunni á Hakinu og helgistund í kirkjunni. Ferðinni lauk svo með kvöldverði í Hveragerði.

Haustmisserið hófst á frásögn af pílágriماجöngu til Rómar sumarið 2024. Síðan tók við fundur í umsjá stjórnar félagsins um stöðu og framtíð KFUM og KFUK á 125 ára afmæli. Fjallað var um upphaf og sögu almennu mótanna svonefndu og greint frá starfi fangaprests. Lög unga fólksins III voru haldin í sal Hjálpræðishersins við Suðurlandsbraut og forstjóri Landsvirkjunar fjallaði um orku og orkuleysi. Nýkjörinn biskup Íslands kom í heimsókn og ræddi stöðu kirkjunnar í breyttu samfélagi og söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar sagði frá nýju sálmasbókinni. Í byrjun desember var svo haldinn árlegur aðventufundur. Á haustmisserinu var auk þess farið í heimsókn í Listasafn Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi þar sem ekkja Sigurjóns sagði frá honum og listsköpun hans, ásamt því að safnið var skoðað.

Nokkrar breytingar urðu á skipan AD-nefndar KFUM og KFUK á árinu 2024. Í lok vormisseris hætti Arna Ingólfssdóttir störfum í nefndinni og kom Alfa Kristjánsdóttir til liðs við nefndina í hennar stað. Aðrir í AD-nefndinni voru Ársæll Aðalbergsson, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Gunnar Jóhannes Gunnarsson (formaður), Ingi Bogi Bogason og Ólafur Sverrisson. Í árslok hætti Ingi Bogi í nefndinni. AD fundir KFUM og KFUK voru vel sóttir á árinu, á bilinu 30 til 50 manns mættu að jafnaði.

5.2 KVENNAKÓRINN LJÓSBROT

Ljósbrott, kór KFUK samanstandur af tónelskum konum sem koma saman einu sinni í viku á Holtavegi 28 og æfa undir stjórn Keiths Reed kórstjóra.

Tíu ára afmælis- og menningarferð Ljósbrots var farin 21. mars 2024 til London. Verkefnið var unnið í samstarfi við íslenska kórinn í London. Ferðin var skipulögð af Keith Reed, Herdísí Ástráðsdóttur, Ástu Þorbjörnsdóttur og Þorvaldi Sigurðssyni (Valda) sem sá um fjármál, bókanir og annan undirbúning. Íslenska sendiráðið í London lagði til æfingaaðstöðu. Kórinn söng fjögur lög í vörguðsþjónustu á Pálmásunnudag í sænsku Lundúnakirkjunni og tvö lög með íslenska kórnum þar í borg. Séra Sjöfn Muller Thor messaði. Sérlega fallegur hljómur var í kirkjunni og ómaði söngurinn alla leið til himna. Að messu lokinni var kaffisamsæti



Sólbjörg Linda Reynisdóttir



Lilja Jakobsdóttir



Alfa Kristjánsdóttir



Kvinnakórinn Ljósbrott æfir á miðvikudögum kl. 17:00 í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi.



Kórkonur að sauma kórbúninga sem teknir verða í notkun á vortónleikum 2025.

og páskaeggjábíngó í kjallara kirkjunnar á vegum Íslendingafélagsins. Ánægjulegt var að fagna kórstarfinu á þennan hátt og ferðin sérlega vel heppnuð.

Aðalfundur Ljósbrots var haldinn 3. apríl 2024. Í stjórn kórsins voru kosnar Sólbjörg Linda Reynisdóttir, formaður, Lilja Jakobsdóttir, gjaldkeri og Alfa Kristjánsdótti ritari. Ásta Bryndís Schram ritaði fundargerð.

Vortónleikar Ljósbrots voru haldnir þann 5. maí síðastliðinn. Á efnisskránni voru íslensk lög í útsetningum Keiths kórstjóra. Vetrarstarfið hófst í september í kvennaflokki í Vindáshlíðarkirkju. Nefna má söng hjá Kristilegu félagi heilbrigðisstétta í nóvember síðastliðnum. Að venju söng kórinn á aðventukvöldi KFUM og KFUK. Kórinn sá um kaffiveitingar á fundinum og þar safnaðist upphafskostnaður fyrir væntanlegt kórferðalag vor 2026. Kórinn kom saman í súpu, pakkaleik og sálmasöng á aðventustund þann 11. desember síðastliðinn. Þegar þetta er ritað eru kórkonur að sauma kórbúninga sem verða frumsýndir á vortónleikum kórsins.

Viltu ganga í kórinn? Prófaðu að koma á æfingu hjá okkur. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Keith Reed kórstjóra (keithbarintone@gmail.com).

ALFA KRISTJÁNSDÓTTIR
RITARI LJÓSBROTS



5.3 KARLAKÓR KFUM

Starfsárið hófst mánudaginn 15. janúar 2024 með því að rúmlega 20 miðaldra drengir dustuðu rykið af raddböndunum á fyrstu æfingu ársins. Eins og áður voru æfingar alla mánudaga kl.19.30 undir dyggri stjórn Ástu Haraldsdóttur og Bjarna Gunnarssonar. Í hálfleik var orð og bæn framreitt af kórmeðlimum. Þetta er að allra mati ómissandi þáttur. Aðalfundur kórsins var haldinn 18. mars 2024. Venjuleg aðalfundarstörf voru viðhöfð og að sjálfsögðu stjórnarkjör. Þar sáum við á eftir Palla okkar Skafta, sem búinn var að þjóna okkur í 3 ár. Fengum við í staðinn ljúfan og góðan dreng sem formann, Gunnar Jóhannes Gunnarsson. Aðrir í stjórn eru Helgi Gíslason gjaldkeri og Stefán Sandholt ritari. Endurskoðendur reikninga eru reiknimeistararnir Sigurjón Gunnarsson og Kári Geirlaugsson.



Eftir nokkrar æfingar hófst vorönn. Skógarmenn óskuðu eftir kórnum á veislukvöldi 1. mars og tókst það í alla staði mjög vel. Daginn eftir, 2.mars tók kórinn þátt í tónleikum í kristniboðsviku, sem haldnir voru í Fíladelfíukirkjunni og fengum við mikið lof fyrir. Það var ekkert lát á eftirspurninni. Næst voru það tónleikar Skógarmanna á sumardaginn fyrsta. Síðan ber að nefna sjálfa vortónleikana 15. maí, sem að flestra mati tókust með ágætum og fengum við hrós víða að. Sameiginleg vorferð með AD KFUM og KFUK var farin í maí. Ferðin var ekki af verri endandum. Skundað var á Þingvöll og byrjað með fræðslustund í gestastofu á Hakinu og endað með helgistund í Þingvallakirkju. Þar nutum við nærveru sr. Axels Árnasonar. Stund sem seint líður úr minni. Ferðinni lauk síðan á veitingastað í Hveragerði þar sem boðið var upp á smurbrauð af fullkomnustu gerð. Nærveru okkar var óskað við tvennar útfarir bæði í júní og ágúst. Það voru heiðursmennirnir Eggert Kristjánsson og sr. Frank M. Halldórsson. Sumarið leið, skin og skúrir en aðallega skúrir.

Haustönnin hófst með miklum myndarbrag. Sálmafoss í Lindakirkju 30. ágúst. Það var Guðný Einarisdóttir söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar sem hafði veg og vanda að þessu. Yfir 20 kórar voru skráðir til leiks. Þetta var ánægjuleg þátttaka og kórnum til mikils sóma. Æfingadagur var haldinn laugardaginn 23. nóvember og heppnaðist vel.

Nokkuð var bókað inn á haustið enda ekki skrítið þar sem kórinn er í mikilli framför. Þar ber fyrst að nefna herrakvöld Skógarmanna, aðventukvöld KFUM og KFUK og ekki má gleyma samveru í Friðrikskapelli þar sem komu fram karlakórinn Fóstbræður og Valskórinn. Síðast en ekki síst sjálfir jólatónleikarnir 12. desember á Holtavegi. Þar nutum við aðstoðar einsöngvarans Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar ásamt dásamlegum fíðuleik systranna Þórdísar Emilíu og Bjarneyjar Önnu Aronsdætra.

Ég held að ekki sé á nokkurn hallað þó þeim sé sérlega þakkað: Guðlaugi Gunnarssyni fyrir textagerð, heimasíðu o.fl. Alberti og Stefáni Inga fyrir kaffiupppáellingar í hálfleik og Hans Gíslasyni sem nótnahirði.

Á heildina litið getum við við svo sannarlega verið stoltir af starfi kórsins. Gaman væri ef fleiri sæju sér fært að taka þátt. Við biðjum þess að svo megi verða.



5.4 BASAR KFUK

Basar KFUK er árlegur jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið er fjáröflun fyrir ýmis verkefni félagsins KFUM og KFUK. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basar KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Berglind Ósk Einarisdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórnandi. Stór hópur af sjálfbóðaliðum koma saman og starfa með stjórn í undirbúningsnefnd. Í þeim hópi þetta árið voru Áslaug Dóra Einarisdóttir, Guðrún Nína Petersen, Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir, María Sighvatsdóttir og Salóme Jórunn Bernharðsdóttir.



Basarinn var haldinn laugardaginn 30. nóvember 2024 frá kl. 13 - 17. Allir eru hjartanlega velkomnir á elsta basar landsins og versla vönduð handverk, sem er kjörið tækifæri til að styðja við starfsemi félagsins. Ilmur af nýbökudum vöfflum og kakói mætti gestum basarsins þegar það steig inn í hlýjuna í félagshúsinu okkar á Holtavegi 28. Mikið magn af glæsilegu handverki fyllti borðin og má þá nefna handsaumaðar snyrtibuddur, Harry Potter bókamerki, krossasaumaðir jólaillpokar, hvolpa- og tígrisdýraveski, útsaumuð jólatré á stöndum, dúkkuferðarúm, handsaumað barnasængurver með bæn og margt fleira sem sjálfbóðaliðar hönnuðu og útfærðu af einskærri sköpunargleði. Gaman að segja frá því að flest




allt af handverkinu er unnið af félagskonum sem hittast reglulega undir stjórn Helgu Friðriksdóttur. Skemmtileg viðbót við úrvalið þetta árið voru glæsilegar ljósum skreyttar piparkökukirkjur af Hallgrímskirkju í Vindáshlíð. Aftast í salnum voru borðin hlaðin af heimagerðu góðgæti, girnilegum kökum, tertum, brauðmeti og sultum sem seldust fljótt upp og glöddu eflaust marga yfir jólahátíðina. Það er tilvalið að kíkja á Basar KFUK fyrri part laugardags, styrkja félagið með því að versla kræsingar og bjóða svo fjölskyldu og vínum heim í jólakaffi seinnipartinn. Margir litu við og sýndu stuðning í verki og kaupum. Fjáröflunin gekk einstaklega vel þetta árið. Ákveðið hefur verið að láta ágóða renna til sumarbúðanna Vindáshlíð. Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lögðu Basar KFUK lið á árinu. Basarinn er ekkert án sjálfbóðaliða og vinna allra er ómetanleg. Sérstakar þakkir til þeirra sem standa kaffisöluvaktina. Það gleður okkur mikið að sjá þær gullfallegu vörur sem voru gefnar á basarinn og úrvalið af heimagerða góðgætinu var glæsilegt. Þakkir fara einnig til allra sem komu versluðu og gáfu peningagjafir. Basarstjórn þakkar fyrir árið og við erum fullar tilhlökkunar fyrir næsta basar.



5.5 JÓL Í SKÓKASSA

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðastarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu: Björgvin Þórðarson, formaður Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri Hreinn Pálsson, ritari Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi



Verkefni stjórnarinnar
Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna og móttaka á jólagjöfum. Önnur verkefni stjórnarinnar voru m.a. samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Söfnun gjafa
Árið 2024 var tuttugasta og fyrsta árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í



Gjafir mótteknar í janúar 2025.

félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 9. nóvember, 2024 en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsfólk KFUM og KFUK gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum. Alls söfnuðust 4.021 gjafir. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 11. nóvember 2024 var gámurinn stóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í Úkraínu. Eimskip styrkti flutninginn innanlands og sá um sjóflutninginn.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu
Sjálfbóðaliðar okkar í Úkraínu sáu alfarið um dreifingu gjafanna sem lauk í lok janúar 2025. Aðstæður voru krefjandi og allt aðrar en vanalega vegna stríðsins sem er núna í gangi í Úkraínu. Lítið hefur verið sprengt á því svæði sem við höfum helst verið að þjóna en þeim mun fleiri koma þangað á flóttu og hafa lítið sem ekkert á milli handanna. Hver einasti pakki frá Íslandi gerir mikið fyrir hvert barn og ungmenni á þessu svæði.

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í verkefninu sem sjálfbóðaliðar og til þeirra sem gáfu gjafir. Það er ykkur að þakka að fjöldi barna sem býr við erfiðar aðstæður fær jólagjöf sem gleður.





Ævintýraferð í Reykjarfjörð nyrðri á Ströndum.

5.6 SPORTFÉLAG KFUM OG KFUK

Sportfélag KFUM og KFUK er útivistarfélag sem stendur fyrir gönguferðum og stöku hjólaferðum. Sportfélagið er opið öllu útivistaráhugafólki, óháð því hvort viðkomandi er félagi í KFUM og KFUK. Allir viðburðir eru auglýstir í facebook hópnum „Sportfélag KFUM og KFUK“ og allar styttri ferðir eru ókeypis. Hátt í 700 manns eru skráðir í facebook hópinn. Þrígga manna stjórn Sportfélagsins hefur setið óbreytt undanfarin ár. Hana skipa Pétur Ásgeirsson formaður, Anna Magnúsdóttir ritari og Guðrún Nína Petersen gjaldkeri.



Pétur Ásgeirsson



Anna Magnúsdóttir



Guðrún Nína Petersen

Þrír stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2024, í formi netfunda, auk þess sem stjórninni gafst oft tækifæri til að ræða málin í gönguferðum. En helstu verkefni hennar eru skipulagning ferða og utunumhald um facebook-hópinn.

Á árinu 2024 voru 24 viðburðir á dagskrá, eða að meðaltali tveir á mánuði. Viðburðirnir dreifðust þó ekki jafnt yfir árið heldur var talsvert meira um að

vera yfir sumarmánuðina. Að meðaltali mættu 10 manns á hvern viðburð. Í júlíbyrjun fór 24 manna hópur í Reykjarfjörð nyrðri á Ströndum, gisti þar fjórar nætur og fór í gönguferðir í stórkostlegri náttúru. Pétur Ásgeirsson var fararstjóri í þeirri ferð og í u.þ.b. helmingi ferða Sportfélagsins á árinu. Annar hápunktur sumarsins var Hólavatsferð í ágúst þar sem þátttakendur gistu þrjár til fjórar nætur í sumarbúðunum á Hólavatni. Farið var í gönguferðir, bæði á fjöll og láglendi í nágrenni staðarins. Brynhildur Bjarnadóttir var fararstjóri og ásamt henni sáu stjórnarkonurnar Guðrún Nína og Anna um skipulag.



Nærandi fyrir líkama, sál og anda! Haustferð á Gullbringu við Kleifarvatn.

Ánægja var með báðar þessar löngu ferðir sumarsins.

Fjórir Sportfélagar tóku þátt í gönguviku á Spáni í október sem biblíu- og kristniboðsmiðstöðin Centro Sarepta stóð fyrir með aðkomu Sportfélagsins eins og undanfarin tvö ár.

Af styttri ferðum ársins má nefna gönguferð þar sem slegið var met í fjölda þátttakenda þegar 28 manns gengu hring um Geldinganes í mars. Einnig var góð þátttaka í dagsgöngu í nágrenni Kleifarvatns í september og í síðustu göngu ársins um Fossvogsdal í Reykjavík þar sem endað var í kaffibóði í heimahúsi og gefið upp hverjir höfðu mætt best á viðburði ársins. Tvær af 24 ferðum ársins voru hjólaferðir, önnur í Reykjavík og hin á Akranesi.

Anna Magnúsdóttir var fararstjóri í flestum haust- og vetrarferðum. Auk stjórnarinnar og Brynhildar Bjarnadóttur sem áður var nefnd stýrðu þau Finnbogi Björnsson, Hafsteinn Kjartansson, María Óskarsdóttir og Sigurbjört Kristjánsdóttir stökum ferðum og Centro Sarepta útvegaði fararstjóra á Spáni.

Sportfélagið leitast við að flétta útivist saman við kristið trúarlíf og markar sér þannig sérstöðu í flóru gönguklúbba. Stundum eru lesin ritningarorð, bænir eða önnur orð til íhugunar í ferðunum. Sportfélagið hefur líka auglýst og tekið óbeinan þátt í viðburðum annarra, eins og samkirkjulegri bænagöngu á sumardaginn fyrsta og hjóltreðamesu safnaða í Hafnarfirði og Garðabæ.

Hreyfing utandyrá í kristnum félagsskap er nærandi fyrir líkama, sál og anda. Allir sem getu hafa til göngu- eða hjólaferða eru velkomnir með.

ANNA MAGNÚSDÓTTIR
RITARI SPORTFÉLAGS KFUM OG KFUK



Stjórn Sportfélagsins í rigningargöngu í Grafingsfjöllum.



Að við fótabaðið á Seltjarnarnesi í hjólaferð 1. maí.



Ekkert þátttökugjald er í Sportfélagið og flestar ferðir ókeypis. Hópur í blíðskaparveðri á Hrómundartindi við Ölkelduháls.



Íslenski hópurinn sem fór til Michelstadt og tók þátt í European YMCA Youth Workers Camp.

6. ALPJÓÐASTARF

HILMAR JÓNSSON
TÓK SAMAN



Alþjóðlegt samstarf er hluti af starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi þar sem félagið tilheyrir stærra alþjóðlegu samfélagi. Félagið á í samstarfi við sambærileg samtök bæði innan Evrópu og á heimsvísu, auk sérstaks norræns samstarfs og vinasamstarfs við alþjóðaráð Dana. Félagið tekur einnig þátt í fjölbreyttum verkefnum fyrir ungmenni og leiðtoga, stundum í samstarfi við önnur félagasamtök eða á styrkjum Evrópusambandsins. Alþjóðastarfið fer fram bæði innanlands og erlendis.

Alþjóðaráð

Alþjóðaráðið vinnur að því að efla alþjóðlega þátttöku og tengsl KFUM og KFUK á Íslandi. Það sér um samskipti við erlenda aðila, fylgist með viðburðum og verkefnum erlendis og hefur umsjón með vali þátttakenda í þau. Einnig sinnir ráðið kynningu á starfi félagsins erlendis. Alþjóðaráðið skipa: Hilmar Jónsson formaður, Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, Guðmundur Tómas Magnússon og Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir.

Leiðtoganámskeið í Michelstadt

Leiðtoganámskeiðið „European YMCA Youth Workers Camp“ fór fram í sumarþúðum KFUM í Michelstadt í Þýskalandi dagana 2. til 11. ágúst. Námskeiðið bar yfirskriftina „Ignite change - young leaders walking towards sustainable and healthy communities“. Námskeiðið sóttu átta ungir leiðtogar frá Íslandi ásamt fararstjórum. Á námskeiðinu fengu þátttakendur tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu ásamt því að læra af öðrum þátttakendum frá Belarús, Írlandi, Kósovó, Möltu, Rúmeníu, Rússlandi, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi, Úkraínu og Þýskalandi. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ sjóðnum Evrópusambandsins. Fararstjórar ferðarinnar voru Jóhann H. Þorsteinsson og Gunnar Hrafn Sveinsson.

Danskir sjálfbóðaliðar í Vatnaskógi

Vatnaskógur tók á móti tveimur dönskum sjálfbóðaliðum í júlí í 7. og 8. flokk. Tekið var á móti þeim með heimsókn í hefðbundna íslenska sundlaug, íslenskum mat og akstri fallegru leiðina upp í Vatnaskóg. Þeir komu í miðjan 6. flokk en störfuðu sem sjálfbóðaliðar og sinntu í bland hefðbundnum foringja- og sjálfbóðaliðastörfum í 7. og 8. flokki. Eftir það dvöldu þeir í Reykjavík í nokkra daga þar sem þeir kynntust bæði landi og þjóð.



Anton Riis Vestergaard og Stefan Wigh Tvermoes frá KFUM og KFUK í Danmörku störfuðu sem sjálfbóðaliðar í Vatnaskógi.



Aðalfundur YMCA Europe fór fram í Aþenu í maí 2024. Hilmar Jónsson og Hreinn Pálsson sóttu fundinn fyrir hönd Íslands.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu (YMCA Europe), samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu

Aðalfundur KFUM í Evrópu (YMCA Europe) var haldinn í Aþenu, Grikkland á Brown Acropol hótelinu dagana 23. til 26. maí. Á fundinum voru hefðbundin fundarstörf auk kosninga til stjórnar þar sem Hilmar Jónsson tók sæti í stjórn KFUM í Evrópu. Hilmar Jónsson og Hreinn Pálsson sóttu fundinn fyrir hönd félagsins.

Þema fundarins var “Living the Vision”, með áherslu á framtíðarsýn samtakanna til ársins 2030. Á fundinum komu saman leiðtogar frá Evrópu, fulltrúar World YMCA og Y-USA, til að ræða stefnumótun, samstarf og framtíðarsýn.



Sara Mølgaard Nielsen og Magnus Juul Johansen eru í alþjóðaráði KFUM og KFUK í Danmörku komu í vettvangsferð til Íslands á haustdögum 2024. Hér eru þau ásamt Hilmarí Jónssyni við fossin Glym í Hvalfirði, á leiðinni í Vatnaskóg.



Stjórn YMCA Europe. Hilmar Jónsson formaður alþjóðaráðs KFUM og KFUK á Íslandi tók sæti í stjórninni.



Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum fór fram í Osló 24.-26. janúar 2025. Stefán Jónsson og Tómas Torfason sóttu fundinn.



Framkvæmdastjórar KFUM og KFUK á Norðurlöndunum, fv. Alexander Clemenson (Svíþjóð), Juha Virtanen (Finnland), Øivind Mehl Landmark (Noregur), Tómas Torfason (Ísland) og Jørgen Kvist (Danmörk).

AÐALFUNDUR KFUM Í HOLLANDI

Aðalfundur KFUM í Hollandi (nl. YMCA Nederland) var haldin 29. júní á hóteli þeirra í Den Dolder. Den Dolder er lítill bær sem er þekktur fyrir fallega náttúru og möguleika til útivistar. Ég fór sem fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi á fundinn en ég fékk persónulegt boð frá Robin úr alþjóðaráðinu þeirra sem hafði komist að því að ég væri í skiptinámi í Amsterdam. Þau voru mjög rausnarleg og var mér boðið far á staðinn með stjórnarmeðliminum, Michelle.

Fundurinn stóð yfir í um 6 klst. og var allur á hollensku. Það kom þó ekki að sök þar sem að Robin og Michelle þýddu meirhluta fundarins fyrir mig. Það sem kom á óvart var hvað tíminn leið í rauninni hratt en það verður að segjast að þetta var við fyrstu sýn sem óyfirstíganlegt fjall. Sex klukkutíma fundur á tungumáli sem ég kann ekki. En Hollendingarnir gættu þess að brjóta upp formlegt fundarhald. Á milli þunga kafla voru “energisers” en þau voru allir beðnir um að stíga á fætur og taka þátt í allskyns leikjum og hreyfiprautum með mismiklum þokka. Undirrituð átti ögn erfitt með litaleikinn þar sem maður átti að finna eitthvað í þeim lit sem kallaður var. Hverjum hefði dottið í hug að fjóluþlár væri „paars“ á hollensku.

Dagskráin var líka brotin upp með umræðuhópum. Ég tók þátt í umræðuhóp sem varðaði alþjóðastarfið þeirra. Þar fengum við að heyra sögur fólks sem hafði tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum, sum hver mannúðarverkefni. Áhugavert var að heyra hvernig verkefni þeirra eru fjármögnuð en það er mest allt af Erasmus+ styrkjum. Félagið sem slíkt fjármagnar sig aðalega á hótelinu.

Eitt af aðal málunum sem var rætt á fundinum var staðsetning fyrir sumarbúðirnar. Ólíkt þeim sem eru á Íslandi þá eru sumarbúðir KFUM í Hollandi tjaldbúðir sem standa yfir í 1-2 vikur. Ein af aðal sumarbúðunum var búin að missa svæðið sitt þar sem að 100 ára samningi var að ljúka og fjölskyldan sem átti landið vildi nýta það í uppbyggingu á „resort“. Annað mál sem vakti miklar umræður og harkaleg viðbrögð var deildaskipting félagsins, en líkt og á Íslandi er KFUM Holland einungis ákveðin regnhlíf yfir allar þær deildir sem er að



finna. Ein deildin hafði ákveðið að skera sig úr þar sem þau voru ósátt með vinnubrögð KFUM Hollands. Vakti það mikla reiði hjá mörgum að þau hafi ekki verið skikkuð til að halda sig innan ramma félagsins eða að öðrum kosti missa réttinn til þess að bera KFUM nafnið. Þetta var rætt í töluvert langan tíma og er kannski ástæðan fyrir því að það er boðið upp á ókeypis drykki í lok fundar, aðeins að gera fólk ánægðara áður en það heldur heim á leið. Annars var mikið af veitingum á fundinum, kökur og kruðerí og kaffi og te með. Hádegismatur var í formi hlaðborðs og var allskyns í boði, súpur, brauð (mjög hollenskt) og allskyns aðrir réttir. Hollendingarnir eru mjög spenntir fyrir því að auka samstarf við okkur á Íslandi.

Það var bongó á meðan fundinum stóð og sátum við út í sólinni að borða matinn okkar og tengjast náttúrunni með tánum, sem er víst mjög mikilvægt samkvæmt Robin og Michelle. Þannig þennan eina sólarlag sem er á hverju sumri þá mæli ég með því að koma sér út og tengjast náttúrunni með tánum!

Margrét B W Waage Reynisdóttir



Þátttakendur í European YMCA Youth Workers Camp.

Kynningarfundur alþjóðaráðs og heimsókn Dana

Kynningarfundur alþjóðaráðs var haldinn í félagsheimilinu Holtavegi og á Teams þann 14. september. Fundurinn var sérstaklega ætlaður fyrir ungt fólk og hann sóttu um 20 manns. Á dagskrá var uppgjör Michelstadt, yfirferð á verkefnum alþjóðaráðs síðustu ár og kynning frá alþjóðaráði danska KFUM og KFUK en þau voru sérstaklega boðin í heimsókn þessa helgi.

Heimsókn frá danska alþjóðaráðinu

Heimsókn fulltrúa danska alþjóðaráðsins (Globale fællesskaber) til Íslands stóð yfir dagana 12. til 15. september. Tveir fulltrúar komu til landsins til að kynna sér íslenska félagið og kynna sína starfsemi. Þau hittu íslenska leiðtoga og skoðuðu með þeim náttúru landsins ásamt því að gefa okkur innisýn í starf danska félagsins sem var okkur mikil hvatning.

Aðalfundur KFUM í Hollandi

Aðalfundur Hollenska KFUM fór fram á KFUM hóteli í Den Dolder þann 29. júní. Margrét B. W. Waage Reynisdóttir mætti sem fulltrúi Íslands á fundinn. Margrét hafði fengið persónulegt boð á fundinn en hún varði síðastliðnu skólaári í skiptinámi í Hollandi.

Aðalfundur og samráðsþing KFUM og KFUK í Danmörku

Aðalfundur og samráðsþing KFUM og KFUK í Danmörku (Landsmøde 2024) var haldið í Nyborg á Hotel Nyborg Strand dagana 8. til 10. nóvember síðastliðinn. Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Margrét B. W. Waage Reynisdóttir sóttu fundinn fyrir okkar hönd. Viðburðurinn er haldinn annað hvert ár og er bæði formlegur aðalfundur landssambandsins og samráðsþing. Þar hittu þau nokkra kollega, ræddu um möguleg verkefni, kynntust döskum kúms og hittu félagið úr öðrum KFUM og KFUK félögum víðsvegar um heiminn. Þangað er um 30 erlendum gestum frá vínafélögum danska félagsins boðið og efnið þýtt fyrir þau á ensku í gegnum þráðlaus heyrnartól.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Norrænn fundur formanna og framkvæmdastjóra fór fram í Oslo 24.-26. janúar, nánar tiltekið í KFUM og KFUK lýðháskólanum í Runningen. Tómas Tómasson framkvæmdastjóri og Stefán Jónsson sóttu fundinn fyrir hönd félagsins.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við KFUM í Úkraínu í gegnum verkefnið Jól í skókassa. Er komið nánar inn á það samstarf í kafla 5.5 sem er tileinkaður verkefninu.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

KFUM og KFUK hefur haft djúpstæð áhrif á mig og er mér ómetanleg gjöf. Ég kynntist starfi félagsins sem barn í æskulýðsstarfi í Keflavík og sumarbúðum. Síðar varð ég starfsmaður og leiðtogi í þessu einstaka samfélagi, sem hefur gefið mér gríðarlega reynslu.



Í KFUM og KFUK hef ég fengið tækifæri til að axla ábyrgð, vaxa og kynnst frábæru fólki. Félagið hefur hvatt mig til að fara út fyrir þægindarammann, læra af mistökum, vinna í hópi og treysta á eigin getu. Fjölbreytt verkefni hafa kennt mér margt sem nýtist mér á lífsleiðinni.

En það dýrmætasta er vináttan. Ævilöng tengsl myndast í þessu samfélagi, þar sem kærleikur, virðing og samvinna eru í forgrunni – staður þar sem allir eru velkomnir og fá að vera þeir sjálfir. Trúin skipar einnig stóran sess í starfi KFUM og KFUK. Þar hef ég kynnst Guðs orði, fundið styrk í bænum og byggt upp trú mína í umhverfi fullt af kærleika og velvild.

Fyrir mig er KFUM og KFUK meira en félag – það er fjölskylda, skóli lífsins og samfélag sem ég mun ávallt vera þakklát fyrir.

Unnur Ýr Kristinsdóttir

7. INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV skipuðu þau Tómas Torfason formaður (KFUM og KFUK), Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg) og Ragnar Þór Þrastarson (BÍS). Valdís Helga Þorgeirsdóttir verkefnastjóri ÆV, lét af störfum í janúar 2025. Við starfi hennar tók Kolbrún Ósk Pétursdóttir. Á starfsárinu tók Ragnar við formennsku af Tómasi, sem sinnt hafði formennsku frá árinu 2020.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Starf ÆV felst í að auka gæði og öryggi í íþrótt- og æskulýðsstarfi með hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi. Það gerir ÆV með fræðslustarfi og námskeiðum, með því að miðla þekkingu og reynslu og með því að leggja til verkfæri og verkferla. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs

KFUM og KFUK á gott samstarf við Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, sem skipaður er af stjórnvöldum. Markmiðið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþrótt- og æskulýðsstarf fari

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Starfsfólk hjá embætti samskiptaráðgjafa eru Kristín Skjaldardóttir og Hjálmtýr Alfreðsson.

Eftir að embætti Samskiptaráðgjafa var sett á laggirnar, hefur starfsemi Æskulýðsvettvangsins breyst. Tilkynningar um einelti, kynferðisbrot og aðra óæskilega hegðun færst núna beint til Samskiptaráðgjafa, en Æskulýðsvettvangurinn sinnir fyrst og fremst fræðslu- og forvarnarstarfi.

Kristilega skólahreyfingin

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Samstarfið er það náið að margir líta á starf skólahreyfingarinnar sem hluta af starfi KFUM og KFUK. Starf KSS miðast við aldurshópin 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarf skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík. Starfsmaður KSH er Matthías Guðmundsson. Hann er með starfsaðstöðu á Holtavegi 28 og er hluti af starfsmannateymi KFUM og KFUK. Starfshlutfallið er 50%. KSS heldur vikulega fundi sína í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og árleg mót sín í sumarþúðum félagsins. Þá fléttast starf KSS saman við leiðtogaþjálfun félagsins. Starf KSF hefur einnig verið blómlegt á starfsárinu. Samverur hafa verið hálfmánaðarlega.



Friðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

Þjóðkirkjan

Præðir KFUM og KFUK og Þjóðkirkjunnar liggja víða saman. KFUM og KFUK á Íslandi á náið og gott samstarf við marga söfnuði Þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjanámskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Félagið á mikið samstarf við söfnuði Þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11). Þá nýta fjölmargir hópar innan Þjóðkirkjunnar aðstöðu í sumarþúðum KFUM og KFUK fyrir námskeið og aðra viðburði.

Friðrikskapella á Hlíðarenda

Friðrikskapella er sjálfseignarstofnun á vegum KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í Friðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánudögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði og samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í stjórn kapellunnar er Kári Geirlaugsson.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við Mennta- og barnamálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Örvar Ólafsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og Mennta- og barnamálaráðuneytisins af hálfu ríkisins.



KFUM og KFUK á Íslandi á náið og gott samstarf við marga söfnuði Þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Félagið hefur átt áralangt samstarf við Fella- og hólakirkju.

Sveitarfélög

KFUM og KFUK á gott samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þjónustusamningar eru á milli KFUM og KFUK Suðurnes (sjá kafla 18) og Reykjanesbæjar annarsvegar og milli KFUM og KFUK á Akureyri (sjá kafla 16) og Akureyrarbæjar. Hafnarfjarðarbær styður starfið í Kaldáseli auk þess sem KFUM og KFUK á gott samstarf við Kópavogsbæ vegna leikjanámskeiða í Lindakirkju. Leikskólinn Vínagarður (sjá kafla 19) á gott samstarf við fræðsluvið Reykjavíkurborgar og Vínasetrið í Kaldárseli (sjá kafla 20) á gott samstarf við félagsþjónustur sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins.

Almannaheill

KFUM og KFUK er fullgildur aðili að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans. Samtökin vinna að sameiginlegum hagsmunarmálum almannaheillafélaga, meðal annars að skattaleg staða þeirra verði bætt. Tómas Torfason, framkvæmdastjóri KFUM og KFUK, hefur verið stjórnarformaður Almannaheilla frá því í júní 2023.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Segja má að ég hafi alla tíð verið í KFUM og KFUK. Foreldrar mínir voru virkir þátttakendur í félaginu og einnig í starfi Kristniboðssambandsins. Ég var skírður á almennu móti í Vatnaskógi rúmlega mánaðargamall og tók þátt í þeim mótum á meðan þau voru við lýði. Ég fór í drengjaflokka í Vatnaskógi og meira að segja í stúlnaflokka í Vindáshlíð fáein skipti en þá voru foreldrar mínir forstöðuhjón þar og ekki hægt að skilja ungan drenginn einan eftir heima. Ég sótti fundi í VD, YD og UD og var svo allmörg ár leiðtogi í YD-deild. Ég var foringi í Vatnaskógi þrjú sumur og seinna var ég fimm ár í stjórn Skógarmanna. Ég var nokkur ár tónlistarstjóri á sunnudagssamkomum á Holtaveginum. Undanfarna áratugi hefur þátttaka mín í starfi félagsins að stórum hluta einmitt verið á tónlistarsviðinu, einkum með undirleik á fundum og samkomum.

Af framansögðu má þá ljóst vera að þetta merka félag, KFUM og KFUK, er mér afar kært. En hvers vegna er það og hvað hefur hvatt mig til þess að taka svona mikinn þátt í starfinu í gegnum áratugin? Ástæðan er sá boðskapur sem félagið hefur fram að færa. Allt starfið snýst um fagnaðarerindið um Jesú Krist, að hann gaf sitt líf fyrir okkur, sigraði dauðann og býður okkur eilíft líf með sér. Enginn getur sýnt meiri kærleika en þennan. Vegna starfs KFUM og KFUK hafa ótal einstaklingar eignast trú á Jesú Krist og fundið frelsið í honum. Þessu erindi þarf félagið okkar alltaf að halda hátt á lofti.

Bjarni Gunnarsson

8. ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar kemur að kynningarstarfi fyrir sumarbúðirnar.

Ársskýrsla

Vorið 2024 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2023–2024 og var send til félagsfólks ásamt boðsbréfi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins.

Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugu vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af nýu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Á starfsárinu hefur verið unnið að endurnýjun vefsvæðis félagsins í samvinnu við vefstofuna Avista.



KFUM og KFUK tók þátt í kirkjudögum Þjóðkirkjunnar m.a. með kynningarbás. Þær Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og María Rut Arnarsdóttir kynntu starf félagsins.

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



Bókunarvefur KFUM og KFUK, sumarfjor.is, er mikilvægur snertiflötur félagsins við félagsfólk, foreldra og allan almenning.

Facebook síða KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan hefur rúmlega 2600 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrundar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almenning. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins. KFUM og KFUK notar einnig Instagram til að kynna starfið, undir heitinu kfumkfukiceland. Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>. Myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islam/>. Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfjor.is sem er sérsníðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.

Efnisveita, námsvefur og handbók sumarbúða

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni www.kfum.is/efnisveita. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag. Handbók sumarbúðanna er á slóðinni www.kfum.is/handbok. Þar má nálgast fjölbreyttar upplýsingar og fræðslu fyrir starfsfólk sumarbúðanna. Loks má nefna Námunu - námsvef KFUM og KFUK (<https://kfum.is/naman>), en þar má nálgast vefnámskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi félagsins.

Netfréttir

Í hverri viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til

að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrund Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2025 var gefið út 16 síðna sumarbúðablað þar sem sumarbúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2025 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 3000 eintökum. Þá var 8 bls. kynningarblað (byggt á sumarbúðablaðinu) sent út sem fylgiblað með Morgunblaðinu 27. febrúar 2025. Samhliða voru keyptar auglýsingar á vefmiðlum, bæði visir.is og mbl.is, í útvarpi, auk þess sem lögð var áhersla á samfélagsmiðla. Kynningarnefnd skipuðu: Ársæll Aðalbergsson, Helga Sóley Björnsdóttir, Kristrún Guðmundsdóttir, Pétur Sigursson og Tómas Torfason. Auk þeirra komu Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Jón Ómar Gunnarsson að söfnun auglýsinga og styrkja fyrir blaðið. Í framhaldi af samræmdum sumarbúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarbúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarbúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.

Þáttaka á viðburðum

KFUM og KFUK var með kynningarbás á kirkjudögum Þjóðkirkjunnar sem haldnir voru í Lindakirkju í ágúst 2024. Jafnframt tók KFUM og KFUK þátt með sambærilegum hætti í Fundi fólksins, ráðstefnu Almannaheilla sem fram fór í Hörpu í lok nóvember 2024.

Útgáfa á vegum leikskólans Vinagarðs.

Heildstæðri endurskoðun á skólanámskrá leikskólans lauk á árinu 2024 en hún var gefin út í júní. Í framhaldinu verður hún innleidd í starf leikskólans og innra mat auk þess sem hún verður kynnt foreldrum og öðrum áhugasömum um starf skólans. Læsisáætlun og Handbók um stuðning í leikskólastarfinu komu einnig út á árinu. Undanfarin ár hafa stjórnendur í Vinagarði gert gangskör að því að uppfæra og gera nýjar áætlanir um leikskólastarfið sem leikskólum er ætlað að hafa. Dæmi um útgáfur auk nýrrar skólanámskrár eru Áfallaáætlun, Handbók um snemmtæka íhlutun, Jafnréttisáætlun, Mat á námi og velferð barna, Fáliðunaráætlun, Starfsmannahandbók, Stefna Vinagarðs í eineltis-, áreitni og ofbeldismálum og Viðverustefna.



Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

KFUM og KFUK hefur verið mikilvægur partur af mínu lífi síðan að ég fór í minn fyrsta dvalarflokk í Vindáshlíð árið 2014. Ég man eftir því að hugsa: „Þegar ég verð stór, ætla ég að verða foringi í Vindáshlíð, því þær eru alltaf svo glaðar og þetta virðist vera svo skemmtilegt“.



Það gerðist heldur betur og núna hef ég unnið í flestum sumarbúðunum KFUM og KFUK og auk þess að starfa í æskulýðsstarfinu yfir veturinn. Að taka þátt í félaginu hefur byggt mig upp og kennt mér mikið, hvort sem það er um Guð, samvinnu, ábyrgð eða bara vinabandagerð.

Samfélagið í KFUM og KFUK er án efa það besta sem ég hef verið partur af. Þau sem leiða sýna ungu fólki svo mikið traust, vilja sjá þau vaxa og þroskast og veita svo mikinn stuðning til þess. Maður finnur fyrir svo miklum kærleika og umhyggju í félaginu. Ég væri ekki manneskjan sem ég er í dag án KFUM og KFUK. s

Það er ekki einfalt að segja hvers virði KFUM og KFUK er fyrir mér, en ég er ævinlega þakklát fyrir félagið og öll sem að því koma.

Ég dýrka þetta félag og allt sem það býður upp á fyrir alla, krakka, unglinga og fullorðna. Ég vona að sem flestir geta verið partur af þessu samfélagi því það er svo dásamlegt.

Svanhildur Reynisdóttir

9. HÚSNÆÐI OG STARFSAÐSTAÐA

KFUM og KFUK á og rekur húseignir á átta stöðum á landinu, á 27 fastanúmerum sem telja samtals 8.684 fm. Auk þess að bera ábyrgð á umfangsmiklu, vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi, ber stjórn félagsins og stjórnir starfsstöðvanna því einnig ábyrgð á fjölda húseigna, viðhaldi þeirra og starfsaðstöðu þeim tengdum.

Hér er ekki um að ræða eignir í hefðbundinni merkingu, þ.e. húsin ganga ekki kaupum og sölum, heldur er um að ræða starfsaðstöðu og umgjörð um það fjölbreytta starf sem kynnt er í þessari skýrslu.

Við tölum um að bera ábyrgð á, því húseignir og starfsaðstaða kalla á umsjón, rekstur og reglubundið viðhald. Sum húsanna eru líka komin til ára sinna og þurfa viðhald og endurbætur í samræmi við það. Þá þarf stöðugt að horfa til framþróunar, en með hverju árinu gerir samfélagið auknar kröfur til öryggis, gæða og aðgengis þegar kemur að húsnæði sem nýtt er fyrir æskulýðsstarf. Samhliða reglubundnu viðhaldi þarf því einnig að uppfæra eldra húsnæði og bæta starfsaðstöðu í samræmi við ný viðmið.

Til viðbótar við húsnæði mældu í fermetrum, bera stjórnir sumarbúðanna fimm einnig ábyrgð á vatnsveitum og frárennslismálum, á útisvæðum, t.d. leiksvæðum, íþróttaaðstöðu, vegum, plönnum o.s.frv. Húsnæði og starfsaðstaða, viðhald og umbætur er því jafnan veigamikill liður í stjórnarstörfum og jafnframt stór útgjaldaliður. Á árinu 2024 var heildarkostnaður vegna viðhalds húseigna rúmlega 87,2 milljónir kr. Með því að taka þetta saman hér, í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins, viljum við undirstrika þá miklu vinnu og þá fjármuni sem fara í að viðhalda og bæta starfsaðstöðuna í starfi KFUM og KFUK. Verkefni sem að mestu hvílir á herðum sjálfboðaliða.

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



27 húseignir
samtals 8.684 fm.

Virðisaukaskattur þyngir róðurinn

Hvorki uppbygging né viðhald húsnæðis KFUM og KFUK er undanþegið virðisaukaskatti. 24% virðisaukaskattur leggst á allar slíkar framkvæmdir, bæði vinnu og efniskaup. Þyngir það vissulega róðurinn við fjármögnun slíkra verkefna. Út árið 2025 geta almannaheillafélög vissulega sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum vegna bygginga eða endurbóta húsnæðis. Því ber vissulega að þakka, en engu að síður er það tímabundið úrræði.


Betur má ef duga skal. KFUM og KFUK hvetur því stjórnvöld til að skapa glugga í lögum um virðisaukaskatt, svo félagasamtök sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir æskulýðsstarf, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis.



354,5 milljónir kr.

fóru í viðhald og endurbætur
fasteigna árið 2020–2024

Það er fyrir utan kostnað
við nýjan matskála í Vatnaskógi.



Á myndinni má sjá 7 af 8 byggingum í Vatnaskógi (kapellan sleppur ekki inn á myndina). Samtals eru 3.066 fm af húsnæði í Vatnaskógi sem þarf að sinna og viðhalda. Nýi matskálinn er á miðri mynd með bláum útveggjum.

Reykjavík - aðalstöðvar og leikskólinn Vinagarður



Fjöldi húsa: 3

Aðrar viðhaldsskyldur: Tveggja hektara lóð á Holtavegi 28, bílplan og leikskóla leiksvæði.

Kaldársel



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, fráveita o.fl.

Vatnaskógur



Fjöldi húsa: 7 (+ nýr matskáli 344 fm í smíðum)

Aðrar viðhaldsskyldur: Íþróttasvæði, bryggja og bátar, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

Vindáshlíð



Fjöldi húsa: 4

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

Akureyri - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Gættaka í sameign í Sunnuhlíð 12.

Reykjanesbær - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Lóð og bílastæði.

Ölver



Fjöldi húsa: 6

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, hitaveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

Hólavatn



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, bryggja og bátageymsla, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

Við teljum ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsaðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðarfélögum og eingöngu nýtt undir starf sömu félaga, til fjárflounar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er.

Áskoranir framundan

Fyrir utan allt hefðbundið viðhald sem sinna þarf á hverju ári, bíða margar umfangsmiklar áskoranir í húsnæðismálum innan félagsins. Hér nefndum við nokkrar þeirra:

Ónýtt hús á Holtavegi 28

Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Húsið er 540 fm og fasteigamat þess er 235.100.000 kr. Ljóst er að rífa þarf húsið, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað. Fyrstu teikningar að nýju húsi hafa verið gerðar, svo hægt sé að taka umræðu um þarfir félagsins og þá möguleika sem eru í stöðunni.

Nýr matskáli í Vatnaskógi

Skógarmenn KFUM eru langt komnir með nýjan 433 fm. matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968 og uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar byggingar. Upphafleg kostnaðaráætlun var 180 milljónum króna, en líklegt er að á endanum kosti byggingin tvöfalt meira. Sjá nánar í kafla 11.

Endurbyggja þarf skálann í Kaldárseli

Vitað hefur verið í nokkur ár að kominn er tími á margt í eldri hluti skálans í Kaldárseli, sem hýsir m.a. eldhús og matsal. Sá hluti er á undanþágu bæði frá bruna- og heilbrigðiseftirliti. Í ástandsmati sem verkfræðistofan Ferill gerði fyrir stjórn Kaldársels haustið 2024 kemur fram að vinna við lagfæringar á öllum þeim atriðum sem krefjast úrbóta er kostnaðarsamari og tímafrekari en algjört niðurrið og enduruppbygging. M.ö.o. endurbyggja þarf skálann frá grunni. Í Kaldárseli voru gerðar umfangsmiklar og nauðsynlegar endurbætur á nýrri hluta skálans veturinn 2020-2021 sem kostuðu þá um 40 milljónir kr.

Íþróttahús í Ölveri

Stjórn Ölvers hefur um langt skeið dreymt um að bæta starfsaðstöðuna með leikskála eða litlu íþróttahúsi. Í mörg ár hefur staðið yfir söfnun í Sveinusjóð til að fjármagna þann draum. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum Ölveri á síðustu árum hafa hins vegar tafið það verkefni. Búið er að teikna nýtt íþróttahús og velja því stað, ásamt því að teikna stækkun á aðalbyggingu með bættri aðkomu, nýju eldhúsi og matsal.



Í ástandsmati sem verkfræðistofan Ferill gerði fyrir stjórn Kaldársels haustið 2024 kemur fram að vinna við lagfæringar á öllum þeim atriðum sem krefjast úrbóta í eldri hluta skálans er kostnaðarsmari og tímafrekari en algjört niðurrið og enduruppbygging. M.ö.o. endurbyggja þarf elsta hlutann frá grunni. Eldri hlutinn er vinstra megin á myndinni.



Efri myndin sýnir teikningu af nýju íþróttahúsi í Ölver. Neðri myndin sýnir viðbyggingu sunnan við skálann, með nýrri aðkomu, matsal og eldhúsi.

Nýtt starfsmannahús í Vindáshlíð

Fellin, hús fyrir starfsfólk Vindáshlíðar var rífið haustið 2020, enda ónýtt vegna raka og myglu. Það er mikil þörf fyrir slíkt starfsmannahús. Nú er í forgangi að koma upp nýjum Fellum á grunni þeirra gömlu. Stefnt er á að koma þeim upp á árinu 2025.

Endurnýjun gamla skálans í Vindáshlíð

Elsti hluti skálans í Vindáshlíð þarfnast margskonar viðhalds. Skipta þarf um þak á hluta hússins, laga vegg, laga múrverk á sökkli og skipta um glugga víða í húsinu. Endurnýja þarf klæðningu að hluta. Hljóðeinangra þarf bæði matsalinn og kvöldvökusalinn. Laga þarf aðalinngang, hurð og tröppur þar fyrir framan og laga aðgengismál samhliða því.

Endurnýjun á íþróttahúsinu í Vindáshlíð

Þörf er á að endurnýja íþróttahúsið í Vindáshlíð, einkum vesturhluta hússins, leikherbergi, búningsskelfa og sturtur. Endurnýja þarf útvegi á íþróttasalnum. Þá dreymir stjórn Vindáshlíðar um sólball og pottasvæði sunnan við húsið.

Hallgrímskirkja í Vindáshlíð

Endurbætur á kirkjunni í Vindáshlíð hafa staðið yfir í nokkur ár og búið að gera við margt þar. Næst á dagskrá er að mála kirkjuna en stefnt er á að klára það á árinu 2025.

Þær áskoranir sem hér eru nefndar eru til viðbótar því hefðbundna viðhaldi sem sinna þarf með reglubundnum hætti. Ætla má að félagið þurfi að verja til þess 100-120 milljónum kr. árlega á komandi árum, ef vel á að vera. Það er ljóst á ofangreindu að það munar um þær skattaívilnanir sem fylgja nýrri löggjöf um almannaeiðisfélag. En þrátt fyrir þann skattaafslátt er KFUM og KFUK að greiða mikinn virðisaukaskatt þegar tekist er á við nauðsynlegt viðhald og uppbyggingu á starfsaðstöðu.



Stúlkur í 9. flokki í Vindáshlíð sumarið 2023.


10. STARFSSTÖÐVAR KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarbúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hvernar starfsstöðvar fyrir sig.

Sameiginlegt starf sumarbúða

Sumarbúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarbúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu krafna sem félagið gerir



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.



11. VATNASKÓGUR

Ársskýrsla Skógarmanna fyrir árið 2024

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi.“

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga.“

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 21. mars 2024.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Gunnar Hrafn Sveinsson, formaður
Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður
Hreinn Pálsson, ritari
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
Gríma Katrín Ólafsdóttir, vararitari
Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson meðstjórnandi
Davið Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Pétur Sigurðsson varamaður og varagjaldkeri
Matthías Guðmundsson, varamaður



Gunnar Hrafn Sveinsson



Jón Ómar Gunnarsson



Páll Skaftason



Hreinn Pálsson



Gríma Katrín Ólafsdóttir



Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson



Davið Örn Sveinbjörnsson



Pétur Sigurðsson



Matthías Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi) og Bjarni Árnason.
Varamaður er Snorri Waage.

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu: 17. janúar, 27. febrúar, 19. mars, 8. apríl, 7. maí, 13. júní, 19. ágúst, 18. september, 21. október, 18. október og 10. desember.

Starfsmenn allt árið

Ársæll Aðalbergsson var framkvæmdastjóri í fullu starfi, auk hans starfaði Valborg Rut Geirsdóttir við eldhús stjórnun og fl. Snorri Rúnarsson sinnti mest verklegum verkefnum ásamt ýmsu sem kom upp. Þá voru sem fyrr sjálfboðaliðarnir Þórir Sigurðsson og Sigurður Jóhannesson sem sinntu umhirðu, viðhaldi og þjónustu við staðinn. Auk þeirra var Albert E. Bergsteinsson til aðstoðar við ýmis verk.



Ársæll Aðalbergsson



Valborg Rut Geirsdóttir



Snorri Rúnarsson



Þórir Sigurðsson



Sigurður Jóhannesson



Albert E. Bergsteinsson

FRAMKVÆMDIR

Matskáli - vatnstjón

Í lok 2023 var varð talsvert vatnstjón í Matskalanum er heitavatnslögn gaf sig í eldhúsi og í framhaldi fór fram talsverð viðgerð fyrri hluta árs 2024. Meðal annars þurfti að endurnýja stóran hluta af eldhúsinnréttingunni. Íþróttahús

Þrátt fyrir mikið verkefni í gamla matskalanum þá verður viðgerð og/eða breyting á búningsherbergjum, salernum og sturtum í íþróttahúsinu að teljast viðamesta viðhaldsverkefni ársins. Lagnir, loft, veggir og skipt um öll tæki í húsinu. Einnig var sett hitalögn í gólf. Fjölmargir iðnaðarmenn komu að verkinu sem hvíldi mest á trésmiðnum Sumarliða Kjartanssyni og félögum ásamt Elvari Kristinssyni sem sá um pípulagnavinnu.

Lerkiskáli

Um haustið var skipt um þak á Lerkiskála, bætt var við einangrun, klæðningu og nýtt járn og hækkaði húsið um ca. 20 cm vegna þessa. Björn Baldursson húsasmíðameistari hafði veg og vanda að verkinu en starfsmenn Vatnaskógar og sjálfboðaliðar komu einnig að verkinu. Auk ofantalinna verkefna þá voru mörg minni verkefni til að bæta aðstöðu starfsins og staðarins. Mastur vegna fjarskipta Fyrirtækið ÍslandsTurnar sem sérhæfir sig í lausnum sem tryggja þráðlaus fjarskipti samdi við Skógarmenn um leyfi til að reisa og reka tvö mastur sem mun bæta símasamband á svæðinu, framkvæmdir hófust seint á árinu og mun ljúka á fyrri hluta ársins 2025.

Nýr Matskáli

Um sumarið var hafist handa við að reisa grind hins nýja matskála og smá saman tók húsið á sig mynd og risgjöld voru haldin 3. október að viðstöddu fjölmenni. Húsinu var svo lokað í desember og hiti tengdur í húsið. Nú er unnið að innréttingum og húsið klætt að utan í vetur og vor. Verkið leiddi Sumarliði Kjartansson en ásamt honum unnu þeir Dagur Adam Ólafsson, Hjörleifur Sumarliðason og Kjartan Ingi Árnason við smíðavinnu við húsið.



Risgjöld nýja matskála voru 4. október 2024.



Nýtt þak var sett á Lerkiskála.

Auk þeirra komu aðrir iðnaðarmenn að húsinu og þeim til aðstoðar voru starfsmenn og sjálfboðaliðar Vatnaskógar með Albert E. Bergsteinsson í broddi fylkingar.

SUMARSTARF

Dvalarflokkar sumarsins 2024 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
1	8.–12. júní	10–12	5	15 Gauraflokkur
2	13.–17. júní	9–11	5	107
3	18.–22. júní	10–12	5	107
4	23.–28. júní	12–14	6	101 Ævintýraflokkur I
5	29. – 3. júlí	10–12	5	43
6	4.– 8. júlí	9 – 11	5	52
7	9.–14. júlí	12–14	6	94 Ævintýraflokkur II
8	15.–19. júlí	10–12	6	107
9	20. –24. júlí	11–13	5	51 Blandaður flokkur
10	25.– 30. júlí	14–17	6	91 Unglingaflokkur
11	6.– 11. ágúst	12–14	6	101 Ævintýraflokkur III
13	12.– 16. ágúst	9 – 11	5	107

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum sumarsins var 976 en þeir voru 1075 árið áður.



Frá Sæludögum um verslunarmannahelgina.



Skólahópur í skógræktarfræðslu.



Fjör í 8. flokki.



Kamburinn sigraður í unglingaflokki.

Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna :

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	9. – 11. febrúar	0–99 ára	2	63
Feðginaflokkur	28. – 30. apríl	6–99 ára	2	33
Fósturfjölskyldufl. I	10. - 12 maí	0-99 ára	2	84
Mæðraflokkur	24. – 26. maí	0–99 ára	2	56
Feðgaflokkur I	16. – 18. ágúst	6–99 ára	2	88
Feðgaflokkur II	30. – 1. september	6–99 ára	2	90
Karlaflokkur	6. – 8. september	18–99 ára	2	56
Fjölskylduflokkur II	27. – 29. september	0–99 ára	2	38
Fósturfjölskyldufl. II	25. - 27 október	0-99 ára	2	83
Aðventuflokkur	6. – 8. desember	11–14 ára	2	49

Fjöldi dvalargesta á þessum viðburðum var 640 en var 472 árið áður. Heildarfjöldi dvalargesta í sumarstarfi og nefndum viðburðum Skógarmanna var því samtals 1.616 samanborið við 1.547 árið áður.

STARFSFÓLK SUMARBÚÐASTARFSINS

Forstöðufólk:

- Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
- Flokkur: Jón Ómar Gunnarsson og Þráinn Haraldsson
- Flokkur: Hreinn Pálsson
- Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
- Flokkur: Hreinn Pálsson
- Flokkur: Hreinn Pálsson
- Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
- Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson
- Flokkur: Anna Elísabet Gestsdóttir
- Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Þórdís Hafþórsdóttir
- Flokkur: Hreinn Pálsson
- Flokkur: Ársæll Aðalbergsson

Eldhússtjórn:

- Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
- Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
- Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
- Flokkur: Hreiðar Örn Z. Stefánsson
- Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
- Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
- Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson
- Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
- Flokkur: Sólveig Edda Cosser
- Flokkur: Hreiðar Örn Z. Stefánsson
- Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
- Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru þeir Ársæll Aðalbergsson, Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson.

Annað starfsfólk sumarstarfsins

Agnar Guðmundsson, Aron Steinsen Jónsson, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Ásta Isabella Kent, Ásta María Viðarsdóttir, Ástráður Sigurðsson, Baldur Björn Arnarsson, Baldur Ólafsson, Benedikt Guðmundsson, Benedikt Þórisson, Bjartur Dalbú Ingibjartsson, Bríet Kjartansdóttir, Brynjar Karl Guðmundsson, Brynjar Már Guðmundsson, Dagný Guðmundsdóttir, Dagur Adam Ólafsson, Elfa Björk Ágústsdóttir, Eiríkur Gústafsson, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Eva Lind Hákonardóttir, Fannar Logi Hannesson, Fannar Smári Jóhannsson,

Freydís Reynisdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Guðjón Daniel Bjarnason, Guðmundur Tómas Magnússon, Gunnar M. Sandholt, Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson, Hallur Hrafn Proppé, Haukur Guðnason, Hálf dán Helgi Matthíasson, Hekla Sif Sævaldsdóttir, Helga Valdís Cosser, Helga Vigdís Thordersen, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Ísak Jón Einarsson, Jakob Freyr Einarsson, Jóel Fjalarsson, Jón Baldvin Magnússon, Karen Sól Halldórsdóttir, Karitas Halla Gunnarsdóttir, Lára Ruth Clausen, María Rut Arnarsdóttir, Markús Guðmundsson, Matthías Guðmundsson, Messíana Baldvinsdóttir, Pétur Bjarni Sigurðarson, Pétur Sigurðsson, Freyr Hafþórsson, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sigurður Pétursson, Snorri Rúnarsson, Sólný Helga Sigurðardóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Thelma Rut Þorvaldsdóttir, Tómas Andri Gíslason, Tómas Ingi Halldórsson, Tristan Enok Kvaran Guðjónsson. Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar þau Þorsteinn Otti Jónsson, Íris Eik Ólafsdóttir og Pétur Óli Anderson. Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnumenn

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir sá Albert E. Bergsteinsson um slátt á staðnum og grisjun meðfram girðingu umhverfis svæðið í sjálfböðavinnu. Þá störfuðu hinir ýmsu vinnumenn yfir sumarið við fjölbreytt verkefni.

Sjálfböðaliðar

Nokkrir af áðurnefndum starfsmönnum voru sjálfböðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Vatnaskógar hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski, umhirðu staðarins og aðstoð með dagskrá fyrir þátttakendur, í sjálfböðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfböðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við viðhaldsverk, skógrækt og fleira.

VIÐBURÐIR Í STARFI SKÓGARMANNA

Veislukvöld Vatnaskógar

Í byrjun mars buðu Skógarmenn upp á Veislukvöld Vatnaskógar á Holtavegi. Þar var fagnað nýliðnu afmælisári og komu þar fram meðal annars Laddi, Karlakór KFUM, Jóna Hrönn Bolladóttir og Ólafur Sverrisson sem kynnti framkvæmdir Skógarmanna. Þeir Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson voru kynnar og höfðu veg og vanda af kvöldinu.

Tónleikar til stuðnings Gamla skála

Gítarsveitin HIGG&HB hélt styrktartónleika í Gamla skála laugardaginn 16. mars kl. 15. Allur ágóði af tónleikunum rann til viðhalds á Gamla skála en nokkur tímabær verkefni eru framundan á húsínu.

Kaffisala og tónleikar

Sumardaginn fyrsta var kaffisala til stuðnings byggingu á nýjum matskála í Vatnaskógi. Gekk dagurinn vel, fyrst streymdu kökur frá velunnurum og síðar gestir þannig að um tíma var fullt út úr dyrum. Um kvöldið voru tónleikar þar sem fjölmargir listamenn komu fram. Meðal þeirra sem komu fram voru Dóra og Döðlunar, Karlakór KFUM og ÓM.

Sæludagar

Á Sæludögum um verslunarmannahelgina heimsótti mikið fjölmenni Vatnaskóg og tók þátt í dagskrá Sæludaga. Um 1200 manns sem heimsóttu staðinn þessa helgi. Markmið hátíðarinnar, líkt og fyrri ár, var að höfða til sem flestra aldurshópa. Meðal atriða á Sæludögum þetta árið má nefna GDRN, Júníus Meyvant, Herbert Guðmundsson og VÆB. Fjöldi starfsfólks og sjálfböðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og unnu frábært starf að gera hátíðina sem glæsilegasta.



Starfsfólk ævintýraflokks 2.



„Glæsileg tilþrif“ í foringjaleik.

Karlaflokkur

Helgina 6. til 8. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var Heiðar Guðjónsson hagfræðingur með erindi. Á laugardeginum var biblíulestur í umsjón sr. Jóns Ásgeirs Sigurvínssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar og voru að vanda mörg verkefni í boði. Má þar nefna að hluti af þaki hins nýja matskála var klætt, hafist var handa við að skipta út þaki á Lerkiskála, eldiviður hoggin, trjámerkingar, skógræktarverkefni, skógarkofi málaður, tiltekt, breyting á Fjallasal og margt fleira. Um kvöldið var Vatnaskógar kvöldvaka að hætti Skógarmanna undir öruggri stjórn Sigurðar Grétars Sigurðssonar.

Herrakvöld Skógarmanna

Þann 15. nóvember var haldið Herrakvöld Skógarmanna, sérstakt fjáröflunarkvöld til stuðnings framkvæmdum við nýjan matskála. Um 90 manns mættu og áttu góða kvöldstund. Á dagskránni söng Karlakór KFUM og Stefán Einar Stefánsson var ræðumaður. Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson voru veislustjórar kvöldsins. Fermingarnámskeið, skólabúðir og skálaleiga:

Fermingarnámskeið

Námskeiðin voru eins dags til fimm daga og eins og fyrr í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu. Alls komu 2329 börn á fermingarnámskeið ársins.

Skólabúðir

Alls komu 15 skólar, 13 um vorið og 2 um haustið og tóku þau þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar. Samtals komu 1112 börn með þessum hætti í Vatnaskóg.

Menntaskólar

Tveir framhaldsskólar heimsóttu Vatnaskóg með nýnema snemma hausts. Samtals komu 333 börn með þessum hætti. Forstöðufólk haustsins voru Ársæll Aðalbergsson, Pétur Bjarni Sigurðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Thelma Rós Arnarsdóttir. Fastráðnir starfsmenn allt haustið voru: Kristján Daði Runólfsson, Nói Pétur Ásdísarson Guðnason, Pétur Bjarni Sigurðaron, Sigrún Tinna Atladóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir en auk þeirra komu starfsmenn að námskeiðum í styttri tíma.

SKÁLALEIGA:

KFUM og KFUK:

Leiðtogaheglt í janúar, Svínadalismót unglingadeilda, vorferð YD, námskeið að vori, YD ferð að hausti, miðnæturmót. Samtals komu 725 þátttakendur á þessa viðburði

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar:

ÆSKH (Æskulýðssamtök kirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu) Unglingamót í febrúar og nóvember og mót fyrir yngri deildir í mars. Börn úr Útskála- og Hvalsnessókn og sóknun frá Norðurlandi vestra Örninn (Vidalínskirkja)

Aðrir hópar:

Skólamót KSS, vor og haust Íslenska Kristskirkjan og SÍK með helgarmót Menntavísindasvið Háskóla Íslands, námskeið Miðnæturmót Björgunarsveita Landsbjargar Saumaklúbbur úr Hvalfjarðarsveit og nágrenni Unglingar úr Grindavík Hjálpræðisherinn - helgarmót

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldaraskanir var haldinn í 17. sinn. Í ár voru 15 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna. Ljóst er að Gauraflokkur skipar sérstöðu í starfi Skógarmanna, þar sem komið er sérstaklega til móts við þarfir þeirra drengja sem þangað sækja, m.a. hvað varðar fæði og dagskrá.

Aðventuflokkur

Að þessu sinni mættu 49 drengir og nutu Vatnaskógar í vetrarríki yfir eina helgi um miðjan desember. Heitt súkkulaði, grillaðir sykurpúðar við varðeld út í skógi og leikur á ísilögðu Eyrarvatni, ásamt mörgum skemmtilegum leikjum og uppákomum voru á dagskrá. Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson héldu utan um flokkinn líkt og fyrri ár.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Vatnaskógar skipulögðu og stýrðu. Alls komu 900 leikskólabörn vorið 2024.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 5. mars 2024.

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur, ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhags aðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og er það mikið þakkarefni.

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Óljóst er hvernig þessi mál fara þrátt fyrir að liggi fyrir heimild frá Alþingi til að ljúka málinu, þá hefur staðið á útfærslu málsins og hve stór hluti Vatnaskógarsvæðisins verður hluti KFUM og KFUK og hve stór hluti ríkisins. Málið er síður en svo einfalt en er það von okkar að ásættanleg niðurstaða komi í þessu máli sem fyrst. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Eins og mörg undanfarin ár buðu Skógarmenn upp á Línuhappdrætti nú til styrktar byggingu á nýjum matskála í Vatnaskógi. Línur voru seldar frá ágústbyrjun og fram í september. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokki þann 7. september seldust á milli 500 og 600 línur.

Sörubakstur

Á aðventunni voru bakaðar í Vatnaskógi tæplega 5000 sönur til fjáröflunar fyrir nýjum Matskála, og voru seldar 50 sönur í hverjum pakka. Voru viðbrögð góð og allir pakkar seldust. Sigurður Sigurðsson bakari leiddi verkefnið.

Styrkir og söfnun

Eins og fyrri ár hafa Skógarmenn fengið styrki vegna starfseminnar, frá ríkisvaldinu og einstaklingum vegna starfsins m.a. Gauraflokks. Einnig hafa Kirkjuráð og einstaklingar styrkt Skálasjóð vegna uppbyggingar á nýjum Matskála sem og styrkt Vatnaskóg í tilefni 100 ára afmælis. Þá hefur Kapellusjóður notið stuðnings, aðallega frá einstaklingum. Í lok ársins var



Aðventuflokkur 2024.

sótt um áframhaldandi stuðning ríkisvaldsins vegna hins nýja Matskála. Fjárlaganefnd tók vel í erindið og gerir tillögu um 30 milljón króna framlag árið 2025.

Annað

Skógarmenn sömdu eins og fyrri ár við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2024.

Lokaorð

Árið 2024 hefur verið viðburðaríkt og árangursríkt fyrir Skógarmenn. Enn eitt ár er liðið í starfi okkar, og þegar við lítum til baka sjáum við ótrúlegan árangur. Þúsundir barna og fjölskyldna hafa notið dvalar í Vatnaskógi, þar sem trú, gleði og samvera hafa verið í forgrunni. Á sama tíma höfum við lagt okkar af mörkum til að styrkja og bæta aðstöðuna, bæði með stórum og smáum framkvæmdum. Það er ljóst að Skógarmenn standa saman og gera kraftaverk með samhug, eldmóði og óbilandi trú á gildi starfsins. Árið 2024 hefur verið ár vaxtar og umbreytinga, þar sem fjölbreyttir viðburðir, framkvæmdir og dvalarflokkar hafa gert þetta ár ógleymanlegt. Árangurinn er til vitnis um kraftinn sem býr í starfinu okkar. Með samstöðu, trú og skýrri framtíðarsýn munum við halda áfram að byggja upp og skapa sterkan grunn fyrir komandi kynslóðir. Við höldum áfram – saman.

Skógarmenn - Áfram að markinu!

HREINN PÁLSSON
RITARI STJÓRNAR



ÁRSÆLL AÐALBERGSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI





12. VINDÁSHLÍÐ

Í Vindáshlíð hafa verið starfræktar sumarþúðir fyrir stúlkur allt frá árinu 1947 og með viðbyggingunni, frá árinu 2001, er hægt að taka á móti allt að 82 stúlkum í hvern flokk. Tilgangur starfsins í Vindáshlíð er að boða kristna trú og kenna þeim stúlkum sem starfið sækja um góð, kristin gildi. Starfsemin hefur aukist umfram sumarstarfið undanfarin ár og eru nú í boði mæðgnaflokkar, kvennaflokkar, jólaflokkar og páskaflokkar. Auk þess hefur Vindáshlíð rekið skólabúðir frá árinu 2021, en í auknum mæli frá 2023 þegar komið var á samstarfi við Jörgen Nilsson, eiganda Dalama camp ehf, sem hefur yfir 18 ára reynslu í skólabúðarekstri. Í heild sækja á þriðja þúsund börn Vindáshlíð heim allt árið um kring. Hér verður greint frá starfseminni árið 2024.

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn þann 19. mars 2024 í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28, Reykjavík. Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir og Sólrún Ásta Steinsdóttir skipuðu kjörstjórn, Kristjana Guðbjartsdóttir var fundarstjóri og Anna Elísa Gunnarsdóttir ritari. Guðrún Nína Petersen og Ásta Björg Þorbjörnsdóttir voru skoðunarmenn reikninga.



Tinna Rós Steinsdóttir



Elísa Sif Hermannsdóttir



Berglind Elva Sigvaldadóttir



Andrea Anna Arnardóttir



Helga Magnúsdóttir



Svanfríður Elín Jakobsdóttir



Kristín Sveinsdóttir



Svanhildur Reynisdóttir

Stjórn Vindáshlíðar er skipuð sex kjörnum fulltrúum sem kosnir eru á víxl þrír og þrír, annað hvert ár, og tveimur varamönnum sem kosnir eru árlega til eins árs. Auk þeirra skipar stjórn KFUM og KFUK á Íslandi einn fulltrúa í stjórn, en sá fulltrúi var ekki skipaður á árinu 2024. Í kjölfar kosninga á aðalfundi 2024 skipuðu stjórn Vindáshlíðar 2024-2025:

- Tinna Rós Steinsdóttir, formaður
- Elísa Sif Hermannsdóttir, varaformaður
- Berglind Elva Sigvaldadóttir, gjaldkeri
- Andrea Anna Arnardóttir, ritari
- Helga Magnúsdóttir, kynningarfulltrúi
- Svanfríður Elín Jakobsdóttir, vararitari
- Kristín Sveinsdóttir, varamaður
- Svanhildur Reynisdóttir, varamaður

Haldnir voru tíu formlegir stjórnarfundir á árinu 2024 auk óformlegra samskipta stjórnarmeðlima á samskiptaforritinu Messenger.

STARFSEMI OG SUMARSTARF

Flokkarnir í Vindáshlíð eru aldursskiptir, oft með tiltekin þemu þar sem kristin gildi eru í fyrirrúmi. Um er að ræða hefðbundna flokka, ævintýraflokka, unglingaflokka, mæðgnaflokka, kvennaflokk og stubbaflokk í lok sumars. Á veturna eru einnig jóla- og páskaflokkur.

Sumarið 2024 var boðið upp á þrettán flokka fyrir stelpur á aldrinum 8 til 16 ára. Hefðbundnu dvalarflokkarnir eru vinsælir hjá stúlkum á aldrinum 9 til 12 ára, sér í lagi þegar þær koma í Vindáshlíð í fyrsta sinn. Ævintýraflokkar eru upplifun fyrir 10 til 13 ára stelpur þar sem óvæntar uppkomur og frávik frá hefðbundinni dagskrá geta mætt þeim hvenær sem er. Þar er þéttari dagskrá og öðruvísi sumarþúðævintýri fyrir reyndari Hlíðarmeyjar. Boðið er upp á unglingaflokk fyrir stelpur á aldrinum 13 til 16 ára. Yngstu stelpurnar, 8 til 9 ára, sem mæta í stubbaflokk dvelja aðeins tvær nætur í Hlíðinni og er hann hugsaður sem æfingarþúðir fyrir stúlkurnar áður en þær koma í heilan flokk í fimm eða sex daga.

Flokkar sumarsins	Tímabil	Aldur	Dagafjöldi
1. Flokkur	8.–12. júní	9–11 ára	5
2. Ævintýraflokkur I	13.–18. júní	12–14 ára	6
3. Flokkur	19.–23. júní	10–12 ára	5
4. Ævintýraflokkur II	24.–29. júní	11–13 ára	6
5. Flokkur	30. júní–4. júlí	9–11 ára	5
6. Flokkur	5.–9. júlí	10–12 ára	5
7. Ævintýraflokkur III	10.–15. júlí	12–14 ára	6
8. Ævintýraflokkur IV	16.–21. júlí	11–13 ára	6
9. Flokkur	22.–26. júlí	9–11 ára	5
10. Ævintýraflokkur V	27. júlí–1. ágúst	12–14 ára	6
11. Flokkur	6.–11. ágúst	10–12 ára	6
12. Unglingaflokkur	12.–16. ágúst	13–16 ára	5
13. Stubbaflokkur	16.–18. ágúst	8–9 ára	3
14. Mæðgnaflokkur	30. ágúst–1. sept.	6–99	3
15. Kvennaflokkur	6.–8. september	18–99	3

Skráning

Árið 2024 var enn eitt metárið í skráningu í Vindáshlíð. Samtals voru um 1170 þátttakendur í flokkum ársins.



Starfsfólk

Tveir starfsmenn eru í föstu starfi hjá Vindáshlíð, það eru Helga Sóley Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Vindáshlíðar í fullu starfi, og Þorbjörg (Tobba) Skúladóttir staðarhaldari Vindáshlíðar í hálfu stöðugildi. Að auki er hópur starfsfólks og sjálfboðaliða sem kemur að starfseminni í Vindáshlíð. Það er mikilvægt að hafa góðan starfsmannahóp sem viðheldur dagskrá staðarins, býr til fallegar minningar fyrir sig og börnin og umfram allt deila kristilegum boðskap til stúlkna sem sækja starfið okkar. Án starfsmanna okkar væri Hlíðin ekki jafn björt og orkumikil.



Helga Sóley
Björnsdóttir



Þorbjörg
Skúladóttir

Forstöðukonur árið 2024

Páskaflokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir

- 1. flokkur: Jóhanna Kristín Steinsdóttir
- 2. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- 3. flokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
- 4. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
- 5. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
- 6. flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
- 7. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
- 8. flokkur: Erla Sigurþórsdóttir
- 9. flokkur: Álfheiður Ingólfssdóttir
- 10. flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
- 11. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
- 12. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- 13. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
- 14. flokkur, mæðgnaflokkur: Álfheiður Ingólfssdóttir
- 15. flokkur, jólaflokkur I: Elísa Sif Hermannsdóttir
- 16. flokkur, jólaflokkur II: Kristjana Guðbjartsdóttir

Ráðskonur flokka 2024

Páskaflokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir og Helga Sóley Björnsdóttir

- 1. flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
- 2. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
- 3. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
- 4. flokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
- 5. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
- 6. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir og Berglind Elva Sigvaldadóttir
- 7. flokkur: Elva Ösp Ólafsdóttir
- 8. flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
- 9. flokkur: Bára Sigurjónsdóttir
- 10. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
- 11. flokkur: Elva Ösp Ólafsdóttir
- 12. flokkur: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
- 13. flokkur: Aldís Helga Björgvinsdóttir og Berglind Elva Sigvaldadóttir
- 14. flokkur, mæðgnaflokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
- 15. flokkur, kvennaflokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir
- 16. flokkur, jólaflokkur I: Berglind Elva Sigvaldadóttir
- 17. flokkur, jólaflokkur II: Thelma Rós Arnardóttir

Umsjónarforingjar 2024

Páskaflokkur: Andrea Anna Arnardóttir

- 1. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
- 2. flokkur: Þurý Anna Reynisdóttir
- 3. flokkur: Telma Ívarsdóttir
- 4. flokkur: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
- 5. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- 6. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- 7. flokkur: Ísabella Rós Þorsteinsdóttir
- 8. flokkur: Tinna Ýr Sverrisdóttir
- 9. flokkur: Lilja Rós Gunnarsdóttir
- 10. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- 11. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- 12. flokkur: Telma Ívarsdóttir
- 13. flokkur: Ísabella Rós Þorsteinsdóttir
- 13. flokkur, mæðgnaflokkur: Thelma Rós Arnardóttir
- 14. flokkur, jólaflokkur I: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
- 15. flokkur, jólaflokkur II: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir

Lokahóf sumarstarfsmanna og jólagleði

Í lok sumars bauð stjórn Vindáshlíðar sumarstarfsfólki til lokahófs. Þar var fundað um starfsemina og starfsfólki var gefinn kostur á að ræða kosti og galla sumarsins og kasta fram hugmyndum fyrir næsta starfsár. Boðið var upp á pítu og var förinni svo heitið í keilu þar sem starfsfólkið skemmti sér saman. Það var einkar gefandi að ljúka sumrinu á þennan hátt.

Í lok nóvember var öllu starfsfólki ársins boðið í Vindáshlíð til jólagleði. Aðilar úr stjórn Vindáshlíðar og Þorbjörg Skúladóttir staðhaldari elduðu dýrindis jólakvöldverð. Allir komu með lítinn jólapakka í pakkaskipti og litlu jólin voru haldin í setustofunni. Svo var hin sígilda spurningakeppni á sínum stað og rifjuð upp spaugileg atvik frá liðnu sumri.



Frá konukvöldi Vindáshlíðar.



Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, kom í heimsókn í unglingaflokk Vindáshlíðar.

ÝMSIR VIÐBURÐIR Í STARFI VINDÁSHLÍÐAR

Páskaflokkur

Páskaflokkur var haldinn í Vindáshlíð í dymbilvikunni eða 25. til 27. mars. Flokkurinn var ætlaður stúlkum á aldrinum 10 til 13 ára og mættu samtals 30 stelpur í Hlíðina. Þetta var afar vel heppnaður flokkur og skemmtileg leið til að hefja starfið okkar og komast í gír fyrir sumarið.

Konukvöld Hlíðarmeyja

Konukvöld Hlíðarmeyja var haldið í annað skiptið fimmtudaginn 4. apríl, í samstarfi við aðaldeild KFUM og KFUK. Viðburðurinn tókst afar vel. Veislustjórar voru þær Bára Sigurjónsdóttir og Perla Magnúsdóttir sem stýrðu happdrætti, atriðum og líflegri dagskrá kvöldsins. Berglind Elva Sigvaldadóttir matreiddi veislukvöldverð, en henni til halds og trausts voru þær Erla Sigurþórsdóttir, Svanfríður Elín Jakobsdóttir og Þorbjörg Skúladóttir.

Kvennaflokkur

Kvennaflokkur Vindáshlíðar kom saman dagana 6. til 8. september 2024. Alls tóku 50 konur þátt í flokknum og nutu helgarinnar í nærandi félagsskap í Hlíðinni. Kvennaflokksnefnd skipuðu Dagný Dögg Sigurðardóttir, Helga Magnúsdóttir og Jóhanna K. Steinsdóttir. Yfirskrift helgarinnar var “Þú ert þess virði” og efni flokksins var í höndum þeirra Alís Yngason og sr. Helgu Kolbeinsdóttur, en sr. Bára Friðriksdóttir sá um kyrrðarbæn. Matur og hefðbundinn veislukvöldverður var í umsjá Berglindar Elvu Sigvaldadóttur og aðstoðarkvenna.

Mæðgnaflokkar

Boðið var upp á einn mæðgnaflokk í lok sumars. Tæplega 50 mæðgur komu saman í Vindáshlíð til að njóta samveru og dagskrár í Hlíðinni. Jólamæðgnaflokkur var áætlaður í nóvember en því miður þurfti að fella hann niður vegna dræmrar skráningar.

Skólabúðir í Vindáshlíð

Grunnskólahópar á mið- og unglingastigi sóttu Vindáshlíð í skólabúðir á vetrarmánuðum, en þar eru nemendur efldir í lífsleikni, félagsfærni og samskiptum. Tekið var á móti tuttugu skólahópum á árinu sem komu ýmist í þrjá eða fimm daga. Jörgen Nilsson var forstöðumaður flestra skólahópa. Álfheiður Ingólfssdóttir tók að sér forstöðu í tveimur hópum og Elísa Sif Hermannsdóttir einum.

Aðrir starfsmenn skólahópa voru Andrea Anna Arnardóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Bína Hrönn Hjaltadóttir, Elva Ösp Ólafsdóttir, Freyja Fönn Traustadóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Jakob Freyr Einarsson, Karen Sól Halldórsdóttir, Kristín Högn Magnúsdóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, Telma Ívarsdóttir, Thelma Rós Arnardóttir, Una Bella Helgadóttir, Þorbjörg Skúladóttir, Þórarinn Darri Ólafsson og Þuríður Anna Reynisdóttir.

Jólaflokkar og jóladagur Vindáshlíðar

Tveir jólaflokkar voru í boði fyrir stúlkur í aðdraganda aðventu. Fyrsti flokkurinn var haldinn þann 15.–17. nóvember fyrir stúlkur á aldrinum 9 til 11 ára og sá síðari dagana 22.–24. nóvember fyrir stúlkur á aldrinum 12 til 14 ára. Jólaflokkarnir eru gott tækifæri fyrir stúlkur að koma og njóta aðventunar í fallegu og jólalegu umhverfi Vindáshlíðar, og tengjast hinum kristilega boðskap hátíðanna.



Kvöldvaka á fallegu sumarkvöldi í Hlíðinni.



Kolbrún og Steinvör, ásamt stelpum í 7. flokki, í útileiknum „flóttinn“.



Foringjar tilbúnir að spila úrslitabrennóleikinn í 7. flokki.



Pipakökubakstur í jólaflokki í Vindáshlíð.



Kvennaflokkur fór fram í Vindáshlíð helgina 6.–8. september og var vel sóttur.

Rúmlega 400 manns mættu á árlegan jóladag Vindáshlíðar þann 14. desember. Mikil jólastemning var í Hlíðinni þar sem boðið var upp á heitt kakó og kaffihlaðborð auk þess sem frábært úrval var að finna á jólamarkaðnum í setustofunni. Hægt var að næla sér í sörur, lakkristoppa, kökudeig, sultur frá Írafelli, svuntur, jólakransa o.fl. Sala gekk vel og allur varningur sem ekki seldist á staðnum seldist fljótt á netinu. Jólatréssalan var á sínum stað á deginum og jólasveinar kíktu í skemmtilega heimsókn tvisvar sinnum yfir daginn. Frábært upphaf aðventu og þátttakendur og skipuleggiendur himinlifandi með daginn.

Kaffisala og sumargleði

Kaffisala og sumargleði Vindáshlíðar er ein af okkar árlegu fjáröflunum og var haldin uppi í Vindáshlíð sunnudaginn 26. maí. Þar var margt spennandi á dagskrá fyrir unga sem aldna. Nefna má hoppukastala, brennibolta, folf, ratleik, popp- og krapvélar og gönguferðir um svæðið. Ljúffengt kaffimeðlæti, flest frá velunnurum, var á boðstólum. Viðburðurinn var vel sóttur.

Vinnuflokkar

Fimm vinnuflokkar voru haldnir yfir árið. Einn í febrúar, þrír í maí og einn í september. Þar komu saman velunnarar og vinir Vindáshlíðar og réðust í hin ýmsu verkefni, en af nægu var að taka. Meðal verkefna var að yfirfara útileiktæki og útihúsgögn ásamt því að sinna ýmsu minni háttar viðhaldi innanhúss og í íþróttahúsinu.

Útleigur húsnæðis

Ýmsir hópar hafa tekið Vindáshlíð á leigu á vetrartímanum þegar ekki er starfsemi í gangi í húsinu. Strangar reglur eru um hvers kyns útleigur eru leyfðar og er til dæmis skýrt að áfengi er með öllu óheimilt á staðnum. Hægt var að leigja staðinn með eða án fæðis.

Framkvæmdir

Stjórn Vindáshlíðar ákvað á árinu að leggja til vinnu við langtímaplan fyrir framkvæmdir á staðnum. Fyrsti liður í því verkefni var að bjóða til opins framkvæmdafundar þann 16. október þar sem öllum áhugasömum gafst tækifæri til að segja sína skoðun á framtíð framkvæmda í Hlíðinni. Mun þessi vinna halda áfram með fleiri opnum fundum og fyrirhugað að leggja til langtímaplan á aðalfundi 2025.

Aðalskáli

Á árinu var haldið lítilla áfram með viðgerðir vegna rakaskemmda á austurhlíð aðalskálans. Bráðabirgðafilasningar voru settar á gluggana en að öðru leiti voru framkvæmdirnar að mestu settar í biðstöðu sökum þess að skipta þurfti um verktaka og vanda vinnu við gerð langtímaplans og kostnaðaráætlanar. Framhald þessa verks verður ákveðið í samræmi við ofangreint langtímaplan framkvæmda.

Margar minniháttar framkvæmdir áttu sér stað á árinu, til að mynda var salernisaðstaða á neðri hæð lagfærð og kvöldvökusalurinn málaður. Félagar úr skátafélaginu Ægisbúum lagfærðu svo apabrunna fyrir okkur í skiptum fyrir útlán á staðnum.

Hallgrímskirkja í Kjós

Ragnheiður Sverrisdóttir hefur haldið utan um viðhald á kirkjunni undanfarin ár, sem og fjáröflunar fyrir það viðhald. Áætlað var að mála kirkjuna síðastliðið sumar en vegna veðurs var það ekki mögulegt. Tveggja milljón króna styrkur fékkst frá Jöfnunarsjóði sókna í eigu Þjóðkirkjunnar.



Erla, Herdís og Sólveig að mála kvöldvökusalinn í vinnuflokki í febrúar.



Kaffipása í vinnuflokki.



Ragnheiður Sverrisdóttir að þrifa kojur í vinnuflokki.

ANNAÐ

Gjafir og styrkir
Styrkur að upphæð 350.000 kr fékkst frá Barna- og menntamálaráðuneytinu til þess að þýða upplýsingabæklinga fyrir forsjáraðila dvalarstúlkna í sumarbúðunum og nemenda í skólabúðum, yfir á þrjú tungumál. Tveggja milljón króna styrkur fékkst frá Jöfnunarsjóði sókna í eigu Þjóðkirkjunnar. Velunnarar Vindáshlíðar styrktu starfið um tæplega fimm milljónir króna.

Fjáraflanir fyrir Hallgrímskirkju
Haldið var happdrætti þar sem ágóðinn fór í framkvæmdasjóð Hallgrímskirkju í Kjós. Miðar voru seldir á 4500 krónur og fjölbreyttir vinningar í boði. Dregið var úr happdrættinu í kvennaflokknum í september. Einnig kom upp skemmtileg og óvænt fjáröflun þar sem velunnarar Vindáshlíðar bökðu og seldu vöfflur á útimarkaði hjá íbúasamtökum Laugardals í ágúst.

Varningur
Vindáshlíð seldi ýmsan varning í tengslum við sumarstarfið. Má þar nefna stuttermaboli úr bómull, vatnsbrúsa, hatta, sund- og taupoka. Bolirnir í ár voru hvítir með bleikri mynd og voru þeir afar vinsælir. Einnig seldist uppskriftabók Vindáshlíðar vel í ár, en fyrir jólin bættust Vindáshlíðarsvuntur við í söluvarninginn, og er óhætt að segja að þær hafi slegið í gegn. Hægt var að fá svuntur í brúnum lit eða bleikum, eða sérstakar jólasvuntur í rauðum lit með gylltu Vindáshlíðarmerki.




Smákökudeig fyrir jólin
Nýjasta fjáröflun Vindáshlíðar var að selja tilbúið smákökudeig fyrir jólin. Hægt var að panta deigið á klik.is fram til hádegis á hverjum fimmtudegi í fjórar vikur í nóvember og desember, og voru deigin afhent daginn eftir. Í hverri viku voru í boði tvær smákökusortir og útkeyrsla innan höfuðborgarsvæðisins fyrir þá sem vildu.



Foringjar á leiðinni að koma stelpunum á óvart með náttfataparty í 4. flokki.

Útgefið efni
Endurskoðuð útgáfa af starfsmannahandbók Vindáshlíðar var gefin út á árinu auk þess sem Helga Magnúsdóttir leiddi gerð handbókar fyrir bænakonur, með tillögum að efni fyrir bænaherbergin. Fyrir sumarið kom ný útgáfa af vinsælu söngbók Hlíðarmeyja en hana prýðir ný mynd sem máluð var af Þóru Birgisdóttir, starfskonu Vindáshlíðar. Í lok árs voru send út handskrifuð jólakort á alla sem aðstoðuðu við starfið á árinu.



Lokaorð
Starfsár Vindáshlíðar einkenndist af líflegri starfsemi, góðri þátttöku, fjölbreyttri starfsemi og frábæru starfsfólki. Dugnaður starfsfólks, sjálfbóðaliða, aðstandenda og vina Vindáshlíðar í sumarflokkum, vinnuflokkum, stjórnarstörfum, nefndarsetum, kaffisölu, jólasamveru og öðrum viðburðum er ómetanlegur. Þá er mikill styrkur í öflugri bænasamfélagi að baki starfinu, sem er gríðarlega dýrmætt. Þökkum Guði fyrir starfið í Vindáshlíð og þá fjölmörgu sem hafa lagt því lið.

ANDREA ANNA ARNARDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR

HELGA SÓLEY BJÖRNSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI



13. ÖLVER

Ölver stendur á skemmtilegum stað í nágrenni Hafnarfjalls. Þar eru sumarbúðir á sumrin og þar er hver dagur nýtt ævintýri, sambland af ómissandi hefðum, nýjum leikjum og uppákomum. Í starfinu er unnið með hin góðu gildi Biblíunnar, mikið sungið og boðið upp á hollan og góðan heimalagaðan mat. Á veturna er staðurinn leigður út fyrir hópa af ýmsu tagi. Í aðalskalanum, sem tekinn var í notkun árið 1952, eru rúmpláss fyrir 60 manns ásamt gistiþlássi í sumarbústað sem er í eigu Ölvers skammt frá skalanum. Í skalanum er stór matsalur, eldhús, kvöldvökusalur, bænaherbergi, starfsmannaaðstaða, svefnherbergi barnanna og þvotta-salernis- og sturtuaðstaða.

STJÓRN OG STJÓRNARSTARF

Aðalfundur 2024
Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 13. mars 2024 í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og voru 17 manns sem mættu. Anna Guðný Hallgrímsdóttir var fundarstjóri og Hjördís Rós fundarritari. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt. Í kjörnefnd voru þær Ásdís Björnsdóttir og Nanna Birgisdóttir Hafberg. Aníta Eir Einarisdóttir gaf ekki kost á sér aftur og gekk því úr stjórn. Í framboði voru þær Erna Björk Harðardóttir, Hekla Sif Sævaldsdóttir og Krístrún Lilja Gísladóttir. Erna Björk og Krístrún Lilja voru kjörnar og skipaðar í aðalstjórn.

Stjórn
Stjórn Ölvers á starfsárinu 2024-2025 var þannig skipuð:
Erna Björk Harðardóttir, formaður.
Erla Björg Káradóttir, varaformaður. Situr í stjórn fyrir hönd KFUM & K. Krístrún Lilja Gísladóttir, ritari.
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, gjaldkeri.
Krístrún Guðmundsdóttir, vararitari og kynningarfulltrúi.
Guðmundur Hafsteinn Kjartansson, fulltrúi í varastjórn.
Hrafnhildur Garðarsdóttir, fulltrúi í varastjórn.

 Erna Björk Harðardóttir	 Erla Björg Káradóttir	 Krístrún Lilja Gísladóttir	 Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir
 Hrafnhildur Garðarsdóttir	 Krístrún Guðmundsdóttir	 Hafsteinn Kjartansson	



Nýr pottur kominn á sinn stað ásamt nýjum palli og skjólgirðingum.



Gamli potturinn fjarlægður.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2024-2025 voru Einar Helgi Ragnarsson, skipaður af KFUM og KFUK, og Guðmundur Pálsson.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru fimm talsins og haldnir þann 4. apríl, 12. september, 18. nóvember, 13. janúar og 10. febrúar. Stjórnin er þó í vikulegum samskiptum allt árið um kring.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, panta mat, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira. Einnig sá stjórnin um fjáröflun, útleigu, viðhald á staðnum, leit eftir styrkjum ásamt fleiri verkum sem upp koma hvert ár.

Framkvæmdir

Á vormánuðum var ráðist í að skipta út gamla heita pottinum sem hefur þjónað okkur vel og lengi. Smíðaður var nýr pallur í kringum nýja pottinn sem er talsvert stærri en sá gamli, og tengist hann nú við stéttina sem er fyrir framan húsið svo úr er orðið opið og skemmtilegt svæði sem nýtist vel í starfinu. Veglegur styrkur frá Basarnefnd KFUK fór í þetta verkefni og gerði okkur kleift að ráðast í það og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það. Ástvaldur Reynisson smíður sá um framkvæmdina á þessu vel heppnaða verki.

Byggingarnefnd

Byggingarnefnd tók til starfa í janúar 2024 og hefur haldið 4 fundi. Það er mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að horfa til framtíðar og hefja frekar endurbætur á húsakosti Ölvers einungis byggingu nýs leikskála. Ræddar voru ýmsar útfærslur á aðalbyggingu og staðsetningu á nýjum leikskála út frá hugarflæðisfundi sem haldin var haustið 2022. Svava Jónsdóttir arkitekt var fengið að verkinu og hefur unnið frumdrög að nýjum leikskála og endurbótum á aðalbyggingunni. Frumdrögin gera ráð fyrir byggingu nýs leikskála á neðra svæði, þar sem netið og báturinn stóðu áður. Í öðrum áfanga er viðbyggingin við aðalbyggingu með nýju anddyri, matsal og eldhúsi, samhliða yrðu gerðar breytingar á skipulagi aðalbyggingar. Töluverð vinna er eftir við hönnun en frumdrögin voru kynnt á aðalfundi

2025. Nefndin leggur áherslu á að hefja byggingu nýs leikskála sem fyrst. Næsta verkefni er að tryggja fjármögnun þeirra framkvæmda. Byggingarnefndina skipa Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, Kári Geirlaugsson, Hörður Geirlaugsson, Mjöll Þórarinsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir og Þráinn Haraldsson ásamt tengiliðum stjórnar sem eru Hafsteinn Kjartansson og Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.

Hitaveitan

Ingólfur Þorbjörnsson verkfræðingur, hönnuður hitaveitu Ölvers var fengin á haustmánuðum til þess að endurskipuleggja og fara yfir verkferla Ölvers varðandi rekstur hitaveitunnar. Karl Sveinsson sem sinnt hafði eftirliti með hitaveitu málunum baðst undan áframhaldandi störfum. Helstu verkefni sem liggja fyrir eru að skipta þarf um dælu í dæluskúr og hluta af leiðslu ásamt því að koma á þriggja fasa rafmagni í dæluskúrinn. Skoða þarf samninga við Veitur og yfirfara samninga við sumarbústaðaeigendur sem kaupa heitt vatn af Ölveri. Ölver er handhafi samnings um kaup á heitu vatni frá Veitum ásamt því að vera eigandi að leiðslu og dælubúnaði. Mál þessi eru í góðum farvegi undir styrkri stjórn Ingólfs og ættu að vera komin í höfn á vormánuðum 2025.

SUMARSTARFIÐ

Flokkar

Það voru samtals 387 börn á aldrinum 6-16 ára sem dvöldu í Ölveri sumarið 2024. Líkt og fyrri ár var unnið að fjölbreytni í flokkaskránni til að stuðla að því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Áfram var boðið upp á „Stelpur í stuði“ sem hefur verið mikilvægur liður í því að aðlagða Ölver að þörfum barna og bæta fjölbreytileika flokkanna. Ævintýraflokkarnir eru ávallt jafn vinsælir og voru þeir fjórir talsins líkt og síðustu sumur. Listaflokkarnir og leikjaflokkarnir voru tveir hvor um sig fyrir mismunandi aldurshópa. Leikjaflokkarnir fylltust hratt þetta árið og komust því miður ekki allir að sem vildu. Unglingaflokkurinn var á sínum stað fyrir 13-16 ára stelpur. Leikjanámskeiðið, fyrir 6-9 ára börn á Akranesi og nágrenni, var einnig áfram hluti af flokkaskránni. Þökkum við fyrir hvert einasta dýrmæta barn sem hjá okkur dvaldi þetta sumarið.



Flokkaskrá 2024 og nýting plássna

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting	
1.	Stelpur í stuði	6.- 9. júní	11- 13 ára	12	60%
2.	Ævintýraflokkur I	10.- 16. júní	11- 13 ára	45	96%
3.	Ævintýraflokkur II	18.- 23. júní	10- 12 ára	48	102%
4.	Leikjaflokkur I	24.- 28. júní	8- 10 ára	47	100%
5.	Ævintýraflokkur III	1.- 6. júlí	10- 12 ára	31	66%
6.	Unglingaflokkur	8.- 14. júlí	13- 16 ára	39	83%
7.	Listaflokkur I	15.- 20. júlí	10- 13 ára	28	60%
8.	Ævintýraflokkur IV	22.- 27. júlí	12- 14 ára	34	72%
9.	Leikjaflokkur II.	29. júlí- 1. ágúst	7- 10 ára	46	98%
10.	Listaflokkur II	6.- 11. ágúst	8- 11 ára	39	83%
11.	Leikjanámskeið	12.- 16. ágúst	6-9 ára	18	38%

Starfsmenn

Margir reyndir og góðir starfsmenn störfuðu hjá okkur í sumar ásamt nýju frábæru starfsfólki. Þakkarverður er sá dýrmæti mannauður sem að Ölveri stendur. Aðsókn aðstoðarforingja, um að komast að í sjálfböðavinnu, var mikil og er það ekki síður þakkarvert. Þeir vinna mikilvægt starf og eru orðnir ómissandi hluti af starfsheildinni í Ölveri. Við höfum lagt okkur fram við að halda vel utan um þá, hvatt þá til að taka þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og K, að sækja námskeiðin sem í boði eru fyrir þá. Í stærri flokkunum, líkt og lista- og ævintýraflokki, var ákveðið að hafa áfram aukaforingja vegna álags í þeim flokkum. Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Hljómar eins og gömul klisja en það verður aldrei of oft sagt að það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk sem sá til þess að dvöl barnanna varð eftirminnileg, lærdómsrík og ekki síst gleðileg.



Undanfarin ár hefur stjórn Ölvers ráðið verkefnastjóra í tímavinnu til að styðja við sumarstarfið en fyrir sumarið var ákveðið að ráðast í ákveðið tilraunaverkefni, að ráða verkefnastjóra í fullt starf. Stjórninn leitaði ekki langt og réð Krístrínu Guðmundsdóttur stjórnarmann en hún steig út úr stjórn á meðan hún sinnti starfinu. Starfshlutfallið var 80% en helstu verkefni voru að panta mat, panta hreingerninga vörur, kaup á öðrum aðföngum, stýra brottför og heimkomu barna á Holtavegi, sala varnings, samskipti milli stjórnar og skrifstofu KFUM&K, samskipti við forstöðu- og ráðskonur, afleysingar, aðstoð við þrif á heimfarardegi, vera starfsmönnum sumarbúðanna innan handar og önnur tilfallandi verkefni. Það kom mjög vel út fyrir reksturinn og starfið í sumarbúðunum að hafa starfsmann í fullu starfi yfir allt sumarið, og hefur því verið ákveðið að halda því áfram og ráða aftur inn verkefnastjóra næsta sumar.

Forstöðukonur sumarsins voru Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Messíana Halla Kristinsdóttir, Lella Erludóttir, Erla Björg Káradóttir, Svava Sigríður Svavarsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Salóme Pálsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Rósa Jóhannesdóttir, Matthildur Bjarnadóttir og Krístrún Guðmundsdóttir.

Ráðskonur voru Emelía Ósk Hrannarsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Petra Eiríksdóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Erla Björk Káradóttir, Ásdís Björnsdóttir og Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir. Um matarinnkaup sá Krístrún Guðmundsdóttir verkefnastjóri sumarsins.

Foringjar voru Krístrún Lilja Gísladóttir, Anna Birna Kjartansdóttir, Salóme Pálsdóttir, Emelía Ósk Hrannarsdóttir, Karítas Halla Gunnarsdóttir, Edda Guðnadóttir, Hekla Sif Sævaldsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Bára Katrín Jóhannsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Ragnheiður Anna Jónsdóttir, Elín Elfa Magnúsardóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Ásdís Ægisdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Eyrún Una Arnarsdóttir, Ásta Isabella Kent, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Eva Lind Hákonardóttir, Eydís Ósk Sævarsdóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Iðunn Helga Zimsen, Marta Karítas Ingibjartsdóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Elísa Liljudóttir Daðadóttir, Katrín Lea Daðadóttir og Lára Ruth Clausen.

Aðstoðarforingjar voru Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Halldóra Soffía Jónsdóttir, Messíana Baldvinsdóttir, Marín Rut Sigurðardóttir, Bríet Saga Kjartansdóttir, Andrea Ósk Halldórsdóttir, Eva Gabríela Veigarsdóttir, Ása Melkorka Daðadóttir, Karólína Sæunn Guðmundsdóttir, Arna Sara Guðmundsdóttir, Kristjana Emma Kjartansdóttir, Elsa Margrét Scheving, Sigríður Maren Arnarsdóttir, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Rósa Kristín Einarsdóttir, Birna Ragnheiður Bjarkadóttir, Alda Örvarsdóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Helena Ingrid Gunnarsdóttir, Katla Magnea Magnúsdóttir, Yrsa Maren Haraldsdóttir, Kamilla Inga Ellertsdóttir, Dagmar Edda Á. Guðnadóttir, Gréta Petrína Zimsen og Ólöf Ösp Hjaltadóttir, Bergþóra Andradóttir og Salvör Árnadóttir.

Sérfræðingar í flokknum Stelpur í stuði voru þær Arndís Sverrisdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Telma Ýr Birgisdóttir og Unnur Rún Sveinsdóttir ásamt þeim voru þær Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir sem tóku að sér forstöðuhlutverk flokksins líkt og fyrri ár.

Þakkarmáltíð fyrir starfsmenn sumarsins að sumri loknu Sú góða hefð hefur skapast að bjóða starfsfólki sumarsins í þakkarmáltíð í lok hvers sumars. Sá viðburður var haldinn 9. október kl. 19:00 á Holtavegi 28 og mættu um 25 manns. Það var boðið upp á mat frá XO veisluþjónustu og átti starfsfólk Ölvers góða kvöldstund saman.



Kaffisalan
Kaffisalan var haldin í Ölveri þann 25. ágúst 2024 í góðu veðri, í smá sól og blíðu. Kaffisalan gekk mjög vel og var aðsóknin mjög góð, gestir voru um 300 talsins. Kaffisölunefnd er ár hvert skipuð af nokkrum stjórnarmeðlimum ásamt góðum velunnurum sem aðstoða við að gera staðinn gestahæfan og sjá til þess að kaffiborðið sé hið glæsilegasta. Um kaffisöluna í ár sáu þær Erla Björg Káradóttir, Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir og Krístrún Guðmundsdóttir. Þakkar stjórnin framlag allra sem lögðu hönd á plóg. Á kaffisölnunni var líka seldur varningur, bolir og brúsar. Safnaðist tæp milljón.

Endurfundur unglingaflokks
Eftir einstaklega góðan unglingaflokk efndi starfsfólk unglingaflokks til endurfunda þann 12. október. Hugmyndin var sú að halda hittinginn á Holtaveginum á laugardegi og bjóða þeim að koma á KSS fund í kjölfarið og hvetja þær þannig til þess að taka þátt í því starfi. Hátt í 30 stelpur mættu og nánast allt starfsfólk flokksins. Stelpurnar voru alsælar með að fá að hitta bænakonurnar sínar aftur og þær vinkonur sem þær höfðu ekki séð síðan í Ölveri. Það var einstaklega gaman að fréttu að stelpurnar hafi sjálfar haldið sambandi eftir heimkomuna úr Ölveri. Eftir órlítið spjall og talsvert mörg faðmlög settust þær að snæðingi og borðuðu pizzu. Til þess að rifja upp góðar stundir efndu foringjarnir til spurningakeppni þar sem spurningarnar sneru að atburðum flokksins og að sjálfsögðu fylgdu nokkrar áður óséðar myndir sem sýndu aðeins bakvið tjöldin. Eftir það fóru langflestar á KSS fundinn. Þar var ráðskona unglingaflokksins með ræðu og nokkur Ölverslög tekin.

Vetrarleigan
Alls voru 12 hópar sem komu í Ölver fyrir og eftir sumarstarfið, en meiri hluti þeirra leigja eingöngu staðinn. Í maí komu tveir skólahópar í fæði og þjónustu á okkar vegum og í október var Ungmennafélag Vesturlands haldið í Ölveri og var sá hópur í fæði. Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir lét af störfum í haust sem eftirlitsmaður með vetrarleigu en í hennar stað er Lilja Sævarsdóttir komin sem hefur áður sinnt þessu starfi.

Fjáranir, gjafir og styrkir
Ölver seldi varning til dvalargesta á árinu sem fyrri ár. Lagerstaða á vörum frá fyrri árum var það mikil í upphafi sumars að ákveðið var að halda áfram sölu á þeim varningi og brydda ekki upp á mörgum nýjungum þetta árið. Boðið var uppá langermaboli, húfur, vatnsbrúsa og handklæðasett eins og



fyrri ár. Við ákváðum hins vegar að skipta út bómullar stuttermabolum fyrir endingargóða boli úr “dri-fit” efni sem mæltist mjög vel fyrir. Verkefnið Stelpur í stuði fékk styrk frá bæði ríkinu og Landlækniseimbættinu. Þá heldur söfnun í Sveinúsjóð áfram og nokkrir traustir aðilar gefa alltaf reglulega gjafir í þann sjóð. Í febrúar hélt frábær hópur starfsstúlkna Ölvers og velunnara vel heppnaðan fjáröflunarviðburð. Haldið var uppboð á skemmtilegum og spennandi vörum á Holtaveginum auk þess sem boðið var upp á skemmtiatriði og léttar veitingar. Viðburðurinn var líka rafrænn. Á uppboðinu söfnuðust um 600.000 krónur og munar svo sannarlega um minna. Við í stjórn Ölvers erum ótrúlega þakklát fyrir þetta frábæra framtak sem mun svo sannarlega skila sér inn í starfið. Við viljum koma á framfæri miklu þakklæti fyrir allar gjafir og stuðning sem við fáum með einum eða öðrum hætti. Án stuðnings velunnara megnum við lítið.

Lokaorð
Eins og fyrri ár þakkar stjórn Ölvers fyrir virkilega gott starfsár. Sumarstarfið var blessunarríkt og er það ekki síst að þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfbóðaliðum og velunnurum. Vill stjórnin koma á framfæri líkt og á hverju ári ástkæru þakklæti til þeirra allra sem hafa aðstoðað í gegnum árin. Þeir skipta tugum sem hafa lagt eitthvað af mörkum til starfsins í ár, hvort sem það er að biðja fyrir starfinu, vekja athygli á því, taka þátt í framkvæmdunum og ýmiskonar viðhaldsvinnu, sjá um staðinn yfir vetrartímann, taka þátt í sumarstarfinu og margt, margt fleira.

Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo nær.

ERNA BJÖRK HARBARÐÓTTIR
FORMAÐUR STJÓRNAR



KRÍSTRÚN LILJA GÍSLADÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



ÁSTA SÓLLILJA SIGURBJÖRNSDÓTTIR
GJALDKERI STJÓRNAR



KRÍSTRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR
VARARITARI STJÓRNAR



14. KALDÁRSEL

Sumarbúðirnar í Kaldárseli hafa verið starfræktar frá árinu 1925, og þetta því hundraðasta árið. Á þessum tíma hafa mörg börn fengið að njóta þess að dvelja í Kaldárseli og um leið fengið dýrmæt tækifæri til að rækta líkama, sál og anda. Umhverfi Kaldársels er ævintýri líkast, þar er fjöldi hella og annarra fallegra staða sem gaman er að skoða. Hraunið umhverfis Kaldársel og Kaldáin hafa verið uppspretta ótalmargra gleðistunda hjá börnunum sem dvelja í Kaldárseli. Sumarbúðirnar í Kaldárseli voru fyrstu íslensku sumarbúðirnar til að vera með fastan skála. Mikið hefur verið byggt við skálann í Kaldárseli síðan þá og í dag skiptist hann niður í tvo hluta, gamla og nýja skála. Í gamla skála er matsalur, eldhús, sameiginlegt rými og tvö svefnherbergi fyrir börn sem og starfsmannaherbergi. Árið 2024 mátti ekki gista í gamla skála. Í nýja skálanum eru 4 svefnherbergi fyrir börn, starfsmannaherbergi, íþróttasalur og samkomusalur. Í Kaldárseli er aðstaða fyrir 40 börn, 8 starfsmenn og 4 aðstoðarforingja, árið 2024 breyttist það í 28 börn og 6 starfsmenn.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 12. mars 2024 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Helgi Gíslason og fundarritari var Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson. Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

- Heiðar Feykir Tómasson, meðstjórnandi
- Jóna Þórdís Eggertsdóttir, meðstjórnandi
- Kristmann J. Ágústsson, gjaldkeri
- Sigurður Helgi Pálmason, formaður
- Sveinn Elliði Björnsson, ritari
- Davíð Örn Ingason, varamaður
- Guðni Nathan Gunnarsson, varamaður



Sigurður Helgi Pálmason



Jóna Þórdís Eggertsdóttir



Sveinn Elliði Björnsson



Heiðar Feykir Tómasson



Kristmann J. Ágústsson



Guðni Natan Gunnarsson



Davíð Örn Ingason

Á árinu voru haldnir 4 stjórnarfundir, á milli funda átti stjórnin í samskiptum í gegnum facebook-hóp stjórnar.

Skoðunarmenn reikninga voru þeir Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Guðmundur Jóhannsson.



Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinnti á starfsárinu eru:

Undirbúningur sumarstarfs: Eitt af helstu verkefnum stjórnar á vormánuðum er að undirbúa sumarstarfið. Eitt þeirra er auglýsingamál. Stjórnin sér um auglýsingar á samfélagsmiðlum en annað er sameiginlegt með hinum sumarbúðum KFUM og KFUK. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir hefur gert margar fallegar teikningar sem við höfum nýtt í auglýsingarefni. Ráðningarferlið var erfitt og tæplega tókst að finna nægt starfsfólk fyrir sumarið. Að endingu rættist vel úr málum og fengum við kraftmikla viðbót í eldhús og ræstingar, einnig stigu reyndir foringjar upp sem forstöðufólk og stóðu sig vel. Margir aðstoðarforingjar sóttu um starf sem var afar ánægjulegt og í hverjum flokki voru að jafnaði 4 aðstoðarforingjar á aldrinum 13-17 ára.

Annar hefðbundinn undirbúningur átti sér stað að venju svo sem starfsmannaþjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ: Við eigum í góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjarðarbær greiddi laun tveggja starfsmanna (flokkestjóra) 264 klst., sem samsvarar 7 vikum í Kaldárseli. Vaninn er að greiða þrjá 18 ára og eldri starfsmenn, 238 klst., en í ár nýttist það ekki vel vegna búsetu foringja. Því var fundinn meðalvegur og fengu unglingar að vinna bæjarvinnuna í Kaldárseli ásamt tveimur eldri foringjum. Samstarf Kaldársels og Hafnarfjarðarbæjar er okkur mjög dýrmætt og veitir góðan stuðning við starfið. Hafnarfjarðarbær hefur séð um að láta tæma rotþróna á vorinn, en þó á að breyta því fyrirkomulagi 2024. Einnig hefur bærinn gefið góðan afslátt af fasteignagjöldum. Stjórn Kaldársels vonar að samstarfið við bæinn eigi eftir að aukast á komandi árum.

Samskipti við starfsmenn: Stjórn Kaldársels tók alla starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útivist, eftirlit og hlutverk foringja.



Eftirfylgni með starfsemi Vinasetursins: Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vinasetursins sem samanstóð af Helga Gíslasyni formanni, Arnóri Heiðarssyni, gjaldkera og Jónu Þórdísi Eggertsdóttur sem tengilið við Kaldársel. Framkvæmdastjóri Vinasetursins, Guðrún Elva Arinbjarnadóttir og stjórn Vinasetursins hafa haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

100 ára afmæli Kaldársels 2025. Árið 2023 var ákveðið að safna saman hóp af fólki í sérstaka afmælisnefnd fyrir 100 ára afmæli Kaldársels árið 2025. Nefndin hefur hafið undirbúning að veisluhöldum og safnað hefur verið saman heimildum (sögum og myndum) frá Kaldárseli.

STARFSEMI – SUMARSTARF

Flokkar sumarsins

Flokkaskrá sumarbúðanna í Kaldárseli 2024 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Ákveðið var að hafa tvö leikjanámskeið fyrir eldri börn eitt í júní og annað í ágúst, sjá töflu 1.

Tafla 1: Þátttaka og nýtingarhlutfall sumarið 2024				
Flokkur	Dagsetning	Aldur	Fjöldi	Pláss
1 Leikjanámskeið	10.-14. júní (5 dagar)	7-11 ára	29	30
2 Leikjanámskeið	18.-21. júní (4 dagar)	6-9 ára	30	30
3 Dvalarflokkur	24.-28. júní (5 dagar)	8-11 ára	25	25
4 Dvalarflokkur	1.-5. júlí (5 dagar)	9-12 ára	25	25
5 Leikjanámskeið	8.-12. júlí (5-dagar)	6-9 ára	28	30
6 Leikjanámskeið	15.-19. júlí (5 dagar)	6-9 ára	26	30
7 Leikjanámskeið	29. júlí-1. ág (4 dagar)	6-9 ára	14	30
8 Leikjanámskeið	6.-9. ágúst (4 dagar)	7-11 ára	31	30
Samtals			208	230
Hlutfall			90,43%	100%

Tölfræði þátttöku

Sumarið 2024 var boðið upp á samtals 8 flokka í Kaldárseli. Dvalarflokkarnir tóku hvor um sig 25 börn og leikjanámskeiðin 30 börn, var því í heildina boðið upp á 230 pláss. Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur sumarið 2024 voru samtals 208 sem er 90,43% nýting. Árið 2023 var boðið upp á 8 flokka og þá 320 pláss, það árið voru þátttakendur 268 í heildina og nýtingin 83,75%. Plássum fækkaði um 90 en þátttakendum aðeins um 60.

Árið 2024 var 44% þátttakenda drengir (91 þátttakendur) og 56% stúlkur (117 þátttakendur), sjá nánar í töflu 2. Það er svipað kynjahlutfall og árið 2023.

Tafla 2: Kynjahlutfall				
Flokkar sumarið 2024	KK	KVK	Samtals	
1 Leikjanámskeið	14	15	29	
2 Leikjanámskeið	14	16	30	
3 Dvalarflokkur	8	17	25	
4 Dvalarflokkur	6	19	25	
5 Leikjanámskeið	16	12	28	
6 Leikjanámskeið	11	15	26	
7 Leikjanámskeið	8	6	14	
8 Leikjanámskeið	14	17	31	
Samtals		91	117	208
Hlutfall		43,75%	56,25%	100%



Búseta þátttakenda:

Í töflu 3 má sjá dreifingu á búsettu þátttakenda. Flestir þátttakendur koma úr Hafnarfirði eða 40%, 32% koma úr Reykjavík, 10% Kópavogi, 6% Garðabæ og 12% koma annarstaðar frá. Það er sambærileg dreifing og undanfarin ár.

Tafla 3: Dreifing á búsetu þátttakenda:						
Flokkar	HFJ	RVK	KÓP	GRB	Annað	Samt.
1 Leikjanámskeið	18	6	2		3	29
2 Leikjanámskeið	12	13	4		1	30
3 Dvalarflokkur	3	19	3			25
4 Dvalarflokkur	15	3	4	1	2	25
5 Leikjanámskeið	9	9	5	3	2	28
6 Leikjanámskeið	10	7	2	7		26
7 Leikjanámskeið	4	6	1		3	14
8 Leikjanámskeið	12	4		1	14	31
Samtals	83	67	21	12	25	208
Hlutfall	40%	32%	10%	6%	12%	100%

Endurkoma:

Yfir sumarið var einungis um þriðjungur að koma í Kaldársel í fyrsta skiptið, endurkomu hlutfallið var því 65% eða 136 börn. Þá var dvölin í Kaldárseli fyrsta reynsla 50 þátttakenda af starfsemi KFUM og KFUK.

Aldur:

Í töflu 4 má sjá að í öllum flokkum eru 9 ára þátttakendur og í heild eru þeir 21% af þátttakendum, þó er fjölmennasti aldurinn 8 ára um 30% þátttakenda, 7 ára fylltu upp í 22% af plássunum. Þannig að 72% þátttakenda er á aldrinum 7-9 ára. 13% eru yngri en 7 ára og 13% eldri en 9 ára.

Starfsfólk

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Ráðningar hafa gengið misvel í Kaldárseli undanfarin ár og erfiðlega gengið að skapa góðan starfsmannakjarna. Í hverjum flokki er að minnsta kosti einn starfsmaður fyrir hverja fimm þátttakendur, í fullum flokki eru það átta starfsmenn. Auk þess fá unglingar að taka þátt í starfinu sem aðstoðarforingjar. Sumarið 2024 störfuðu samtals 15 starfsmenn í Kaldárseli og 19 aðstoðarforingjar. Aðstoðarforingjar eru á aldrinum 13-16 ára og unnu öll í einum til tveimur flokkum. Tveir starfsmenn unnu í Kaldárseli alla flokkana, aðrir unnu allt frá einum flokki upp í sjö. Það er því alltaf einhver breyting á starfsmannahópnum milli flokka.

- Forstaða**
1. Leikjanámskeið: Lena Inaba
 2. Leikjanámskeið: Lena Inaba
 3. Dvalarflokkur: Lena Inaba
 4. Dvalarflokkur: Guðni Nathan Gunnarsson
 5. Leikjanámskeið: Monika Jónsdóttir
 6. Leikjanámskeið: Monika Jónsdóttir
 7. Leikjanámskeið: Áslaug Dóra Einarsdóttir
 8. Leikjanámskeið: Lena Inaba

Eldhúsumsjón

Beata Jónsdóttir hefur verið ráðskona Kaldársels síðastliðin 6 ár og hefur séð um matarinnkaup og haldið utan umeldhúsið síðan 2021. Sumarið 2023 og aftur 2024 var Malgorzata Jolanta Szczepaniak með Beötu í eldhúsinu allt sumarið.

Annað starfsfólk

Sumarið 2024 starfaði þéttur hópur starfsmanna og ríkti almennt góður starfsmannaandi í Selinu. Foringjar sumarsins voru þau Aron Charlie Inaba Árnason, Eyrún Ólöf Ívarsdóttir, Kristján Benóný Kristjánsson, Oghenegeweke Prince Victor, Bernardo Tino, Bríet Kjartansdóttir, Donna María Skúladóttir og Kai Embl Baldurs. Margir aðstoðarforingjar sóttust eftir að starfa í Kaldárseli og var þeim öllum gefið tækifæri. Samtals unnu 19 unglingar í Kaldárseli sumarið 2024. Það voru þau Ásdís Erica Farestveit, Ásdís Svava Pétursdóttir, Bjarnveig Sara Gränz, Charlotta Karen Björnsdóttir, Haukur Helgi Sigurðsson, Ísabella Þórðardóttir, Jenný klara Jónsdóttir, Kamilla Inga Ellertsdóttir, Kristbjörg Sigríður Þóroddsdóttir, Ólöf Katrín Þormar, Ronja Dýrfjörð Halldórsdóttir, Rúnar Logi Arnarsson, Sædís Eva Bjarnadóttir, Sindri

Tafla 4: Aldur barna í Kaldárseli sumarið 2024:							
Flokkar sumarið 2024	5 ára	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára*
1. Leikjanámskeið		1	10	10	5	1	
2. Leikjanámskeið		10	9	10	1		
3. Dvalarflokkur			2	5	13	5	
4. Dvalarflokkur II				8	5	5	7
5. Leikjanámskeið	4	2	7	9	6		
6. Leikjanámskeið	2	1	9	10	4		
7. Leikjanámskeið	3	2	6		2		
8. Leikjanámskeið		2	2	10	7	9	
Samtals	9	18	81	62	43	8	2
	4,3%	8,7%	21,6%	29,8%	20,7%	9,6%	3,3%
* Eitt barn eldra en 11 ára telst með elsta aldurshópnum. Fjögur börn til viðbótar dvöldu í Kaldárseli.							



Dan Vignisson, Urður Elísa Hlynisdóttir, Víkingur Davíð Inaba Árnason og Yrsa Maren Haraldsdóttir.

Annað

Vinnuskóli Garðabæjar studdi enn frekar við samstarfið með því að meta vinnu unglinganna í Kaldárseli til launa í vinnuskólanum.

Viðburðir

Ekki var lagt í að halda stóra viðburði á árinu enda voru önnur stjórnarstörf mörg og erfið. En lagt er upp með að halda stóra vorhátíð á 100 ára afmælisári Kaldársels 2025.

FRAMKVÆMDIR OG STARFSADSTAÐA

Framkvæmdir: Ekki var farið í stórar framkvæmdir árið 2024 en þó var eitthvað um viðhald. Vegna aðstæðna í gamla skálanum var ekki lengur fært að gista í gamla hlutanum (einangrunin í veggjum stöðst ekki brunakröfur fyrir svefnálm). Þá voru gerðar einhverjar breytingar á nýtingu herbergja. Salnum á efri hæð hússins var skipt upp í nokkur svefnrými sem aðstoðarforingjar sumarsins nýttu, Hellaseli var því breytt úr svefnherbergi í samkomusal. Önnur rými í gamla hlutanum voru nýtt sem leikherbergi, setustofa fyrir starfsmenn og geymsla. Annars var sinnt ýmissi tilfallandi viðhaldsvinnu. Uppþvottavélin er einnig komin á síðasta snúning og mikilvægt að endurnýja hana.

Gamli skálinn: Á starfsárinu fékk stjórnin verkfræðistofuna Feril til að meta stöðuna á gamla húsinu. Niðurstaða þeirrar úttektar er sú að ekki borgi sig að gera við gamla húsið, að æskilegra sé að endurbýggja húsið frá grunni. Opnað hefur verið á samtal við Hafnarfjarðarbæ um framhaldið.

Leyfisveitingar: Árið 2023 átti sér stað mikil vinna við að fá starfsleyfi frá Slökkviliðinu og samþykktar teikningar af Kaldárseli eftir breytingarnar 2021. Í ljós kom að aðalhönnuður sem fenginn var til að teikna breytingarnar á Kaldárseli fylgdi verkefninu ekki eftir og kláraði ekki að fá teikningarnar samþykktar af byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. Eftir mikla vinnu var ákveðið að fá Svein Valdimarsson okkur til aðstoðar þannig að verkið myndi klárast. Hann teiknaði Kaldársel og er nú aðalhönnuður hússins, við erum honum mjög þakklát fyrir að stíga inn í málið og vinna það



hratt og vel. Hann og Davíð Snorrason brunahönnuður hússins áttu í miklu samstarfi við Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu fyrir okkar hönd ásamt formanni stjórnar. Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu telur vesturhluta húsins eða gamla skála ekki vera öruggan stað til að gista í. Þá er óljóst hver burðargeta húsins er, efniviður brennur of hratt og neyðarútgangar of litlir. Því var ákveðið að þar til húsið hefur verið lagað verði ekki gist í gamla skálanum heldur einungis nýja. Í byrjun árs 2024 fengum við starfsleyfi frá slökkviliðinu með þessum forsendum. Í byrjun sumars voru 28 kojur fyrir börn og 6 rúm fyrir starfsmenn í nýja skálanum. Því var sumarstarfið 2024 með breyttu sniði með færri börnum og starfsmönnum en undanfarin ár. Ljóst er að mikill tekjumissir varð af þessu og áttu því stjórnir Kaldársels og KFUM og KFUK á Íslandi mikilvægt spjall um framtíðarsýn staðarins, því leggja þarf mikla vinnu í endurbætur í Kaldárseli og fjármagn ekki til staðar.

Lokaorð

Starfsárið 2024 var þungt að mörgu leyti. Framtíð starfsins í Kaldárseli er óljós þar sem öryggi hússins er ábótavant og endurbætur kostnaðarsamar. Við erum þakklát fyrir gott sumar sem gekk vel og við fengum til okkar gott starfsfólk. Saga staðarins og sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað undanfarin ár gefur okkur mikinn meðbyr og vonum við að starf sumarbúðanna megi halda áfram að vaxa um ókomin ár. Rekstur Vinasetursins gengur vel en þau finna líka fyrir áskorunum í húsnaðismálum, sérstaklega yfir vetrartímann, sem hvetur okkur enn frekar til að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir endurbætur á húsinu næstu árin. Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfbóðaliðum, velunnurum og gestum.

SVEINN ELLIÐI BJÖRNSSON
GJALDKERI STJÓRNAR



15. HÓLAVATN

Hólavatn er staðsett innarlega í Eyjafirði, 37 kílómetra frá Akureyri. Þar er góð aðstaða fyrir hópa og umhverfið allt í kring bíður upp á fjölmarga möguleika. Ný bygging var tekin í notkun árið 2012 og í henni eru þrjú 6 manna herbergi, tvö 8 manna, eitt tveggja manna og eitt þriggja manna. Alls er því gístiaðstaða fyrir 39 manns í rúmum. Starfræktar hafa verið sumarbúðir fyrir börn frá árinu 1965 og enn í dag geta öll börn á aldrinum 7. – 16. ára komið og átt góðar stundir þar.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatsns var haldin 6. Mars 2024

Stjórn Hólavatsns á starfsárinu skipuðu:

Formaður: Sindri Geri Óskarsson

Gjaldkeri: Davíð Ingi Guðmundsson

Umsjónamaður Farmkvæmda: Þórður Daníelsson

Ritari: Elísabet Eik Jóhannsdóttir

Meðstjórnandi: Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir

Varamenn: Ásta María Viðarsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson



Sindri Geri Óskarsson



Davíð Ingi Guðmundsson



Þórður Daníelsson



Elísabet Eik Jóhannsdóttir



Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir



Ásta María Viðarsdóttir



Guðlaugur Sveinn Hrafnsson

Kristín Hanna og Jóhanna María Gunnarsdóttir.

Aðstoðarforingjar: Margrét Mjöll Sindradóttir, Jakob Jónsson og Anna Bergdís.

SUMARSTARF Á HÓLAVATNI 2023

Flokkar sumarsins voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1. Frumkvöðlaflokkur	6.–8. júní	6–8	Öll	18
2. Strákaflokkur	10.–14. júní	8–11	KK	0
3. Stelpuflokkur	17.–21. júní	8–10	KvK	0
4. Leikjaflokkur	24.–28. júní	10–12	Öll	24
5. Stelpuflokkur	1.–5. júlí	9–11	Öll	18
6. Leikjaflokkur	8.–12. júlí	8–10	KvK	15
7. Ævintýraflokkur	15.–19. júlí	10–12	KvK	34
8. Meistaraflokkur	22.–26. júlí	12–16	Öll	22

Yfirlit starfs

Alls komu 131 barn á Hólavatn sumarið 2024. Boðið var upp á átta dvalarflokka einum flokk minna heldur en í fyrra. Í boði voru einn drengjaflokkur, þrír stelpuflokkar og fjórir blandaðir flokkar. Haldið var áfram að nýta samfélagsmiðla í kynningarstarfi sem og auglýsingar settar í helstu pappírsmiðla á Akureyri. Starfið á Hólavatni gekk vel þó að það hafi komið upp nokkrir hnökrar. Það gekk mjög vel að manna alla flokkana fyrir utan forstöðu en það gekk allt saman að lokum. Það var ekki mikil endurnýjun á starfsfólki þetta sumarið en frábærir ungleiðtogar komu sterkir til leiks. Stjórn Hólavatsns var mjög ánægð með starfsfólkið og erum við þeim afar þakklát fyrir þeirra mikilvæga starf. Vegna dræmrar skráningar þá var tekin ákvörðun um að fella niður tvo flokka, 2. flokk sem var 8–11 ára drengjaflokkur og 3. flokk sem var 8–11 ára stelpuflokkur.



Skoðunarmenn reikninga voru Ragnheiður María Harðardóttir og Kolbrún Harðardóttir

Fjöldi stjórnarfunda á árinu voru 7 og fóru þeir fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð og í Gleráarkirkju.

Formaður sótti sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í gegnum Teams. Verkefni stjórnar voru þau sömu og árið á undan. Stjórnin sér aðallega um undirbúning og skipulag sumarstarfsins, framkvæmdir og viðhald á staðnum. Skráning í flokka fór rólega af stað en tók við sér þegar leið á.

Starfsfólk sumarsins:

Forstaða: Ída Hlín Steinþórsdóttir, Sigurður Bjarni Gíslason og Hanna Lára Baldvinnisdóttir.

Matráður: Laufey Aðalsteinsdóttir, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Laufey Gísladóttir, Hanna Björk Atreye Sigfúsdóttir og Klaudia Anna Jablonska.

Foringjar: Guðrún Karen Sigurðardóttir, Ari Jónsson, Daníel Orri Helgason, Dagbjartur Elí Kristjánsson, Ásta María Viðarsdóttir, Alexía Lind Ársælsdóttir,



Í maí 2024 var ráðist í það verkefni að skipta um þak á eldra húsinu á Hólavatni. Mönnum létti mjög þegar í ljós kom hvað timbrið undir járnu og dúknum var í góðu standi.

Árleg Kaffisala

Kaffisala Hólavatsns 2024 var haldin 18. ágúst. Var hún auglýst á samfélagsmiðlum, í helstu pappírsmiðlum á Akureyri og sett voru upp skilti við Leiruna og Hlíðarbraut. Var mætingin fram úr öllum vonum eða um 220 manns sem áttu yndislega og notalega stund á Hólavatni í blýðskapar veðri. Allt brauð kláraðist og hætta þurfti að selja inn klukkan 15:30.

Framkvæmdir

Farið var í átta vinnuferðir á Hólavatn fyrir fyrsta flokk sumarsins þar voru ýmis verk unnin, m.a. var húsið og leiksvæði standsett fyrir sumarið en stæðsta verkefnið fyrir sumarið var þakið, byrjað var á því að fara með vinnupalla og 4. Maí voru þeir settir upp, 9. Maí var allt járn rífið af og timbrið þar undir skoðað. 25. Maí var settur dúkur á þakið í stað bárujárns og þar með var þakið klárt fyrir sumarið.



Fermingarnámskeið

Þyngjarsókn nýtti sér Hólavatn undir fermingarnámskeið en þar var farin dagsferð með krakka frá Húsavík og Mývatnssveit. Akureyrarkirkja notfærði sér einnig Hólavatn fyrir fermingarnámskeið, þar var farin dagsferð og hópnum skipt upp í tvo hópa og komu þau með 50 krakka á Laugardegi og 50 krakka á Sunnudegi.

Lokaorð

Ég Drottinn Guð þinn held í hægri hönd þína og segi við þig óttast þú eigi ég hjálpa þér. (Jes. 41.13)

Ró í hjarta – gleði í sál eru orð sem lengi hafa fylgt Hólavatni. Í einstakri fegurð Eyjafjarðar, þar sem Hólavatn hvílir svo fallega í faðmi umvefjandi hólanna má segja að ró í hjarta sé óumflýjanleg. Í góðu sumarveðri er fátt dásamlegra en glaðlynd börn sem njóta alls þess sem Hólavatn hefur upp á að bjóða. Við erum einstaklega þakklát fyrir börnin sem koma á Hólavatn og vonum að þau verði svo miklu fleiri í framtíðinni. Að börnin sem frá okkur fara eftir sumardvöl minnst tímans á Hólavatni, með gleði og hlýju í hjarta og taki með sér góðar minningar. Öllum þeim sem rétt hafa hjálparhönd við starfið á Hólavatni, með bænum, gjöfum eða verkum þökkum við stjórnin af heilum hug.

GUÐLAUGUR SVEINN HRAFNSSON
GJALDKERI STJÓRNAR



16. KFUM OG KFUK Á AKUREYRI

KFUM og KFUK á Akureyri var stofnað 1951 og eignaðist sitt eigið félagsheimili í Sunnuhlíð árið 1986. Á liðnu starfsári var félagsheimilið selt og félagið er nú í 170 fermetra leiguhúsnæði í Draupnigötu 1, í göngufjarlægð frá Glerárkirkju.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri árið 2024 var haldinn 6. mars í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Sindri Geir Óskarsson var kosinn fundarstjóri og fundarritari var Brynhildur Bjarnadóttir. Ekki lágu fyrir fundinum nægjanlega mörg framboð til stjórnar, hvorki fyrir félagið á Akureyri, né fyrir sumarbúðirnar að Hólavatni og var því lögð fram tillaga um að boða til framhaldsaðalfundar. Þar skyldi jafnframt ræða framtíð félagsins á Akureyri og mögulega sölu á félagsheimilinu í Sunnuhlíð.

Framhaldsaðalfundur var haldinn 15. maí 2024. Fundarstjóri var Katrín Harðardóttir og fundarritari Brynhildur Bjarnadóttir. Aðalfundur samþykkti kauptilboð í félagsheimilið Sunnuhlíð frá RA5 fasteignafélagi að upphæð 51,5 milljónir króna. Þegar tekið var tillit til þess að á árinu 2023 hafði félagið selt sinn hluta í sameiginlegri sameign að upphæð 6,8 milljónir króna, og að fyrir lágu framkvæmdir við þak Sunnuhlíðar sem hefðu kostað félagið yfir 3 milljónir króna var það mat fundarins að ganga að sölunni. Mikil umræða var um framtíð félagsstarfs KFUM og KFUK á Akureyri og fundarmenn sammála um mikilvægi þess að setja krafta okkar í stuðning við Hólavatn, í leiðtogaþjálfun og áframhaldandi samstarf við Glerárkirkju með æskulýðsstarf að vetri.



Jóhann Þorsteinsson Eydís Ösp Eypórsdóttir Guðmundur Ómar Hönnuson Jóhannes Már Pétursson Arnar Yngvason

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

- Formaður: Jóhann Þorsteinsson
- Ritari: Eydís Ösp Eypórsdóttir
- Gjaldkeri: Guðmundur Ómar Hönnuson
- Varamenn: Jóhannes Már Pétursson og Arnar Yngvason

Haldnir voru tveir formlegir stjórnarfundir, annar í Glerárkirkju og hinn í Draupnigötu, nýrri aðstöðu sem félagið leigir. Annars var mikið rætt um starfið, húsnæðismál og fleira í gegnum sameiginlegan spjallþráð á Messenger.

Helstu verkefni stjórnar

Húsnæði KFUM og KFUK á Akureyri selt í júní 2024, en þar hafði félagið haft aðsetur frá árinu 1986 og því talsverð vinna að pakka niður og grísa dót sem þar var. Talvert fór af borðum, borðbúnaði og starfsgögnum á Hólavatn en jafnframt fóru leiktæki og starfsgögn í geymslu í Draupnigötu 1. Þann 1. september var undirritaður leigusamningur við DH Fasteignir um

ótímabundna leigu með mánaðar uppsaganarfresti. Það sama kvöld stóð stjórnin fyrir hugarflæðisfundi um framtíðarstarf í nýju húsnæði og mættu átta félagsmenn til fundarins og komu fram ýmsar hugmyndir um starfið og möguleikana sem felast í nýju húsnæði sem er talsvert ólíkt því félagsheimili sem áður hýsti starfsemina.

Í nóvember samþykkti stjórn að styðja við starfsemi sjálfboðaliða sem hafa um árabíl verið með Matargjafir á Akureyri og nágrenni. Fyrst um sinn var horft í tímabilið fram að jólum, en síðan var í ársbyrjun handsalað samkomulag um að starfsemin verður áfram í húsnæði KFUM og KFUK á Akureyri án endurgjalds. Fyrir jólin söfnuðust um 7 milljónir króna og var hægt að aðstoða yfir 200 fjölskyldur og má með sanni segja að það sé gleðilegt að geta stutt við þetta mikilvæga starf með því að útvega þeim húsnæði. Á nýju ári er opið fyrir úthlutun alla mánudaga kl. 17.30-18.30.

Í upphafi árs var farið af stað í frekari framkvæmdir í nýju húsnæði og nýtt þythokkýherbergi innréttað og stefnt að því að halda opið hús á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar sunnudaginn 2. mars.

BARNA- OG ÆSKULÝÐSSTARF

Deildastarf

Yngri deildir á Svalbarðseyri og Grenivík voru starfræktar á haustmisseri í samstarfi við sóknarprest í Laufási. Alls voru 6 samverur og var starfið ágætlega sótt. Forstöðumaður var Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.

Ud-Glerá, unglingadeild var, líkt og undanfarin ár, í samstarfi við Glerárkirkju en vegna sölu á félagsheimili færðist starfsemin að mestu upp í Glerárkirkju en þó fór hópurinn eitthvað í Draupnigötuna. Góð þátttaka var í deildinni og meðaltalsmæting um 20 unglingar. Forstöðumenn eru Eydís Ösp Eypórsdóttir og Guðlaugur Hrafn Sveinsson en með þeim starfa leiðtogarnir Jóhannes Már Pétursson og Stefán Andri Björnsson.

Fullorðinsstarf

Á síðastliðnu starfsári var ekki fullorðinsstarf á vegum stjórnar KFUM og K en Kristniboðsfélag Akureyrar hélt eina samveru í félagsheimilinu sem var vel sótt af félagsmönnum og öðrum.

Gjafir og styrkir

Mikil vinna stjórnar fór í samskipti við Akureyrarbæ vegna styrktarsamnings en hann var runninn út og hafði aðeins verið endurnýjaður árlega um nokkurt skeið. Jóhann Þorsteinsson fór á fund hjá sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar og í framhaldinu á fund hjá ráðinu og kynnti starfsemi félagsins á Norðurlandi og lagði fram styrkbeiðni til þriggja ára. Styrktarsamningur til þriggja ára var undirritaður að upphæð kr. 1.650.000 á ári sem er hækkun um 150 þúsund. Hluti styrksins er vegna starfsins á Hólavatni og er sá hluti millifærður ár hvert á milli starfsstöðva.

Einnig var sótt um styrk í Æskulýðssjóð fyrir verkefnið "Lífið er leikur". Markmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að efla börn og virkja til samvinnu. Lögð er áhersla á samvinnuleiki eftir fyrirmynd Dr. Jim Cain en hann er þekktur fyrir hópefli, þrautir og allskonar þjálfun fyrir unga sem aldna. Hinsvegar að ná til til barna sem ekki hafa verið virk í félagsstarfi



Félagið hefur tekið á leigu húsnæði í Draupnigötu 1. Það býður upp á margskonar ný tækifæri til æskulýðsstarfs, en hefðbundnir æskulýðsfundir fara jafnframt fram í Glerárkirkju.

KFUM og KFUK og leyfa þeim að upplifa hvað starf félagsins getur verið skemmtilegt og gefandi og vonandi fá þau til að taka virkan þátt í framhaldinu. Fékkst styrkur uppá 190.000 kr fyrir verkefnið og er það á dagskrá núna í vor.


Lokaorð

Liðið starfsár hefur verið krefjandi fyrir félagsfólk á Norðurlandi og það hefur reynt á innviðina í því breytingarferli sem starfstöðin á Akureyri gengur nú í gegnum. En við erum bjartsýn á að nýjum áskorunum fylgi líka ný tækifæri og því viljum við þetta raðirnar og taka höndum saman svo tryggja megi framtíð félagsstarfs undir merkjum KFUM og KFUK á Norðurlandi um ókomin ár. Guð gefi að svo megi verða.

EYDÍS ÖSP EYPÓRSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



JÓHANN ÞORSTEINSSON
FORMAÐUR STJÓRNAR



Aðstaðan í Draupnigötu býður upp á áður óþekkta möguleika, m.a. eru ýmis tækifæri til að merkja húsnæðið án þess að kosta miklu til.



Á starfsárinu var félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð 12 selt. Félagið hafði haft þar aðsetur frá árinu 1986.

17. KFUM OG KFUK Í VESTMANNAEYJUM

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum heldur úti unglingadeild í samstarfi við Landakirkju og nefnist hún Æsland, Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Félagið hefur verið rekið í þessari mynd frá árinu 1991 þegar KFUM og KFUK starf sem legið hafði í dvala í nokkurn tíma var endurreist af Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 7. maí 2024 kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu 6 manns. Fundarstjóri var Viðar Stefánsson og Ragnheiður Perla Hjaltadóttir ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundir á starfsárinu í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.



Guðmundur Örn Jónsson
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir
Gísli Stefánsson
Brynja Halldórsdóttir
Snorri Rúnarsson

Helstu verkefni stjórnar

Verkefni stjórnar á starfsárinu, einkenndust líkt og undanfarin ár af stuðningi við Æsland í formi styrkja til ferða á æskulýðsmót og í leiðtogabjálfun sem og innkaupa fyrir aðstöðu félagsins í safnaðarheimili Landakirkju. Einnig voru lögð drög að frekari uppbyggingu á starfinu í Vestmannaeyjum.

STARFSEMI OG VIÐBURÐIR

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Í Vestmannaeyjum er virk unglingadeild fyrir 8. 9. og 10. bekk. Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju undir stjórn Trausta Mar Sigurðarsonar æskulýðsfulltrúa, með aðstoð Lauru Barböru og Thelmu Sólar aðstoðarleiðtogum. Mikið er lagt upp úr tónlist í lofgjörð fundanna enda skipar hún mikilvægan sess í boðun fangaðarerindisins. Mæting í starfið hefur aukist á starfsárinu en 27 krakkar að meðaltali hafa tekið þátt í fundum á sunnudagskvöldum. Á starfsárinu voru áætlaðar 2 ferðir á leiðtogarnámskeið sem ekki var hægt að sækja vegna veðurs, en öflugur hópur ungleiðtoga hefur samt sem áður haldið sínu striki og tekið þátt og leitt starfið af krafti.



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánú samstarfi við Landakirkju.

Opin hús í safnaðarheimili Landakirkju

Á miðvikudagskvöldum er opið hús í fræðslustofu safnaðarheimilis Landakirkju og sóttu það um 5-10 unglingar í hverri viku á starfsárinu. Aðstaðan þykir góð en hana er hægt að samnýta með öðrum hópum sem starfa innan kirkjunnar og hefur það reynst að vel að deila rýminu með þeim.

Sjálfboðaliðar í starfinu

Sjálfboðaliðar í starfinu: Brynja Halldórsdóttir, Gísli Stefánsson, Guðmundur Örn Jónsson, Laura Barbara Wanecka, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Snorri Rúnarsson, Thelma Sól Bjarnadóttir, Trausti Mar Sigurðarson, og Viðar Stefánsson.

Svínadalismótið í Vatnaskógi

19 þátttakendur á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru á Svínadalismótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 23. – 25. febrúar 2024. Ferðin gekk frábærlega, og eins og vanalega skemmti hópurinn sér stórkostlega í Vatnaskógi á frábæru og vel framkvæmdu móti. Unglingamót ÆSKH í Vatnaskógi

14 þátttakendur Æsland fóru á Unglingamót ÆSKH sem haldið var í Vatnaskógi dagana 15. - 17. nóvember 2024. Krakkarnir skemmtu sér



14 þátttakendur Æsland fóru á Unglingamót ÆSKH sem haldið var í Vatnaskógi dagana 15. - 17. nóvember 2024

frábærlega, enda vel heppnað mót og sérstaklega mikil gleði að eyða helgi í Vatnaskógi á þessum árstíma. Hópurinn tók heim bikarinn fyrir 1. sæti í árlegu hæfileikakeppni ÆSKH, en það er í fyrsta skipti sem hópur frá Vestmannaeyjum vinnur slík verðlaun, sem fyllti auðvitað hópinn af ekta vestmannaeysku stolti.

Lokaorð

Styrkur okkar starfs er mikill drifkraftur og vilji til þess að gera gott úr öllum aðstæðum. Krakkarnir láta það ekki trufla sig þó það sé slæmt í sjóinn eða að ferðalögin í kringum landið séu löng og ströng, þau gefa alltaf hundrað og tíu prósent af sér og keyra upp stemninguna. Samstarf æskulýðsfulltrúa og öflugra aðstoðaleiðtoga sem halda utan um starfið styrkist með hverjum deginum og verður spennandi að sjá hvað verður úr því samstarfi á árinu 2025.

Starfið vex með hverju árinu og var árið 2024 engin undantekning. Það er því okkar von og trú að starfsárið 2025 muni leiða okkur að nýjum tækifærum og að það verði eitt það besta í sögu félagsins.

RAGNHEIÐUR PERLA HJALTADÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



Aðstoðarleiðtogar bregða á leik. Thelma Sól Bjarnadóttir, Jenna Gunnarsdóttir og Laura Barbara Wanecka.

18. KFUM OG KFUK SUÐURNES

Aðalfundur var haldinn þann 5.mars 2024.


Stjórn og stjórnarstörf

Stjórn KFUM og KFUK Suðurnes skipuðu á starfsárinu:

- Sigurbjört Kristjánsdóttir - formaður
- Sveinn Valdimarsson - gjaldkeri
- Þóra Benónýsdóttir – ritari
- Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – vararitari
- Erla Guðmundsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

- Páll Skaftason
- Sigvaldi Björgvinsson



Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin hélt 5 stjórnarfundi á árinu og voru verkefni stjórnar margvísleg. Fólust þau meðal annars í almennri umsjón með deildarstarfinu í Reykjanesbæ en þrjár deildir eru starfræktar í félagsheimili KFUM og KFUK í Reykjanesbæ. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til starfsins í Keflavík og gekk það vel. Haldin voru þrjú leikjanámskeið sumarið 2024 og gengu þau ágætlega.



KFUM og KFUK tók þátt í Barna- og ungmennehátíð Reykjanesbæjar, í samstarfi við Keflavíkirkirkju.

Starfsemi og viðburðir

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK Suðurnes voru 92 talsins.

Deildarstarf og leiðtogar

- Yngri deild KFUM: Skráðir eru 37 drengir. Sveinn Valdimarsson er forstöðumaður. Kristinn Arnar Ólafsson, Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson og Björn Atli Hyldahl Guðmundsson eru leiðtogar.
- Yngri deild KFUK: Skráðar eru 40 stúlkur. Sigurbjört Kristjánsdóttir og Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir eru forstöðukonur. Sólveig Hjörleifsdóttir, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Ólöf Rós Davíðsdóttir, Sunna Dís Guðbergisdóttir og Guðbjörg Lára Aradóttir eru leiðtogar.
- Unglingadeild KFUM og KFUK: Skráðir eru 15 unglingar. Thelma Rós Arnardóttir og Þórarinn Darri Ólafsson eru forstöðumenn og Helga Sveinsdóttir er leiðtogi.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK Suðurnes

Þann 5.maí 2024 tókum við þátt í BAUN, Barna- og ungmennehátíð Reykjanesbæjar, í samstarfi við Keflavíkirkirkju. Við vorum með ratleik um hverfið, grilluðum pylsur, vorum með hoppukastala og fengum leikþáttinn Drottningin sem kunni allt nema... Í nóvember var haustferð yngri deilda haldin í Vatnaskógi. Farið var með 20 börn frá Keflavík í ferðina og heppnaðist hún mjög vel. Börnin voru mjög ánægð með mótið. Einnig fóru 10 unglingar úr unglingadeildinni á miðnæturíþróttamót sem haldið var í Vatnaskógi sömu helgi og haustferðin. Unglingarnir voru mjög ánægðir með ferðina og gekk allt vel. Í janúar hvert ár er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í máltíð og huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið á starfsárinu. Leiðtogar undir 20 ára fengu jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf. Í febrúar fór unglingadeildin með 13 unglinga á Svínadalismótið sem haldið var í Vatnaskógi. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð og skemmtu allir sér konunglega.

Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum sóttu leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem haldin er í sumarbúðum KFUM og KFUK bæði í janúar og október ár hvert. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi.



Á degi sjálfbóðaliðans þann 5. desember síðastliðinn var Sveinn Valdimarsson útnefndur sjálfbóðaliði ársins 2024 hjá KFUM og KFUK.



20 börn frá Keflavík tóku þátt í haustferð yngri deilda í Vatnaskóg í nóvember 2024.

Leikjanámskeið

Þrjú leikjanámskeið voru haldin í júní 2024 og gengu þau vel. Starfsfólk var Hálfán Helgi Matthíasson, Hjördís Anna Matthíasdóttir, Aron Steinsen Jónsson og Jakob Freyr Einarsson. Aðstoðarforingjar voru Sunna Dís Guðbergisdóttir og Ólöf Rós Davíðsdóttir. Fjöldi þátttakenda var 38.

Viðurkenningar

Á hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK þann 20.september 2024 voru veittar viðurkenningar til þeirra foringja sem starfað hafa í öllum fimm sumarbúðum KFUM og KFUK. Þær Brynja Eiríksdóttir og Þóra Benónýsdóttir fengu viðurkenningu sem Fimm stjörnu foringjar en þær hafa báðar starfað í öllum sumarbúðum KFUM og KFUK. Á degi sjálfbóðaliðans þann 5. desember síðastliðinn var Sveinn Valdimarsson útnefndur sjálfbóðaliði ársins 2024 hjá KFUM og KFUK. Sveinn hefur verið í fararbroddi og í stjórn KFUM og KFUK Suðurnes í nálægt 40 ár, ef frá eru talin árin sem hann fór í mastersnám til Þýskalands. Samhliða forystustörfum í Keflavík starfaði hann a.m.k. 6 ár í stjórn KFUM og KFUK á Íslandi og 8 ár í stjórn Skógarmanna KFUM.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár hefur félagsheimilið verið lánað fyrir fáein afmæli og veislur. Þá hefur Reykjanesbær haft afnot af húsinu í nokkur skipti yfir starfsárið.

Viðhald félagsheimilisins að Hátúni 36

Viðhald á Hátúni 36 var lítið á liðnu starfsári en ýmsu smálegu sinnt eftir þörfum.



Pipakökuskreytingar á fundi yngri deildar KFUK í Keflavík.

Gjafir og styrkir

Reykjanesbær og Keflavíkursókn eru helstu styrktaraðilar félagsins. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Er það félaginu ómetanlegt að njóta jákvæðs viðhorfs í samfélaginu og hafa sterkan hóp sjálfbóðaliða sem kemur að starfinu.

Lokaorð

Þessi sterku orð standa í sálmi 40: “Ég vitnaði um trúfesti þína og hjálp og dró eigi dul á náð og tryggð á hinum mikla söfnuði”. Í 2. kafla Þessalóníkubréfs segir Páll: “Guð minn gaf mér djörfung til að tala til ykkar fagnaðarerindi Guðs þótt baráttan væri mikil”. Við erum söfnuður Guðs og í þeirri forréttindastöðu að segja frá fagnaðarerindinu um Jesú Krist sem er okkar frelsari og fyrirmynd í lífinu. Guð gefi okkur öllum djörfung, þor og þrautseigju til að halda áfram trúarinnar góðu baráttu. Kær kveðja, stjórn KFUM og KFUK Suðurnes.

ÞÓRA BENÓNYSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





19. VINAGARÐUR - LEIKSKÓLI KFUM OG KFUK

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUM, er staðsettur í Laugardalnum í Reykjavík. Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á að efla kristið siðgæði og veita trúarlegt uppeldi sem byggir á gildum skólans um trú, von og kærleika. Leikskólinn var stofnaður árið 1975 og starfaði í Langagerði í Reykjavík í rúm 26 ár en flutti svo á Holtaveg árið 2002. Leikskólinn fagnar því 50 ára starfsafmæli á árinu 2025.

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, var haldinn miðvikudaginn 25. mars 2024 á Holtavegi 28. Anna Elísa Gunnarsdóttir var settur fundarstjóri og Jóhanna Klara Stefánsdóttir ritaði fundargerð. Jón Ómar Gunnarsson og Matthildur Bjarnadóttir voru í kjörnefnd fyrir aðalfund.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Bára Sigurjónsdóttir, formaður
Hilmar Einarsson, ritari
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri
Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi og varagjaldkeri
Sara Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra og vararitari
Berglind Ólög Sigurvinsdóttir, varamaður
Guðný Helga Lárusdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Alma Auðunsdóttir og Einar Helgi Ragnarsson. Guðmundur Karl Einarsson til vara.
Á starfsárinu voru haldnir 12 stjórnarfundir.

Starfsfólk leikskólans

Við leikskólann voru að jafnaði um 18 stöðugildi eftir að deildum var fækkað úr 5 í 4 í ágúst 2024. Hulda Björg Jónasdóttir var leikskólastjóri og Hildur Björk Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Deildarstjórar voru Eva Dögg Sveinsdóttir, Ingibjörg Leifsdóttir, María Jónsdóttir og María Sigurðardóttir. Deildarstjórar eru allir kennarar með leyfisbréf. Sérkennslustjóri var Ragnhildur Gunnarsdóttir, kennari. Aðrir kennarar við skólann voru Gerður Bolladóttir leikskóla- og tónlistarkennari og Sveinbjörg Björnsdóttir leikskólakennari.

Í starfsmannahópnum varð sú breyting að Aðalheiður Sighvatsdóttir lét af störfum vegna aldurs eftir áratuga farsælt starf við leikskólann. Í



Bára Sigurjónsdóttir



Hilmar Einarsson



Jóhanna Klara Stefánsdóttir



Berglind Ósk Einarsdóttir



Sara Sigurðardóttir



Berglind Ólög Sigurvinsdóttir



Guðný Helga Lárusdóttir

starfsmannahópi skólans voru Anna Peta Guðmundsdóttir leikskólaliði, Afonso de Almedia Esteves, Agnes Eir Jónsdóttir, Davíð Leví Magnússon, Erika Macková leikskólakennaranemi, Freyja Hafþórsdóttir, Grumnesh Lenechesa, Gyða Rut Armundsdóttir þroskaþjálfanemi, Jana Guðrún Tinnudóttir Jahzara, Samúel Jóhann Andreasson Nyman kennaranemi, Sara María Gunnarsdóttir kennaranemi og Þorbjörg Tómasdóttir djákni. Matráður var Aurora de Jesu Almeida og aðstoð í eldhúsi sinni Pedro Sousa. Vinagarður hefur undanfarin tvö ár hvatt starfsfólk sem ekki hefur kennaramenntun til að sækja sér slíka fagmenntun samhliða starfi og boðið námssamninga þar sem svigrúm til náms samhliða starfi er boðið ásamt stuðningi við bókakaup. Nú þegar eru fjórir starfsmenn komnir á námssamning og verður vonandi ásókn í þá áfram. Leikskólinn býr yfir miklum mannauði, bæði háu hlutfalli kennara og reynslumiklu starfsfólki sem á stóran þátt í að gera skólann að einum eftirsóttasta leikskóla borgarinnar.

Framkvæmdir

Framkvæmdir hófust á útisvæði á leikskólans með hliðsjón af hugmyndavinnu starfsfólks Vinagarðs. Lítið húsaþorp var sett upp auk þess sem rólur voru pantaðar og hönnun á sandkassa lauk. Áfram áttu sér stað miklar umræður varðandi heildarendurskipulag og framkvæmdir í kjallaranum að Holtavegi 28 en niðurstaða varðandi þær framkvæmdir liggur ekki fyrir. Þó var gert nýtt salerni fyrir börnin samkvæmt fyrirbyggjandi teikningu og fatahengi og salerni starfsfólks endurnýjað.

Fjármál

Rekstur leikskólans árið 2024 gekk vel og ánægja er með starf leikskólans. Að jafnaði haldast tekjur og gjöld í hendur en ekki er mikið svigrúm í rekstrinum. Gert var ráð fyrir nokkrum halla á rekstrinum þetta árið en það skýrist helst af tilfallandi hækkun launakostnaðar svo sem vegna afleysinga, kjarasamningshækkana, leiðréttinga launa aftur í tímann og mun á sérkennslu milli ára. Hallinn hafði áhrif á reksturinn í formi aðhalds en þó ekki á kostnað faglegs starfs og þjónustu við börnin. Stjórn hefur einblínt á útgjöld á árinu. Tekjur Vinagarðs koma að mestu leyti frá sveitarfélögum. Stærstu gjaldaliðir eru launakostnaður, matur og húsnæðiskostnaður.

Leikskólastarfið

Leikskólinn Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á að efla kristið siðgæði og veita trúarlegt uppeldi sem byggir á gildum skólans um trú, von og kærleika. Þar fyrir utan tekur stefna og starfsemi leikskólans mið af aðalnámskrá leikskóla og þeim lögum og reglugerðum sem eiga við um börn og leikskólastigið. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin læri um náttúruna og að bera virðingu og umhyggju fyrir henni jafnt og öllu því sem Guð hefur skapað. Vináttan í viðum skilningi þess orðs er rauður þráður í starfi leikskólans og eitt af sérkennum hans. Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Unnið er að því að börnin beri umhyggju fyrir öðrum, fái svigrúm og leiðsögn til að mynda sterk tengsl og vináttu og tilheyrir leikskólasamfélaginu á eigin forsendum. Á Vinagarði er stöðugt unnið með umhverfisvitund enda er skólinn og leiksvæði hans sérstaklega vel úr garði gert fyrir slíkt starf og má segja að náttúran sé mikilvægur hluti af leikefni skólans. Kristin fræðsla skipar alltaf stóran þátt þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Farið er í heimsókn í Áskirkju bæði fyrir jól og páska þar sem starfsfólk kirkjunnar tekur einstaklega vel á móti hópnum. Börnin á Vinagarði taka þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur komi náunginn við. Heildstæðri endurskoðun á skólanámskrá leikskólans lauk á árinu 2024 en hún var gefin út í júní. Í framhaldinu verður hún innleidd í starf leikskólans



Afonso de Almedia Esteves



Agnes Eir Jónsdóttir



Anna Peta Guðmundsdóttir



Aurora de Jesus Almeida



Davíð Leví Magnússon



Erika Macková



Eva Dögg Sveinsdóttir



Freyja Hafþórsdóttir



Gerður Bolladóttir



Grumnesh Lechesa



Gyða Rut Armundsdóttir



Hildur Björk Svavarsdóttir



Hulda Björg Jónasdóttir



Ingibjörg Leifsdóttir



María Jónsdóttir



María Sigurðardóttir



Ragnhildur Gunnarsdóttir



Ricardo Sousa



Jana Guðrún Tinnudóttir Jahsara



Samúel Jóhann Nyman



Sara María Gunnarsdóttir



Sveinbjörg Björnsdóttir



Sæunn Tamar Ásgeirsdóttir



Una Tone Bjarnardóttir



Þorbjörg Björk Tómasdóttir

og innra mat auk þess sem hún verður kynnt foreldrum og öðrum áhugasömum um starf skólans. Læsisáætlun og Handbók um stuðning í leikskólastarfinu komu einnig út á árinu. Leikskólinn er þátttakandi í tveggja ára þróunarverkefni með Menntavísindasviði Háskóla Íslands um eflingu foreldra í uppeldishlutverki og hafa tveir kennarar frá Vinagarði sótt leiðbeinendanámskeið vegna foreldranámskeiða. Undanfarin ár hafa stjórnendur í Vinagarði gert gangskör að því að uppfæra og gera nýjar áætlanir um leikskólastarfið sem leikskólum er ætlað að hafa. Dæmi um útgáfur auk nýrrar skólanámskrár eru Áfallaáætlun, Handbók um snemmtæka íhlutun, Jafnréttisáætlun, Mat á námi og velferð barna, Fálíðunaráætlun, Starfsmannahandbók, Stefna Vinagarðs í eineltis-, áreitni og ofbeldismálum og Viðverustefna.

Nordplus verkefni

Vinagarður hlaut styrk til þátttöku í tveimur Nordplus verkefnum á árinu 2024. Annað verkefnið snýst um stuðning í leikskólastarfinu og eru samstarfsaðilar leikskólar frá Eistlandi og Litháen. Hitt verkefnið snýst um uppgötvunarnám og eru samstarfsaðilar leikskólar frá Noregi og Litháen. Leikskólarnir skiptast á fyrirmyndarverkefnum sem prófuð eru á víxl í



Þátttökuskólunum og tillögur að breytingum og aðlögunum skráðar. Einnig er leikskólastarf skoðað í þátttökulöndunum og nýjum hugmyndum miðlað. Það er mikilvægt fyrir kennara að taka þátt í þróunarverkefnum af þessu tagi til þess að halda við fagþekkingu og fá samannburð og speglun á eigið starf. Verkefnunum lýkur á Íslandi haustið 2025.

Mat á leikskólastarfi

Í Vinagərði fer sífellt fram mat á starfi skólans. Helstu niðurstöður innra mats árið 2024 voru eftirfarandi en nánar má lesa um niðurstöður innra mats í Starfsáætlun Vinagərðs 2024-2025 á heimasíðu leikskólans:

Stjórnun og faglegt samstarf:

Styrkleikar: Stefna og framtíðarsýn skólans er skýr og ánægja með nýja skólanámskrá. Starfsfólk upplifir faglega stjórnun og virka endurskoðun starfshátta.

Tækifæri til umbóta: Innleiða skólanámskrá af krafti, auka tíma fyrir faglegt samstarf allra, s.s. á deildarfundum. Gera verklagsreglur um ágreinings- og eineltismál.

Starfshættir og námsaðstæður:

Styrkleikar: Inni- og útisvæði skólans eru að taka hægum en öruggum breytingum sem ýta undir sjálfsprottinn leik barna. Dagskipulag gefur tækifæri á vali og óskum barna sem starfsfólk styður við. Starfsfólk sýnir umhyggju í samskiptum, virka hlustun og horfir til styrkleika barna. Börn upplifa að á þau sé hlustað.

Tækifæri til umbóta: Auka skilning barna á markmiðum leikskólastarfsins, innleiða Lausnahringinn sem leið til betri samskipta í barnahópnum.

Mannauður:

Styrkleikar: Sterkur kjarni kennara og starfsfólks, traustur stuðningur í starfi. Starfsfólki líður vel, er stolt af starfi sínu og upplifir faglegt skólastarf.

Tækifæri til umbóta: Auka tækifæri til samvinnu kennara og fleiri farvegi fyrir samstarf milli deilda. Hvetja til símenntunar.

Foreldrar og börn:

Styrkleikar: Foreldrar telja stjórnendur leggja rækt við samskipti við börn og foreldra. Foreldrar upplifa traust, jákvæðni og gleði frá starfsfólki.

Tækifæri til umbóta: Kynna nýjar áætlanir eins og læsisáætlun, mat á námi og velferð barna og handbók um stuðning fyrir foreldrum. Gera nýja heimasíðu sem bætir aðgengi að skjölum og upplýsingum um leikskólann.

Skipulag innra mats:

Styrkleikar: Matsteymi hefur endurskoðað langtímamatsáætlun á grunnni nýrra viðmiða sem tengjast nýrri skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta: Viðhalda áhuga matsteymis á verkefninu um innra mat og skapa tímamma fyrir innra mat.

Foreldrasamstarf og foreldrafélag

Haustfundur fyrir foreldra um áherslur starfsársins var haldinn í september. Deildarstjórar miðluðu upplýsingum til foreldra um starfið í gegnum upplýsingakerfið Völu í vikulegum fréttabréfum. Stjórnendur skólans senda einnig reglulega upplýsingapósta til foreldra auk þess sem lokaður hópur er á samfélagsmiðli fyrir tilkynningar og fleira sem tengist starfinu. Foreldrasamtöl eru árleg í febrúar og mars. Foreldrafélag er starfandi við skólann sem setur fram áhugaverða dagskrá fyrir starfsárið á hverju hausti. Viðburðir félagsins eru alltaf í samstarfi við leikskólann og hefur það



samstarf gengið vel. Haustferð í Vatnaskóg heppnaðist mjög vel að vanda og jólaball í desember var ágætlega sótt. Auk þess stendur foreldrafélagið fyrir ýmsum öðrum uppkomum í starfinu svo sem leiksýningu, páskaeggjaleit og vorhátíð, svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt fyrir leikskólastarfið að eiga öfluga foreldra sem styðja við starfið.

Lokaorð

Formleg menntun einstaklinga hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi, börnum skal veitt umhyggja, hollt og hvetjandi námsumhverfi og stuðlað að öryggi þeirra og vellíðan. Gildi og sýn Vinagərðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru góður grunnur fyrir leikskólastarf sem uppfyllir þær kröfur sem leikskólastigið gerir á framúrskarandi hátt. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki hans fyrir að sinna þessu mikilvæga starfi af fagmennsku og áhuga og fyrir að skapa börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.

HILMAR EINARSSON
RITARI STJÓRNAR



HULDA BJÖRG JÓNASDÓTTIR
LEIKSKÓLASTJÓRI



20. VINASETRIÐ Í KALDÁRSELI

Vinasetrið er samfélagslegt velferðarverkefni sem rekur helgardvöl fyrir börn í sumarbúðum KFUM og KFUK í Kaldárseli. Vinasetrið hefur verið starfrækt frá árinu 2012 fyrst í Ásbrú í Reykjanesbæ en hefur verið síðustu 7 ár í Kaldárseli í Hafnarfirði. Kaldársel (KFUM og KFUK) er eigandi Vinasetursins. Gildi Vinasetursins eru gleði, traust og nánd.

Börnin sem koma í helgardvöl í Vinasetrinu eru á aldrinum 6-15 ára en þeim skipti eftir aldri á helgarnar. Félagsþjónustur Sveitarfélaganna sækja um pláss fyrir börnin sem flest eiga það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðningsfjölskyldu. Það er greitt fyrir hvert barn sem samsvarar stuðningsforeldra launum.

Í dag starfa um 20 helgarstarfsmenn í Vinasetrinu auk framkvæmdaratjóra í fullu starfi. Í starfsmannahópnum er fólk með marvíslega menntun og reynslu en flestir starfsmenn eru með háskólamenntun í uppeldis, félags- og heilbrigðisvísindum. Lagt er áherslu á að starfsmenn séu með hreina sakaskrá og reynslu í að starfa með börnum sem glíma við félagslegar áskoranir. Á hverri helgi starfa um 6-7 manns í þétta starfsteymi. Á síðasta ári komu til okkar um 140 börn og er kynjahlutfallið nokkuð jafnt.



Við leggjum mikla áherslu á að Vinasetrið sé hlýlegur og vinalegur staður þar sem börn fá að njóta sín á eigin forsendum og þeim mætt þar sem þau eru stödd af hlýju og áhuga. Við viljum meina að Vinasetrið sé svolítið eins og að fara í stóran bústað með fullt af skemmtilegum og góðum vinum. Við erum ekki með stífa dagskrá en ákveðin ramma og rútinu og alltaf nóg að gera, hvort sem það er að föndra, listsköpun, leikur, útivist eða sundferðir.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri Vinasetursins frá því að Vinasetrið tók til starfa í Kaldárseli. Hún er löggiltur félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi. Hún hefur unnið með börnum og ungmennum með sérþarfir bæði innan skólakerfisins og í vistunar- og búsetuúrræðum í rúmlega 20 ár.





KFUM
KFUK

Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn! -segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)